



Gjörðabók byggingarnefndar 1898-1905

Aðfnr. 4629 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölum og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók

byggingarnefndar

1 8 9 8 - 1 9 0 5

.077.5:025.26 - .785.075.15

Aðfnr. 4629 A



Bygginganeftndarbók

7. maí 1898 — 1. júlí 1905

Bók þessi, sem er 304- Þrjú hundruð og fjór-
ar -tölusettar- blaðsíður að stærð, gegnumdregin og innsigluð
með innsigli suðuramtsins, löggildist hér með til að vera

Byggingarnefndarbók

fyrir

Reykjavíkur - kaupstað.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 17. mars 1898.

J. Havsteen.

Ár 1898, 7.maí, var fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Var Ástráði Hannessyni leyft að byggja hús á lóð hans við Lindargötu (Arnarholtslóð) 11x13 al. að stærð með skúr 4x5 al og salerni 2x4 al. að stærð. Húsið á að standa norðan við götuna í sönu setfnu og hús Árna á Tóttum.

2. Var eftir beiðni Guðmundar Mattiassonar gjörð sú breytting á útmælingu 9.nóv f.ár., að honum var leyft að gjöra húsið 10x11 al. og skúrinn 4x5 áln. að stærð.

3. Var Jóhannesi Sigurðssyni útvísad lóð við Lindargötu milli lóða Guðmundar Jóhannssonar og Sigurðar Jónssonar, 25 áln. meðfram götunni, og 14 1/2 al. norður frá henni, og leyft að byggja hús á lóðinni 10x11 al. að stærð með skúr 3x3 al. og salerni 2x2 al. Húsið á að standa í réttri stefnu eftir húsa-röðinni norðan við götuna.

4. Var Torfa Vigfússyni leyft að gjöra skúr 3 1/8x2 1/2 al. að stærð við hús það, er hann hefur byggt samkvæmt útmælingu 2. október f.á.

5. Var Magnúsi Marteinssyni leyft að byggja hús 7x9 al. að stærð með fordyraskúr 3x2 al. á lóð, sem hann hefur keypt af erfðafestulandi Egils Diðrikssonar í Skólavörðuholti.

6. Var Magnúsi Guðmundssyni útvísuð lóð sunnan við Laugaveg austan við lóð Páls Sigurðssonar, 25 al. með veginum og 36 al. suður frá honum, og leyft að byggja hús á lóðinni 10x14 al. að stærð með bakdyraskúr 3x4 al. og salerni 2x2 al. að stærð.

7. Var Finni Finnssyni útvísuð lóð 25 al. frá A - V og 45 al. frá N - S, í Skólavörðuholti fyrir austan lóð Sigurðar Jóhannessonar (Sjá útmælingu 2. okt. f.á.) og leyft að byggja hús á lóðinni 8x8 al. að stærð. með skúr 3x4 al.

8. Jakobínu Thorgrímsen var veitt lóðarviðbót, ræmu 29 1/2 x2 al. að stærð, sunnan við lóð hennar með því skilyrði, að hún setji trégirðingu á þeirri hlið lóðarinnar í staðinn fyrir steingirðingu þá, sem nú er þar.

9. Var Guðmundi Guðmundssyni leyft að gjöra skúr 6x3 1/2 al. að stærð, við hús það, er honum var leyft að byggja í félags-túni á fundi nefndarinnar 29.jan. þ.á.

10. Var Pétri Hjaltested leyft að gjöra útihús 6x10 al. að stærð sunnan við íbúðarhús hans við Laugaveg.

11. Var Eiríki Bjarnasyni leyft að gjöra útihús á lóð sinni við Vonarstræti 5x10 al. að stærð. Húsið á að standa á suðausturhorni lóðarinnar með eldtraustum gaflí og hlið þeim megin, sem veit að lóð Bjarnar Hjaltested.

Fleira var eigi gjört.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson. Fundi slitið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur
Halldór Danielsson. Helgi Helgason. Eiríkur Briem.

Sighvatur Bjarnason.

Ar 1898, 21.mai var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var samþykkt bygging á skúr er Árni Guðmundsson frá Bræraborg hefur reist við suðurgafl húss síns í Lindarbrekku. Skúrinn er 3 1/2x8 al. á stærð.

2. Þórði Magnússyni í Brekkuholti var leyft að gjöra skúr 3x2 áln. að stærð við suðurvegg bæjar síns.

3. Var Sigurði Þórólfssyni búfræðing leyft að byggja hús sunnanvert við Vesturgötu, fyrir vestan hús Þorsteinssonar járnsmiðs, á lóð ferálnir að stærð, er hann hefir keypt af túni Marteins skólastjóra Bjarnasonar. Vesturgafl hássins sé 5 al. frá stíg þeim, er leyfður er upp að hinum fyrirhugaða stýrimannaskóla. Húsið verður 12 1/2x10 1/2 al. að stærð, með bakskúr 8x3 al. að stærð.

4. Var samkvæmt beiðni Jóns Torfasonar í Hákonarbað gjörð sú breyting á útmæling hans 8.desbr. f.á., að hús það, er hann byggir á lóð sinni verður 11x12 al. í stað 10x12 al.- Eldtraustur gafl komi milli húss bessa og geymsluhúss Bjarna snikkara Jónssonar, ef geymsluhús þetta verður eigi flutt burtu samkvæmt sérstökum samningi milli þeirra Jóns.

5. Var Bjarna snikkara Jónssyni leyft að byggja hús í garðinum fyrir norðan smíðahús sitt í Grjóta-borpi. Húsið, sem verður 12x10 al. að stærð, snúi frá austri til vesturs og standi norðanvert við fyrirhugaða framlenging Bröttugötu.

6. Var Einari Jónssyni skósmið leyft að gjöra salerni, 1 1/2x1 1/2 al., fyrir norðan hús sitt á Vesturgötu nr. 30.

Fleira var eigi gjört.

Björn Guðmundsson var eigi á fundi og docent Eiríkur Briem var aðeins viðstaddir útmælingar náiðir 4. og 5.-

Fundi slitið.

Í fjærveru bæjarfógeta Jón Magnússon. Helgi Helgason. Sighvatur Bjarnason. Eiríkur Briem. Tr. Gunnarsson.

Ar 1898, hinn 4. júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Oddi Halldórssyni í Hallsbæ leyft að byggja skúr vestanvert við íbúðarhús sitt, jafn breiðan húsinu, 10 al., en 5 al. á lengd.

2. Var Þórði Ólafssyni á Vegamótum útvísuð lóð meðfram Laugavegi að norðanverðu, næst fyrir vestan lóð Jónasar rukkara Jónssonar. - Lóðin er 25 áln. á lengd meðfram veginum og jafnbreið öðrum lóðum er þar hafa verið útvísadár, um 40 al. Á lóðinni byggist tvíloftað hús, 12 al. á lengd og 11 al. á lengd, með skúr að norðanverðu, 4x3 al. að stærð.

3. Var Samúel Ólafssyni söðlasmið útvísuð lóð á sama stað, næst fyrir vestan lóð Þórðar Ólafssonar, 28 al. á lengd meðfram Laugavegi og jafnbreið öðrum lóðum þar. - Á lóðinni verður byggt tvílofta hús, 18x11 áln. að stærð, með skúr að norðanverðu, 4x3 al.

4. Var sama manni leyft að gjöra skúr við hús það, er hann nú á innar við Laugaveg. Skúrinn verði 3x3 al. og standi að norðanverðu við húsið.

5. Var Sigurði Jónssyni í Lindarbæ leyft að byggja skúr 3x3 al. að stærð, norðan við nýbyggt hús sitt við Lindargötu og ennfremur að byggja hjall, 6x4 al. að stærð, beint norðan af húsinu (á bak við það).

6. Var Benedikt S. Þórarinssyni leyft að byggja hús skúr, 3x4 al. fyrir norðan íbúðar- og verzlunarhús sitt við Laugaveg. Ennfremur var téðum Benedikt leyft að lengja téð hús um 11 al. til vesturs, en gamla húsið, er nú stendur þar sem viðbótin á að koma, flytjist norður fyrir nýja húsið. Viðbótin við húsið verður 12 al. á breidd og tvíloftuð.

7. Var Gunnari Björnssyni leyft að gjöra skúr, 7x5 1/2 al. að stærð að norðanverðu við hús sitt við Laugaveg.

8. Var Steindór snikkara Jónssyni útvísuð lóð á Skóla-vörðuholti norður af og á móti lóð Finns Finnssonar. Lóðin er 25 al. frá A - V. og 45 al. frá N. - S. . Var honum ennfremur leyft að byggja hús á lóðinni, 12x7 al. á stærð, með bakdyraskúr, 3x3 al. að stærð.

9. Var Sturla kaupmanni Jónssyni leyft að byggja lystihús, 4x3 1/2 al. að stærð, í garðinum við íbúðarhús sitt í Bankastræti.

10. Var Ák. Thomsen leyft að byggja fordyri, 2 1/2x2 1/2 al. á stærð, við myndaskúr þann, er hann hefur byggt í garðinum fyrir sunnan íbúðarhús sitt.

11. Var Guðrúnu Jónsdóttur (barnsmóður Árna Eyþórssonar) útvísuð lóð í Skuggahverfi á milli lóðar Ásgríms Gunnarssonar

og Magnúsar Vigfússonar. Lóðin er 30 al. frá A-V og 51 al. n-s.- Var henni ennfremur leyft að byggja hús á lóðinni, 8x8 al. að stærð, með bakdyraskúr, 4x3 al. að stærð.

Allir á fundi nema Tr.Gunnarsson.

Fundi slitið.

Í fjærveru bæjarfógeta, Jón Magnússon. Björn Guðmundsson. Sighvatur Bjarnason. Helgi Helgason. Eiríkur Briem var eigi við nr. 5 og nr. 10.

Ár 1898, þ. 18. júní var fundur haldinn í byggingarnefnd-inni.

1. Var Einari Árnasyni leyft að byggja útihús 9x4 al. að stærð í suðausturhorni á lóð sinni, þó svo að hann kæmi sér saman við lóðareigandann að sunnan og austanverðu um að mega byggja á lóðarmörkum, eða gjörði eldvarnargafli á helmingi á móti honum ef á þyrfti að halda.

2. Margréti Þorleiksdóttur var leyft að byggja salerni 1 1/4x1 3/4 al. að stærð bak við hús sitt við Kaplaskjólsveg.

3. Var Gunnari Einarssyni leyft að byggja hús 12x12 al. að stærð á lóð sinni við Kirkjustæti.

4. Var Sigurði Briem póstmeistara leyft að gjöra fordyri 7x9 al. að stærð við suðurgafli hins nýja pósthúss í Pósthússtræti til bráðabirgða, og sömuleiðis að flytja salerni, sem hefur staðið þar sem fordyrið á að standa, austur fyr leikfimishúsið.

5. Var Th. Thorsteinsen leyft að byggja lystihús 5x6 al. að stærð á lóð sinni nr. 3 við Vesturgötu.

6. Var Ólafi Magnússyni og Kristófer Sigurðssyni leyft að byggja smíðahús og smiðju 7x18 al að stærð við vesturendann á húsi þeirra við Skólavörðustíg.

7. Kristján Fjeldsted tilkynnir að hann hafi fengið/ afsalað Margrétu Þorleiksdóttur lóð við Bræðraborgarstíg, er hann fékk útmælda í 23/2. f. á.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson og Tryggvi Gunnarss.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Eiríkur Briem. Sighvatur Bjarnason.
Helgi Helgason.

Ár 1898, 2. júlí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Þorsteini Þorgilssyni mæld lóð og hússtæði við Laufásveg næst fyrir sunnan lóð Jóhanns Jónssonar. Lóðin er 25 al. meðfram veginum og 45 al. austur frá honum. Húsið á að vera 8 al. á hvern veg með bakhliðarskúr $2\frac{1}{2} \times 3$ al. að stærð.

2. Var Þorsteini Þorsteinssyni Lindargötu leyft að ~~bryggja~~ hús sitt (9 al. breitt) um 3 álnir til austurs og gjöra salerni norðan við það, 2×3 al. að stærð. Honum var og leyft að byggja fiskskúr á lóð við sjóinn fyrir norðan Bakkabúðarlóð, 8×10 al. að stærð, en flytja skal hann þenna skúr bur tu, þegar byggingarnefnd krefst þess.

3. Guðmundi Einarssyni var leyft að byggja skúr, 4×9 al. að stærð við austurgafl húss síns í Skólavörðuholti.

4. Var Grími Grímssyni leyft að gjöra hús sitt við Bergstaðastræti 2 al. lengra en áður var ákvæðið (12 al. í staðinn fyrir 10 al.).

5. Var Finni Finnssyni leyft að gjöra hús sitt í Skólavörðuhloti 1 al. lengra en áður var ákvæðið, (9 al. í staðinn fyrir 8 al.).

6. Var Guðrún Jónsdóttur leyft að gjöra hús sitt í Skuggahverfi, (sjá útmælingu 4. júní b.á.) 9×10 al. að stærð í stað 8×8 al.

Fleira var ekki gjört.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Helgi Helgason. Björn Guðmundsson.
Sighvatur Bjarnason. Eiríkur Briem. Tr. Gunnarsson.

Ar 1898, 16. júlí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Einari Árnasyni leyft að hafa útihús það, er hann ætlar að byggja samkvæmt útmælingu 18. f.m., 10x4 1/4 al. að stærð (í staðinn fyrir 9x4 al.).

2. Var Kristínu Sigurðardóttur leyft að byggja hús sitt í Fischerssundi um 7 al. til suðurs; húsið er 10 al. breitt. Með því að viðbót þássí verður aðeins 4 al. frá næstu lóð fyrir sunnan, var gjört að skilyrði, að beiðandinn annaðhvort fengi samþykki lóðareigandans (W.O.Breiðfjörð) til að byggja svo nærrí lóð hans, eða gjörði eldvarnargafl að öðrum kosti þeim megin sem suður veit.

3. Var eiganda bökunarhússins í Austurstræti, B.Mims & Sön leyft að byggja skúr 4x4 1/4 al. að stærð vestan við bökunarhúsið.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Eiríkur Briem. Sighvatur Bjarnason.
Tr.Gunnarsson. Helgi Helgi Helgason.

Ár 1898, þ.6. ágúst var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Gunnari Gunnarssyni leyft að gjöra hús það, er ræðir um í útmælingu 18. f.m. tölu. 3., 21.al. á lengd í staðinn fyrir 12 áln. og gjöra skúr við suðurhlíð hess, 3x4 áln. að stærð. Horn hússins milli Kirkjustrætis og Tjarnargötu á að vera sneitt og húsið að standa í réttri stefnu við húsin í báðum hinum nefndu götum. Áður en hús hætta verður byggt, verður gamla húsið á lóðinni ásamt útihúsi rifið niður.

2. Var leyft að gjöra salerni við latinuskólann 4x9 al. að stærð.

3. Var Sigurjóni Sigurðssyni leyft að stækka skúr við hús sitt í Ingólfsstræti um 6 1/2x4 1/2 al.-

4. Var Guðjóni Helgasyni leyft að gjöra skúr í landsuðurhorninu á matjurtagarðinum við hús sitt nr. 32 á Laugavegi 4x6 al. að stærð, en áskilið að skúrinн standi 5 al. frá lóð-armörkum að austan.

5. Var Valdemar Ottesen leyft að stækka skúr við hús sitt á Laugavegi um 6x4 al.-

6. Hús Sveins Jónssonar, er meld var lóð undir 2/10.f.á. og 2/4.þ.á. var honum leyft að hafa 11x18 áln. Í (staðinn fyrir 12x18 áln.) að stærð.

7. Í horninunu milli Vonarstrætis og Lækjargötu að sunnanverðu var Elínu Eggertsdóttur, Fr.Briem og H.Gísladóttur leyft að byggja hús á lóð, sem Hjörtur Hjartarson fékk útmælda 20. febr. 1892 og hefur afsalað beiðendum, og er 30x30 áln. að stærð. Húsið á að standa í réttri stefnu við iðnaðarmanna-húsið og húsin í Lækjargötu og norður frá norðausturhorn hess nokkuð þrengra en rétt horn. Aðalhlíð hess á að snúa að Lækjargötu, verður 29 1/2 al. á lengd, með framskoti í miðju 12 1/2 al. á lengd og 3 áln. á breidd, en til endanna er breidd hússins 18 áln. Viðbót sunnan við lóðina var beiðendum ennfremur veitt 15 áln. meðfram Lækjargötu og 30 álir vestur eftir, jafnlangt og hin eldri lóð mær.

Allir á fundi, nema Björn Guðmundsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Eiríkur Briem. Tr.Gunnarsson.
Sighvatur Bjarnason. Helgi Helgason.

Ár 1898, þ. 3.sept. var fundur haldinn í byggingarnefnd-inni.

1. Var H.Andersen leyft að byggja útihús 17x7 al. að stærð á lóð sinni í Aðalstræti.

2. Var íshúsfélaginu leyft að byggja skúr vestan við íshúsið 12 1/6x3 áln. að stærð.

3. Var Erlindi Magnússyni leyft að byggja geymsluhús á lóð sinni við Þingholtsstræti, 5 1/4x4 álnir að stærð.

4. Var Jóni landritara Magnússyni útvísad hússtæði í Skálholtskotstúni, á lóð sem hann hefur keypt af lóðareigendunum. Á húsið að vera 18x14 al. að stærð og standa austanvert við væntanlegt framhald Þingholtsstrætis suður eftir og í sömu röð eins og húsin austan við lá götu. Byggingarnefnd áskilur sér að ákveða nánar hússtæðið, þegar afráðið er, hvort gata skuli lögð eftir lóðinni frá austri til vesturs.

5. Var Sveinbirni Stefnanssyni meld lóð norðan við Skóla-vörðustig austan við lóð Sigurðar Þórðarsonar 25 al. meðfram götunni og 30 álnir norður frá henni í ferhyrning. Hús var honum leyft að byggja á lóðinni 10x10 áln. að stærð með skúr 3x3 áln. og salerni 2x2 áln. að stærð. Húsið snýr hlið að götunni og standi í sömu stefnu og afstöðu við hana, sem hús Sigurðar Þórðarsonar.

6. Var Steingrími Guðmundssyni leyft að gjöra útbyggingu við austurgafl á húsi sínu við Laugaveg til inngangs og forstofu, 4x5 al. að stærð, og nái bygging þessi upp úr jafnhátt og húsið, og með því að hún er á lóðarmörkum að austanverðu, er leyfið veitt með þeim fyrirvara, að eigi sé gengið á rétt nágrenna þeim megin.

7. Skúr, sem Valdemar Ottesen var leyft að byggja, 4x5 áln. að stærð, á fundi 6. f.m., var nú samþykkt að hann mætti gjöra 6 1/2 x 7 3/4 al.

8. Sigurði Péturssyni var leyft að gjöra útihús 6x7 áln. að stærð, á lóð sinni við Laugaveg.

9. Arinbi ni Sveinbjarnarsyni var leyft að gjöra salerni 3x1 1/2 al. að stærð á lóð sinni við Laugaveg.

10. Var Árna Nikulássyni leyft að byggja geymsluhús 5x9 áln. að stærð á lóð hans í Skuggahverfi.

11. Var Jóni Ólafssyni á Helgastöðum leyft að gjöra fjós og heyhús á lóð sinni, 7x7 áln. að stærð.

Allir á fundi nema Helgi Helgason og Eiríkur Briem(veikur).
Fundí slitið.

Ár 1898, 10. sept. var fundur haldinn í byggingarnefndinni til að ákveða stefnu tveggja vega.

1. Þvergata milli Þingholtsstrætis og Bergstaðastrætis. Vegnum þessi á að byggjast fyrir sunnan lóð Jóns Jenssonar yfir ðómara, þannig að suðurbrún hans við Þingholtsstræti verður 6 álnum sunnar en lóðarmörkin, og þaðan beint austur að Bergstaðastræti eins og sjónhending reður eftir norðurgaflinum á þeim Litlabergi í útnorðurhornið á húsinum "Bjargarsteinn" við Bergstaðastræti.

2. Þvergata milli Laugavegs og Skólavörðustigs. Gata þessi á að liggja frá Laugavegi fyrir vestan hús þorsteins Narfasonar og hús Guðmundar Guðmundssonar bar fyrir sunnam og beint eins og húsgaflarnir stefna upp á Skólavörðustig.

Byggingarnefndin lætur afmarka þessa vegi eins og nauðsynlegt bykir.

Allir á fundi nema Eiríkur Briem og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Helgi Helgason. Halldór Danielsson. Sighvatur Bjarnason. Björn Guðmundsson.

Ár 1898, 19.september var fundur haldinn í byggingarnefnd-inni.

1. Var Gunnari Einarssyni leyft að byggja skúr $3 \times 3 \frac{1}{2}$ al. að stærð við bakdyr á húsi hans í Kirkjustræti.

2. Var Jóni Torfasyni leyft að gjöra salerni á lóð sinni í Mjóstræti, $1 \frac{5}{8} \times 2$ álnir að stærð.

3. Var Guðjóni S. Jónssyni leyft að lengja ~~byggja~~/hús sitt við Norðurstíg um 3 áln. til austurs á útvísadri lóð. Húsið er 7 áln. á breidd.

4. Nielsi Pálssyni var leyft að gjöra heyskúr sunnan við hús sitt í Nýlendugötu 3×11 áln. að stærð.

5. Var Jóhannesi Péturssyni leyft að gjöra útihús $9 \frac{3}{4} \times 5 \frac{1}{4}$ al. að stærð á lóð sinni við Kaplaskjólsveg.

6. Var Gísla Jónssyni Selsholti leyft að gjöra skúr við bæ sinn $7 \frac{1}{4} \times 3 \frac{1}{4}$ al. að stærð; jafnframt hefur hjallur 3×4 áln. að stærð, verið rifinn niður á þessari lóð.

7. Var Þorbergi Eiríkssyni útvísuð lóð vestan við Bræðraborgarstíg 20×26 áln. að stærð, og leyft að byggja hús á lóðinni 10×12 álnir að stærð. -

8. Var Gunnlaugi Péturssyni leyft að lengja hús sitt við Frammnesveg um 5 áln.; húsið er 8 álna breitt.-

9. Voru mæld hús stýrimannaskólans, sem nefndin hefur áður leyft að byggja á lóð heirri, sem keypt hefur verið handa skólanum syðst í Hlíðarhúsablettinum nr. 3, og set er 4627 fer-álnir að stærð. Skólahúsið er 13×25 áln. að stærð, með útskoti að norðan verðu $2 \times 5 \frac{1}{2}$ al. og að sunnanverðu $3 \frac{5}{8} \times 3 \frac{5}{8}$ að stærð. Útihús fyrir austan skólahúsið er 8×9 áln. að stærð. Á lóð skólans austanverðri var ennfremur Markúsi Bjarnasyni leyft að byggja fjós og heyhús 12×10 al. að stærð.

Allir á fundi nema Eiríkur Briem og Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Björn Gunnlaugsson. Sighvatur Bjarnason. Tryggvi Gunnarsson.

Ár 1898, 1. október var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var leyft að stækka skúr við eldhúsdyr prestaskólans, þannig að hann verði 4 ferálnum stærri.

2. Var Einari Ingimundarsyni leyft að byggja hús syðst á lóð sinni við Laufásveg 10 al. breitt og 8 al. langt með úti-dyraskúr 3x3 áln. að stærð, með eldvarnargafli að sunnanverðu, sem hann kosti að hálfu leyti móti nágranna sínum, að sunnan-verðu, Halldóri Högnasyni.

3. Var nefndum Halldóri Högnasyni, sem hefur keypt bæ og lóð Ingibjargar Sigurðardóttur í Skálholtskoti, leyft að byggja hús 10 al. breitt og 8 al. lamgt áfast við hús Einars Ingimundarsonar með eldvarnargafli á milli, sem hann kosti að hálfu leyfti.

Hús þessi (2. og 3.) eiga að standa í sömu stefnu og hús Ólafs Ólafssonar bæjarfulltrúa.

4. Var Jóhannesi Pálssyni leyft að gjöra skúr við bæ sinn, Klapparholt, 4 1/2x3 3/4 al. að stærð.

5. Var Sigurði Benedikssyni í Geysi leyft að gjöra skúr við Klapparvör 6 3/4x3 3/4 al. að stærð.

6. Var Jóel Þorleifssyni leyft að byggja hús við Skóla-vörðustíg á lóð 900 ferálnir að stærð, sem hann hefur keypt af Magnúsi Magnússyni. Á húsið að vera 10x12 áln. að stærð með skúr 3x3 áln. og salerni 2x2 al. að stærð, og standa í Sömu stefnu sem hús Sigurðar Þórðarsonar og Þorbjargar Sveins-dóttur.

7. Var Benedikt sótara Jónssyni leyft að gjöra skúr 3x3 áln. og salerni 1 3/4x1 3/4 al. að stærð við hús sitt í Skóla-vörðuholti.

8. Var Jóni Oddssyni leyft að gjöra hús það, er honum var útvísað 2. október 1892, 1. al. mjórra (7x9 fyrir 8x9 al.)

9. Var mælt geymsluhússtæði handa Pétri Hjaltested á lóð hans við Laugaveg 4 1/2x10 og salerni 2 1/2x2 al. að stærð.

10. Var Bened. S. Þórarinssyni mældur skúr við hús hans við Laugaveg 2x3 áln. og salerni 2x1 1/2 al. að stærð.

11. Var Hermanni Guðmundssyni mældur skúr 4x10 áln. að stærð og viðbót vestan við lóð hans 2lx9 al. að stærð.

12. Var Hans Jónssyni (Jóni Hanssyni) leyft að byggja skúr 3x4 áln. að stærð við hús hans við Klapparstíg.

13. Var Ólafi Þórðarsyni útvísuð lóð sunnan við götu þá, sem á að byggja eftir Skuggahverfi frá A-V.; liggar lóðin

næst fyrir austan lóð Jóns Jónssonar og er að stærð 25 áln.
frá A-V., og 50 áln. frá N-S. Á lóðinni er beiðandanum leyft
að byggja hús 8x12 al. að stærð með skúr 3x3 áln.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Björn Guðmundsson. Eiríkur Briem.
Sighvatur Bjarnason. Tr.Gunnarsson. Helgi Helgason.

Ár 1898, 15. október var fundur haldinn í byggingarmefndinni.

1. Var Þeim R. Andersen og Jóni Brynjólfssyni leyft að gjöra salerni 6x2 áln. að stærð, bæði við hús þeirra í Hafnarstræti með eldvarnargrafli Þeim megin, sem veit að húsi Ólafs Sveinssonar, ef ekki verða 10 áln. á milli.

2. Var Eyjólf fi Porkelssyni leyft að hækka austurendann á húsi sínu með því skilyrði að hann jafnframt hækkaði eldvarnargrafli austan við húsið þannig, að hann yrði 6 þumli. hærri en þakið á viðbótinni.

3. Leyft að byggja skúr sunnan við iðnaðarmannahúsið 4x5 áln. að stærð.

4. Jóni Tómassyni leyft að gjöra útidyraskúr við hús sitt á Grímsstaðaholti 2 1/2 x 2 1/2 al. að stærð.

5. Var Hannesi Erlindssyni leyft að byggja hús 9 al. langt 10 al. breitt á melnum fyrir vestan erfðafestuland hans (Melblett) og á húsið að standa í sömu beinu línu eins og hús Thomsens verzlunar (áður Einars Bjarnasonar) þar norður undan. Við húsið var mældur útidyraskúr 3x3 áln. að stærð.

6. Var Ingimundi Þórðarsyni á Reynistað leyft að byggja skúr vestan við hús sitt 9x3 áln. að stærð í staðinn fyrir minni skúr, sem hann rifur um leið, 2 1/2x2 1/2 al. að stærð.

7. Var Jóni Egvindssyni leyft að byggja hús á lóð, sem hann hefur keypt við Vesturgötu (af Hlíðarhúsabletti nr. 3,), og er sú lóð 1000 ferálnir að stærð. Húsið á að vera 14 al. langt 12 al. breitt með bakdyraskúr 3x3 áln. að stærð og standi eins og húsa stefnan reður sunnan við Vesturgötu, þannig að 16 áln. séu á milli þess og hússins næst fyrir austan (Sigurðar Þórólfssonar). Salerni var einnig mælt á lóðinni sunnan við húsið 2x2 áln. að stærð.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson og Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Tryggvi Gunnarsson. Sighvatur Bjarnason. Eiríkur Briem.

Ár 1898, þ. 5. nóvember var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Gunnari Einarssyni leyft að byggja salerni á lóð sinni í Kirkjustræti 6x2 1/2 al. að stærð.
2. Var H.Th.A.Thomsen leyft að byggja salerni 2x2 al. að stærð vestur horn húss hans í Bergstaðastræti (Bjargarsteini) og áfast við húsið að vestanverðu.
3. Var Þorgrími Jónssyni söðlasmið leyft að byggja smíðahús á lóð sinni við Ingólfssstræti 8x6 áln. að stærð.
4. Var Guðsteini Einarssyni útvísuð lóð vestan við væntanlegt framhald Bergstaðastrætis næst fyrir sunnan lóð Gríms Grímssonar. Lóðin er 25 al. meðfram hinni væntanlegu götu og 45 al. breið vestur á við. Á lóðinni var honum leyft að byggja hús í sömu stefnu sem hús Gríms, 9x10 áln. að stærð með 2x3 al. stórum útidyraskúr.
5. Var Grími Grímssyni veitt viðbót sunnan við lóð hans við framhald Bergstaðastrætis 10x48 al. að stærð.
6. Var Eyvindi Árnasyni leyft að byggja hús á lóð, sem hann hefur keypt af erfðafestulandinu Utnorðurbletti og liggur vestan við Laufásveg og er 33x25 al. að stærð. Húsið á að standa andspænis húsi Þorv. Thoroddsen, þannig að 16 al. séu á milli, og á að vera 23 áln. á lengd en 13 áln. á breidd með skúr við gaflinn, sneturlega gerðan, 4x2 al. að stærð.
7. Var Halldóri Högnasyni leyft að byggja hús á lóð sinni vestan við Laufásveg 9x10 áln. að stærð með 3x3 al. stórum útidyraskúr. Jafnframt afsalar hann sér útmælingu, sem honum var veitt 31. f.m.
8. Var Guðmundi Björnssyni útvísuð lóð austan við Bergstaðastræti, næst fyrir sunnan lóð Páls Ólafssonar, bó hannig að 10 al. breitt bil sé á milli lóðanna, sem ætlað er undir veg. Hin útvísaða lóð er 25 al. meðfram götunni og 37 1/2 al. austur frá henni. Á lóðinni var leyft að byggja hús 10x12 al. að stærð með útidyraskúr 3x4 al.
9. Næst fyrir sunnan síðasttalda lóð var Kristjáni Teits-syni útvísað lóð með sömu stærð og lögun 25x37 1/2 al., og leyft að byggja hús á lóðinni 10x12 al. að stærð með skúr 4x4 al. stórum.
10. Þá var næst þar fyrir sunnan Guðmundi Pálssyni útvísuð lóð jafn stór 25x37 1/2 al. og eins í lögun sem 2 næst áður talðar lóðir og leyft að byggja á henni hús 10x10 al. að stærð með skúr 3x3 al. stórum.
11. Næst fyrir sunnan var enn Árna Árnasyni útvísuð lóð jafnstór 25x37 1/2 al. og eins í lögun sem næsta lóð á undan,

og leyft að byggja hús á lóðinni 9x9 al. að stærð, með skúr 3x3 al. stórum.

12. Þá var lækninum Guðmundi Sigurðssyni útvísuð lóð næst fyrir sunnan lóð Árna Árnasonar og jafnstór 25x37 1/2 al. og eins í lögum og leyft að byggja á henni hús 8x8 al. að stærð með skúr 3x3 al. stórum.

13. Var Guðmundi Jakobssyni leyft að byggja hús á lóð sinni austan við Bingholtsstræti fyrir norðan sjúkrahúsið. Á hús þetta að vera 16x12 al. á stærð með skúr 3 1/4x5 al. stórum.

14. Var Matthiasi Matthiassyni leyft að byggja skúr við útidyr á húsi sínu við Skólavörðustíg, 3 1/2x2 1/2 al. að stærð.

15. Var Sigurði Jónssyni útvísuð lóð sunnan við Hverfisgötu næst fyrir austan lóð Ólafs Þorvarðarsonar (sjá fund 1. f.m.). Er lóðin 25 áinir meðfram götunni en 50 al. suður frá henni. Þar var honum leyft að byggja hús, 9x10 al. að stærð með 3x3 al. stórum útidyraskúr.

16. Var Jóhanni Guðmundssyni leyft að byggja hús á lóð sinni í horninu miili Vatnsstígs og Hverfisgötu 9x10 al. að stærð með 3x3 al. stórum útidyraskúr. Húsið snúi gafli að Hverfisgötu en hlið að Vatnsstíg, þannig að stefnan verði rétt með báðum götunum, þó að húsið við það verði nokkuð horn-skakkt.

17. Var Guðriði Tómasdóttur mæld viðbót við lóð hennar við Laufásveg 9x12 al. að stærð.

Allir á fundi nema Sighvatur Bjarnason og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Björn Guðmundsson. Eiríkur Briem.
Helgi Helgason.

Ar 1898, f. 19. nóvember var fundur haldinn í byggingar-nefndinni.

1. Var Einari Benediktssyni (Jóni Árnasyni) leyft að byggja salerni 3x2 al. að stærð við hús það, sem hann býr í á norðanverðri Glasgow-lóð við Vesturgötu. Salernið á að vera áfast við bakdyraskúr hússins að sunnanverðu.
2. Var Þórði Magnússyni í Brekkuholti leyft að byggja salerni við bæ sinn 1x1 1/2 al. að stærð.
3. Var Sveini Árnasyni leyft að byggja geymsluhús syðst á lóð sinni við Vesturgötu, 6x8 al. að stærð.
4. Sama manni var útvísað stakkstæði austan við Brunnstíg í Hlíðarhúsamýri 24x27 al. að stærð, með venjulegum fyrirvara, að hann skyldi lóðinni endurgjaldslaust, þegar bess verður krafist í bæjarins þarfir eða til húsbygginga.
5. Með sama fyrirvara var Símoni Ólafssyni útvísað stakkstæði í Hlíðarhúsamýri næst fyrir austan Stakkstæði Sveins Árnasonar 30x24 al. að stærð.
6. Með sama fyrirvara var Jóni Eyjólfssyni útvísað stakkstæði í Hlíðarhúsamýri næst fyrir austan stakkstæði Símonar Ólafssonar 30x24 al. að stærð.

Allir á fundi nema Eiríkur Briem og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Björn Guðmundsson. H. Helgason.
Sighvatur Bjarnason.

Ár 1898, þann 6. desember var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Jóni Guðmundssyni leyft að byggja hesthús á erfðafestulandi hans á Fúlutjörn 15x5 al. að stærð.

2. Var Samúel Guðmundssyni útvísuð lóð sunnan við Laugaveg fyrir austan lóð Magnúsar Guðnasonar, 25x36 al. að wtærð, og leyft að byggja hús á lóðinni 10x10 al. að stærð með skúr 3x4 al.

3. Var Benedikt S. Þórarinssyni leyft að gjöra skúr norðan við geymsluhús á lóð sinni 4x5 al. að stærð.

4. Var Birni Guðnasyni útvísuð lóð norðan við Hverfisgötu 25x40 al. að stærð, og leyft að byggja hús á lóðinni 9x10 al. að stærð, með skúr 3x4 al.

5. Milli áðurgrein rar lóðar og Vatnsstígs var Ólafi Ólafssyni útvísuð lóð 25x40 al. að stærð og leyft að byggja á henni hús 10x9 al. að stærð með skúr 3x4 álnir.

6. Var Jóni Þórarinssyni frá Sauðagerði útvísuð lóð vestan við Laufásveg sunnan við lóð Magnúsar Pálssonar, 25x35 al. að stærð, og leyft að byggja þar hús 9x10 al. að stærð með 5x5 al. stórum skúr.

7. Var Hannesi Hannessyni útvísuð lóð austan við Bergstaðastræti suður frá lóð Sigurðar Sigurðssonar, 25x41 1/2 al. að stærð, og leyft að byggja þar hús 10x10 al. stórt, með skúr 3x4 al. (Þessi lóð afsöluð Pétri Ólafssyni).

8. Var Einari Árnasyni útvísað lóð austan við Bergstaðastræti, þannig að 10 al. breitt bil verði milli lóðar hans og lóðar Guðmundar Sigurðssonar (sjá fund 5.f.m.). Lóðin er 25 al. með götunni og 37 1/2 al. austur frá henni, og var beiðandanum leyft að byggja þar hús 8x9 al. að stærð með skúr 3x4 al.

9. Var Jóni Valdasyni Skálabæ leyft að hækka hús sitt þar, og flytja til skúr á lóð sinni.

Allir á fundi nema Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Helgi Helgason. Björn Guðmundsson.
Eiríkur Briem. Sighvatur Bjarnason.

Ár 1899, 7. janúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Gauldæs Bailleau barón frá Hvítárvöllum (Hvitár-völlum) leyft að byggja hús norðan við vœtanlegt ffamhald Hverfisgötu 12 al. fyrir vestan girðingu Elsumýrarblettar. Hús þetta á að vera 24 al. x 48 al. að stærð og á að nota það fyrir fjós og heyhlöðu. Leyft var að húsið snúi gafli (24 al. hliðinni) að götunni og standi í 10 al. fjarlægð frá henni, bó með því skilyrði að trégirðing að minnsta kosti 3 al. há, væri sett meðfram götunni mitt á milli hennar og hússins. Byggingarnefndin samþykkti einnig, að þáðandinn fengi útvísada lóð 20 al. vestur frá húsinu svo og lóðina fyrir norðan það til sjávar, þó svo að neígilega breið rœma verði með sjónum undir veg. Hin útvísada lóð, sem afhendist gegn venjulegu lóðargjaldi takmarkast að austan af vegi, sem bæjarstjórnin hefur leyft beiðandanum að leggja vestanvert við Elsumýrablett frá Laugavegi til sjávar, og að vestan af Bakhúsatúnsvelli nyrzt og úr því af beinni línu 20 al. fyrir vestan húsið. Nefndin áskilur að bera þessa útmælingu undir bæjarstjórnina.

2. Var Sveini Jónssyni leyft að gjöra skúr norðan við hús hans við Laugaveg, 4x4 al. að stærð.

3. Var samþykkt að Daniel Guðmundsson metti gjöra hús það, er honum var leyft að byggja 6. mars 1897 ~~xx~~ 1 al. breiðara en þá var ákveðið, eða 9x9 al. í staðinn fyrir 8x9 al. Svo var honum og leyft að gjöra skúr við húsið 3x3 al. að stærð og salerni 1 1/2x1 1/2 al..

Allir á fundi nema Sighvatur Þjarnason og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Eiríkur Briem. Björn Guðmundsson.
Helgi Helgason.

Ár 1899, 4. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Þórhildi Þálsdóttur útvísad lóð sunnan við Laugaveg fyrir austan lóð Samúels Guðmundssonar (sjá fund 6. des. f.á.), 25 al. með götunni og 36 áln. suður frá henni. Á lóðinni var henni leyft að byggja hús tvíloftað 10x12 al. að stærð með skúr við suðurhlið 4x4 áln. að stærð og salerni 2x1 1/2 al.

2. Austan við lóð Þórhildar var Jóni Bjarnasyni útvísuð lóð 25 al. með götunni og 36 al. suður frá henni, og leyft að byggja tvíloftað hús á loðinni 10x12 al. að stærð með skúr 4x4 áln. við suðurhlið og salerni 2x2 al. að stærð.

3. Var Júl. Schou leyft að byggja útihús á lóð hans sunnan við íbúðarhúsið við Laugaveg 4x9 al. að stærð.

4. Var Sigurjóni Guðmundssyni, sem hefur eignað lóð lá og hússtæði, er Einari Einarssyni var útvísuð við Hverfisgötu 2. október 1897, leyft að gjöra skúr við hús það, er hann setlar að byggja á loðinni 2x4 al. að stærð.

5. Var Guðmundi Guðmundssyni leyft að hafa hús það, er hann setlar að byggja á lóð sinni við Bergstaðastræti 1 al. mjórri en áður ákveðið, bannig að það værdi 9x10 al. að stærð og byggja skúr við norðurgaflinn 4x2 al. að stærð.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson, Helgi Helgason og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Sighvatur Bjarnason. Eiríkur Brim. Ofanrituðu er ég samþykkur, Tryggvi Gunnarsson.

Ár 1899, 18. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Ásgeiri Sigurðssyni útvísað hússtærði á lóð, er hann hefur keypt af Biskupsstofutúni (Hólakotstúni) við Suðurgötu sunnan við lóð Andrésar Andréssonar, og er 42 áln. með götunni og 75 áln. vestur frá henni. Húsið á að vera 16x16 al. að stærð með skúr á bak við 3x4 áln. og fordyri 2x3 al. að stærð. Stefna hússins á að vera eins og stefna Suðurgötu og á það að vera jafnlangt frá henni eins og húsin þar fyrir norðan.

2. Var Jul. Schou leyft að byggja hús 12 1/4x11 al. að stærð á lóð hans við sjóinn fyrir norðan Vesturgötu.

3. Var Bergi Jónssyni veitt viðbót við lóð hans nr. 44 á Vesturgötu, ræmu austan við lóðina 10 al. frá A-V og 31 1/2 frá N-S. -

4. Var Sigurði Sigurðssyni og Árna Guðmundssyni leyft leyft að byggja hús á lóð þeirra við Bræðraborgarstíg 10x10 al. með skúr 3x3 al. að stærð. Lóð þessa hafa beiðendurnir að undanförfnu haft til afnota gegn venjulegu lóðargjaldi, en með þeim skilmála að láta hana af hendi endurgjaldslaust til hússtæðis, ef á þyrfti að halda. Nú fellur sá fyrirvari burtu, ef beiðendurnir byggja á lóðinni samkvæmt þessari útvísun innan lögákveðins tíma, þó var áskilið að ræma af lóðinni, sem verður milli hússins og götunnar félli aftur til bæjarins án endurgjalds til afnota undir væntanlega gangstétt eða breikkuð götunnar. Ræma þessi er 23 1/2x3 1/2 al. að stærð.

5. Var Jóni Oddssyni í Litlabæ við Bræðraborgarstíg leyft að stækka skúr við hús sitt um 4x1 3/4 al.

6. Á lóð, sem Finnur Finnsson skipstjóri hefur keypt sunnan við Vesturgötu af Hlíðarhúsabletti nr. 4, og er 30x30 al. að stærð, var honum leyft að byggja hús 12x14 al. að stærð með skúr 4x4 al.

7. Var Guðna Eyjólfssyni leyft að gjöra skúr 2x3 al. að stærð við hús, sem hann hefur fengið útmælingu fyrir á Sels-holti.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson, (veikur) og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Sighvatur Bjarhason. Eiríkur Briem.
Helgi Helgason.

Ár 1899, þ. 4. mars var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Jóhannesi Jónssyni útvísuð lóð sunnan við Laugaveg næst fyrir austan lóð Jóns Bjarnasonar (sjá fund 4. f.m.), 25x36 al. að stærð og leyft að byggja hús á lóðinni 10x13 al. að stærð með skúr við bakdýr 4x4 al. og salerni 2x2 al. að stærð, áföstu við húsið að sunnanverðu.

2. Var Sveini Jónssyni útvísuð lóð sunnan við Laugaveg næst fyrir austan lóð Jóhannesar Jónssonar 25x36 al. að stærð og leyft að byggja hús á lóðinni 10x12 al. að stærð með skúr 3x3 al. við bakdýr og salerni 2x2 al. áfast við suðurhlíð.

3. Var Daniel Fjeldsted leyft að byggja hús 8x9 al. að stærð með útgönguskúr 3x4 áln. á lóð hans í Skuggahverfi "Veghúsalóð".

4. Var Magnúsi Benediktssyni útvísuð lóð norðan við Hverfisgötu næst fyrir austan lóð Björns Guðnasonar (sjá fund 6. des. f.á.) 25 al. meðfram götunni og 40 al. norður frá henni, og leyft að byggja hús á lóðinni 8x9 al. að stærð með útidyra-skúr 3x3 áln.

5. Var Torfhildi Hólm leyft að stækka skúr sunnan við hús sitt við Laugaveg um 2x3 al.

6. Var Jóni Guðmundssyni leyft að byggja hús vestan við Þingholtsstræti á lóð 320 ferálnir að stærð, sem hann hefur keypt af Guðmundi Jakobssyni (sjá fund 29. jan. f.á.). Húsið á að vera 9x12 1/2 al. að stærð með óbrotnu þaki, og er eigandinn skyldur til að byggja eldvarnargafafl á móti lóðareigandanum að sunnan, ef til kemur, með hví að húsið verður heim megin á lóðarmörkum.

Allir á Fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Björn Guðmundsson. Eiríkur Briem.
Tr. Gunnarsson. Helgi Helgason. Sighvatur Bjarnason.

Ar 1899, þ. 18. marz var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Formaður lagði fram bréf amtsins, dags. 11. þ.m. á-samt kæru frá Jóni Guðmundssyni yfir því, að byggingarnefnd hafi sett upp það skilyrði við útmælingu handa kærandanum á hússtæði í Þingholtsstræti 4.þ.m., að húsið yrði eigi með brotnu þaki, en sú ákvörðun telur kærandinn að verði sér mikill kostnaðarauki með því hann hafi begar keypt húsgrindina tilhöggsna með brotnu þaki. Beiðist amtið umsagnar byggingar nefndar um kæru þessa, og ákvað nefndin að svara, að hún sæi sér ekki fært að breyta, eða fella burtu áminnzt skilyrði af þeim ástæðum 1.) að húsið, eftir þeim uppdrætti sem kærandinn sýndi nefndinni, mundi verða mjög ófagurt útlits, allólikt öðrum húsum þar í nánd, og því til stórlýta í götunni; 2.) að byggingarnefndin hefur sýnt kjærandanum fram á, og hann fallizt á, að það mundi verða mjög lítill kostnaðarauki fyrir hann að breyta húsgrindinni í venjulegt tvíloftað hús, og að húsið við þá breytingu mundi verða tölувert meiri eign, enda samþykkti kærandinn að haga sér eftir fyrirmælum nefndarinnar í þessu efnin; 3.) að þó að menn hafi keytt tilbúnar húsgrindur eða hús, getur byggingarnefndin ekki álið sér skyld að samþykkja, að þau verði sett niður óbreytt hvar sem er við götur bæjarins án tillits til þess, hvort þau verða til óprýði á þeim stað eða ekki.

2. Var Jóni Árnasyni útvísad hússtæði á lóð, 1000 feráln. að stærð, er hann hefur keypt sunnan við Vesturgötu í Hlíðarhúsabletti nr. 3. Húsið á að vera 12x14 al. að stærð með skúr við suðurhlíð 4x4 al. Það á að standa 3 áln. frá austur-mörkum lóðarinnar með samþykki lóðareiganda næst fyrir austam.

3. Bjarni Jónsson afsalaði sér útmælingu 21. maí f.á. á hússtæði á lóð sinni við Garðastræti.

Allir á fundi. Tryggvi Gunnarsson gékk af fundi er 1. málínu var lokið.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Björn Guðmundsson. Helgi Helgason.
Eiríkur Briem. Sighvatur Bjarnason. Tr. Gunnarsson.

Ar 1899, 15. apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. B.H.Bjarnasyni kaupmanni leyft að gjöra dyr og rið niður í kjallarann í sölubúð sinni við Aðalstræti sunnanmegin við steinriðið sem gengið er inn í búðina. Kjallaraopíð og umgjörð þess á að vera sem flatast, aðeins með vatnshalla frá húsinu og ekki taka lengra fram á stéttina en næst neðsta steinriðið við búðardyrnar.

2. Var Magnúsi Árnasyni snikkara leyft að byggja hús á lóð sinni við Túngötu 11x14 al. að stærð með skúr 3x3 al. við suðurhlíð. Húsið á að snúa hlið að götunum (Suðurgötu og Túngötu) og vera með óbrotnu þaki.

3. Sigurði Thoroddsen var leyft að byggja hús, 20 al. langt helminginn 6 al. og helminginn 8 al. breiðan á lóð hans, sunnanverðum Útnorðurbletti. Húsið á að standa því sem næst í miðri lóðinni frá Tjörninni til Laufásvegar og snúa eftir sömu stefnu sem vesturálma barnaskólahússins. Hinn mjórra enda þess á að nota fyrir hesthús og geymsluhús, en hinn breiðari endann fyrir baðhús.

4. Var sjómannafélaginu "Báran" leyft að byggja hús sunnar an við Vonarstræti á lóð, sem Eyvindur Árnason fékk útmælda í Tjörninni 17. júlí 1897 og hefur verið fyllt upp, en síðan afsöluð téðu félagi. Húsið á að vera 25 al.langt og 20 al. breitt og standa réttstefnis í húsaröðinni sunnan Vonarstrætis.

5. Hússtæði það, er Jul. Schou var útvísuð 18. feb. þ.á. á lóð hans norðan við Vesturgötu, var honum leyft að hafa $12\frac{1}{2}$ x $12\frac{1}{2}$ al. að stærð og byggja húsið austast á lóðinni með gafla frá norðri til suðurs.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Björn Guðmundsson. Helgi Helgason.
Sighvatur Bjarnason. Eiríkur Briem. Tr.Gunnarsson.

Ár 1899, þ. 18. apríl var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá Lárusi Pálssyni útvísad hússtæði á lóð þeirri sunnan við Spítalastíg, er Jóhannesi Jónssyni var útvísuð 7. október 1890 og sem hann hefur síðan afsalað Lárusi. Húsið á að vera 15 al. langt og 10 al. breitt með skúr við eldhús-dyr 3 1/2x4 al. að stærð, snúa frá vestri til austurs og fram-hlið þess lenda í beinni línu, sem húgsat dregin samsíða göt-unni og 8 5/12 al. frá henni við austurtakmörk lóðarinnar en 8 1/8 al. frá henni við austurtakmörkin.

Allir á fundi, nema Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitid.

Haiðdór Danielsson. Björn Guðmundsson. Sighvatur Bjarnason. Eiríkur Briem.

Ár 1899, 6. maí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Sig. Briem póstmeistara leyft að gjöra útbyggingu við miðja austurhlið pósthússins 6x7 al. að stærð.

2. Var Kristjáni Teitssyni leyft að gjöra hús það, er honum var leyft að byggja 15. nóv. f.á. við Bergstaðastræti 14 al. á lengd í staðinn fyrir 12 al.

3. Var skúr, sem Benedikt Jónsson hefur gjört austan við hús sitt við Grettsigötu 4x4 al. að stærð, leyft að standa, með hví skilyrði að Benedikt lagfærði stefnuskekkju á suðurhlið hans.

4. Var Sveini J. Einarssyni leyft að gjöra skúr við suðurhlið húss hans við Laugaveg 3 3/8x2 5/8 al. að stærð.

5. Var Jóni Ásmundssyni veitt viðbótt við lóð hans að austanverðu, ræma meðfram Vatnsstíg, 50 al. frá N-S, og 4 1/2 al. að meðaltali frá A-V., Hannig að 5 al. bil verður milli lóðarinnar og stigsins.

6. Var Ástráði Hannessyni leyft að gjöra skúr við bæ hans Arnarholt 6x2 1/2 al. að stærð.

7. Eftir beiðni Jóns G. Sigurðssonar skrifara var ákveðið, hvort og hvar vegur yrði lagður yfir lóð hans við Klapparstíg, og var niðurstaðan sú að framhald Hverfisgötu vestur eftir mundi lenda yfir téðri lóð neðanverða fast upp að norður gafli á húsi Jóns G. Sigurðssonar.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Björn Guðmundsson. Sighvatur Bjarnason. Þórir Briem. Tr. Gunnarsson.

Ár 1899, þ. 20. maí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Jóni Ásmundssyni leyft að byggja geymsluhús 9x10 al. að stærð við austurenda húss síns við Laugaveg, samkvæmt byggingaruppdrætti, er hann afhenti nefndinni.

2. Var Jóni Magnússyni leyft að byggja hús á lóð sinni við Laugaveg 11x11 al. að stærð, áfast að austanverðu við hús það, sem þar stendur, samkvæmt uppdrætti er beiðandinn hefur afhent nefndinni og bakdyraskúr 3x3 al. að stærð.

3. Var Birni Jónssyni fyrir hönd félagsbakarísins leyft að breikka norður á við geymsluhús félagsbakarísins um 5 al. allt að lóðarmörkum, þannig að eldvarnargafl verði byggður þar á móti lóðareigandanum að norðan Júl. Schou. Viðbótin verður 60 ferálnir að stærð, og hefur bakaríið keypt þá lóð af J. Schou.

4. Áfast við síðastgreinda byggingu, en með eldvarnargafli á milli var Júl. Schou leyft að gjöra hús $7\frac{3}{4} \times 12\frac{1}{6}$ al. að stærð, verður það að norðanverðu áfast við hús það er Schou var leyft að byggja 18/2 þ.á. var útmæl. 15. f.m.

Allir á fundi nema Helgi Helgason, Eiríkur Briem og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Sighvatur Bjarnason. Björn Guðmundsson.

Ár 1899, þ. 3. júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var D.Thomsen, eiganda H.Th.A.Thomsen-verzlunar leyft að byggja geymsluhús 17 1/2x12 al. að stærð á lóð verzlunarinnar norðan við Hafnarstræti, við austurendann á geymsluhúsinu, sem þar stendur nú og sömu stefnu með götunni sem það.
2. Var Hannesi Haflidásyni leyft að byggja skúr norðan við hús sitt við Smiðjustíg 5x2 1/2 al. að stærð.
3. Var Pétri Hjaltested leyft að byggja 6. al. breitt útihús á lóð sinni við Laugaveg um 4 al. til suðurs.
4. Var Sigurfinni Árnasyni leyft að gjöra skúr við bakdyr 3x3 al að stærð, við hús sitt í Bergstaðastræti.
5. 5. Var Jóni Magnússyni landr itara leyft að gjöra skúr við bakdyr á húsi sínu í Bingholtsstræti 3x4 al. að stærð.
6. Var Jóni Jenssyni yfirdómara leyft að gjöra úthýsi 5x4 1/2 al. að stærð í norðausturhorni á lóð hans í Bingholtsstræti.

Allir á fundi nema Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Sighvatur Bjarnason.. Eiríkur Briem.
Tr. Gunnarsson. Björn Guðmundsson.

Ár 1899, þ. 1. júlí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Jóni Bjarnasyni leyft að byggja hús 10x12 al. að stærð á lóð, sem hann hefur keypt af Benedikt Jónssyni við Grettisgötu og er 25x25 al. að stærð. Húsið á að snúa frá N-S. með vesturhlið í sömu stefnu eins og vesturgafl á húsi Benedikts Jónssonar. Skúr 3x3 al. að stærð var leyft að gjöra við austurhlið hússins. Þessi útmæling er bundin því skilyrði, að beiðandi leyfi frjálsan gang yfir suðurjaðarinn á lóð sinni inn á , þangað til Grettisgata verður lögð.

2. Var Bjarna Þórðarsymi leyft að byggja geymsluhús vestanvið og áfast við hús hans í Bergstaðastræti 12x8 1/2 al. að stærð. Við hæð tekst burtu skúr vestan við húsið 3x3 1/2 al. að stærð.

Allir á fundi nema Helgi Helgason og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitid.

Halldór Danielsson. Sighvatur Bjarnason. Björn Guðmundsson. Eiríkur Briem.

Ár 1899, þ. 15. júlí var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Sveini Sveinssyni snikkara leyft að lengja hús sitt í Bankastræti, vestureftir um 8 áln., og á sú viðbót að vera 14 áln. á breidd og framhliðin vera í sömu stefnu eins og framhlið hússins, þakið verður með ~~lágum~~ lágu risi og svo gengið frá framhliðinni að ekki sjáist mænirinn frá götunni.

2. Var Gísla Péturssyni í Hraunpryði leyft að byggja skúr norðan við hús sitt $8 \frac{1}{2}x4\frac{1}{2}$ al. að stærð.

3. Var G.Björnssyni í Austurholti leyft að gjöra inngönguskýli við bæ sinn $1\frac{1}{2}x2\frac{1}{2}$ al. að stærð. Hann hefur rifið niður frambæjarhús $8x14$ al. að stærð.

4. Þá ákvað byggingarnefndin stefnu vegar, sem ráðgjört er að liggja yfir Arnarhólsland frá Lindargötu vestur á Kalkofnsstíg, ef lóð fæst keypt til bess. Áleit nefndin að vegur bessi setti að liggja frá endanum á Lindargötu beina stefnu örskammt fyrir sunnan Sölvhólskálgarð norðvestur á móts við eystri hlið steinoliubyrgisins, beygja þá við til vesturs og koma niður á Kalkofnsstíg vestanvert við fiskgeymsluhúsið, sem E.Felixson hefur byggt. Hæfileg breidd á götu bessari með ræsum og stéttum beggja megin ~~lægt~~ álitur nefndin 18 al.

Allir á fundi nema Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Sighvatur Bjarnason. Eiríkur Briem.
Tr.Gunnarsson. Björn Guðmundsson.

Ár 1899, þ. 19. ágúst var fundur haldinn í byggingarnefndinni.

1. Var Jul. Schou leyft að lengja hús sitt fyrir neðan Vesturgötu um 20. al. til norðurs. Húsið er 12 1/6 al. á breidd.. Svo var honum og leyft að gjöra bryggju upp að húsinu að austanverðu, og gjöra salerni 2x1 1/2 al. að stærð við vesturhlíð hússins sunnan við dyrnar, ef lóð hans hrekkur til eða hann fær til þess samþykki lóðareigandans að vestanverðu.

2. Var stækkað hússtæði, er Magnúsi Árnasyni var mælt 15. apríl þ.á., þannig að húsið verði 12x16 al. og skúrinn 3x3 1/2 al. að stærð.

Allir á fundi nema Helgi Helgason og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Eiríkur Briem. Sighvatur Bjarnason.
Björn Guðmundsson.

Ar 1899, b. 2. september var fundur haldinn í byggingarnefndindinni.

1. Var Casper Hartervig mælt hússtæði við Laugávegg á lóð, sem hann hefur keypt í Útnorðurbletti, og er 23x25 al. að stærð. Húsið á að vera 12x16 al. að stærð og stefna eins og hús Eyvindar Árnasonar. Áður en byrjað er að reisa húsið verður Hertervig að sýna byggingarnefndinni uppdrátt af því.
2. Var Jóhanni T. Egilssyni leyft að gjöra skúr við hús sitt í Bergstaðastræti 3x3 1/2 al. að stærð.
3. Var Kristjáni Teitssyni leyft að gjöra útihús við suðurgafl á húsi hans í Bergstaðastræti 5x10 al. að stærð.
4. Var Bjarna Magnússyni útvísuð lóð sunnan við Hverfisgötu austan við lóð Sigurðar Jónssonar (sjá útmælingu 5/11 f.á. 15.lið.), 25 al. fram með götunni og 50 al. suður frá henni. Hús var honum leyft að byggja á þessari lóð 7 1/2 x 9 al. að stærð með 2x2 al. stórum útidyraskúr.
5. Var Benedikt Jóhannessyni leyft að gjöra skúr við hús sitt í Hverfisgötu 3x4 al. að stærð.
6. Var Ara B. Ántonssyni leyft að gjöra viðauka við hús sitt út úr norðurhliðinni 5x6 1/2 al. að stærð, og salerni 3x1 1/2 al. að stærð.
7. Var breitt útmælingu Sveins Sveinssonar snikkara 15. júlí þ.á., þannig að leyft var að viðaukinn við hús hans í Bankastræti yrði 13 1/2 x 8 3/4 al. í staðinn fyrir 8x14 al.
8. Steindór snikkari Jónsson afsalaði sér útmælingu, er honum var veitt í Skólavörðuholti 4. júní þ.á.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Eiríkur Briem. Tr. Gunnarsson.
Sighvatur Bjarnason, að því er útmæling undir 2. og 3. snertie
Helgi Helgason.

Ár 1899, laugardaginn 16. september átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá:

1. Jóni Sveinssyni útvisað hússtæði á lóðinni nr. 14 í Pósthússtræti 17 al. langt frá A-V. og 14 al. breitt frá N-S. Á húsið að standa austan við smíðahúsið sem þar er og áfast við það með sömu stefnu, það á að vera þríloftað með skúr $4 \frac{1}{2} \times 4 \frac{1}{2}$ al. að stærð, við suðurhlíð. 5 álnir af lengd hússins verði byggður á lóð, sem beiðandi hefur áður átt, en að öðru leyti á lóð, sem hann hefur keypt af Tryggva Gunnars-syni bankastjóra, og er sú lóð alls 12×23 al. að stærð. Úti-hús, sem bankastjórinn á á lóðarmörkunum að austanverðu kaupir Jón Sveinsson til niðurrifs um leið og nýja húsið kemst upp.

2. J.G.Halberg leyft að stækka skúr við hús sitt "Hótel Island" í Austurstræti, þannig að stækkunin verði $6 \frac{3}{4} \times 5$ al.

3. Jóni Árnasyni leyft að stækka skúr við hús sitt í Vest-urgötu um $2 \times 3 \frac{1}{4}$ al.

4. Kristjáni Guðnasyni á á Hjallalandi í Kaplaskjóli leyft að byggja hús 8×9 al. að stærð með 3 al. breiðum skúr með allri norðurhlíðinni, og láta húsið standa fast við tún-garðinn í norðausturhorni lóðar sinnar. Um leið og hann kemur upp húsinu rifur hann niður gamla Hjallalandsbæinn, sem er 17×11 al. að flatarmáli.

Allir á fundi. Tryggvi Gunnarsson var aðeins við 2 fyrstu mælingarnar.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Helgi Helgason. Eiríkur Briem.
Tryggvi Gunnarsson. Björn Guðmundsson. Sighvatur Bjarnason.

Ár 1899, þ. 7. október átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá

1. Lárusi Pálssyni leyft að stækka skúr, er honum var mældur við hús hans við Spítalastíg 18. apríl þ.á., þannig að skúrinn verði 27 ferálnir að stærð.
2. Var Guðmundi Þórðarsyni leyft að gjöra útihús nyrst á lóð sinni við Laugaveg 10x11 al. að stærð.
3. Var Guðmundi Jafetssyni leyft að gjöra salerni norðan við hús sitt í Skuggahverfi (á Veghúsalóð) 2x2 al. að stærð.
4. Var Finnboga Árnasyni leyft að byggja hús 9x10 áln. að stærð í erfðafestulandi hans, Arabletti, fyrir sunnan Laugaveg. Húsið á að standa á móts við hús Árna pósts Gíslasonar við Fúlutjarnarlæk, eða álíka langt og það suður frá Laugavegi.

Allir á fundi nema Héldi Hélgason og Gunnar Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Sighvatur Bjarnason. Eiríkur Briem.
Björð Guðmundsson.

Ár 1899, 4. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þá

1. Jul. Schou leyft að byggja hús 13x12 al. að stærð norðan
við Laugaveg og austan við Vatnsstíg, á horninu þar sem bessar
götur koma saman, á lóð þeirri er útvísad var Ólafi Sigurðssyni 4. nóv. 1893, en er nú orðin eign Schou. Húsið á að standa 5 al. frá báðum vegunum með suðurhlíð samhliða Laugavegi og vesturgáfl samhliða Vatnsstíg.

2. Steingrími Guðmundssyni leyft að gjöra smíðahús 8x9 al.
að stærð og salerni 2x3 al. að stærð á lóð sinni við Laugaveg
norðan við íbúðarhúsið.

3. Gunnari Einarssyni mældur skúr 13x8 1/2, og salerni
7. Jón G. Sigurðsson fór fram á, að sér væru útvísuð 2 hússtæði norðan við Amtmannsstíg á lóð Ingibjargar Jóhannesdóttur, og að eigandinn yrði skyldaður til að láta lóð þessa af hendi gegn endurgjaldi eftir óvilhallra manna mati. Nefndinni bótti ekki næg ástæða til að taka lóðina af eigandanum nauðugum til að útvisa hússtæði á handa einstökum mönnum, og sér sér hví eigi fært að verða við þessari beiðni.

8. Guðmundi Guðmundssyni leyft að gjöra skúr 5x10 al. að stærð austan við hús sitt við Grettisgötu (sjá útmæl. 16. júní f.á.) og veitt lóðarviðbót 50 al. Stendur skúrinn hálf-

ur á heirri lóð, en hálfur á erfðafestulandi eigandans.

9. Guðjóni Gislasoni, sem nú er orðinn eigandi lóðar
heirrar og hússtæðis, er mælt var Sigurði Bjarnasoni 5. marz
1898, við Hverfisgötu, var leyfð stækken á hússtæðinu, þannig
að húsið verði 10x10 al.. að stærð í staðinn fyrir 8x9 al.
með skúr 3x3 al.

10. Þorsteinn Einarsson, sem er orðinn eigandi að lóð,
er áður átti Daniel Guðmundsson, í Hverfisgötu hefur byrjað
að gjöra útidyraskúr og steinrið við austurgafl hússins,
án leyfis byggingarnefndarinnar. Með því að skúrinn og tröpp
urnar ganga út í götuna (Vatnsstíg) lagði nefndin fyrir þor-
stein að flytja hvortveggja burtu, og var honum leyft að
setja það sunnan við húsið.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Björn Guðmundsson. Eiríkur Briem.
Magnús Benjamínsson. Helgi Helgason.

Ar 1901, b. 18. maí átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þá:

1. Þórði P. Breiðfjörð leyft að byggja hús á lóð sinni
við Kaplaskjólsveg í staðinn fyrir bæinn, sem var hefur verið,
en er nú fallinn. Húsið á að vera 8x10 al. að stærð með úti-
dyraskúr 3x4 álnir.

2. Gísla Finnssyni og Sigurði Jónssyni fyrir hönd Fri-
kirkjusafnaðarinns leyft að byggja kirkju á lóð, er söfnudurinn
hefur keypt á Útnorðurvelli af Oddfellowfélaginu. Aðalkirkjan
á að vera 20x31 al. að stærð og forkirkja 6x8 al. Á forkirkj-
an að ná jafnlangt vestur eins og vesturhlíð barnaskólahúss-
ins og standa i sömu stefnu sem það.

3. Gunnhórunni Halldórsdóttur leyft að byggja hús í Norð-
urvelli norðan við Amtmannsstíg á lóð sem hún hefur keypt af
Ingibjörgu Jóhannsdóttur. Húsið á að vera 12x14 al. að stærð
og skúr norðan við það 3x3 al. Það er gjört að skilyrði fyrir
útmælingunni, til varnar vatnsbólínus, sem er skammt fyrir
vestan lóðina, að kjallari undir húsinu verði allur steinlimd-
ur og vatnsheldur, og að steinlimd renna verði gjörð á neðri
þeim takmörkum lóðarinnar súður á rennuna við Amtmannsstíg.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Helgi Helgason. Eiríkur Briem.
Tr. Gunnarsson. Magnús Benjamínsson.

Ár 1901, þ. 1. júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá:

1. Kristjání Kristjánssyni mæld lóð og hússtæði vestan við Bergstaðastræti sunnan við lóð Valentíns Eyjólfssonar. Lóðin er að stærð 22 al. með strætinu og 50 al. vestur frá því, auk 5 al. breiðrar ræmu með strætinu, sem er óútvísud. Húsið á að vera 9x10 al. að stærð með útidyraskúr 3x4 al. vestan við húsið.
2. Sólmundi Kristjánssyni, sem hefur eignað lóð þá, er Guðmundi Pálssyni var útvísud 5.nov. 1898, var leyft að gjöra 10x14 álna skárt hús á lóð bessari, en aldri útmælingin að. Öðru leyti óbreytt.
3. Tryggva Árnasyni leyft að gjöra hús sunnan við Grettisgötu á lóð, sem hann hefur keypt í erfðafestulandi Stefáns Egilssonar, og er 650 ferálnir að stærð. Húsið á að vera 12x12 al. að stærð, með skúr við suðurhlíð 3x4 al.
4. Guðmundi Guðmundssyni leyft að gjöra skúr vestan við hús sitt við Grettisgötu, 6x10 al. að stærð (sjá útmæl. 16. júní f.á.).
5. Stefán Egilssyni leyft að stækka skúr austan við hús sitt í Suðurgötu um 13 ferhyrningsálnir.
6. Pétri Þorvarðarsyni leyft að setja hús það er honum var útvísad til bygginga 2. mars þ.á. nokkru austar en þá var ákveðið.

Allir á fundi nema Magnús Benjaminsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Helgi Helgason. Björn Guðmundsson.
Eiríkur Briem. Tr.Gunnarsson.

Ár 1901, þ. 15. júní átti byggingarnefndin fund með sér,
og var há

1. Gunnari Einarssyni leyft að reisa hús á lóð sinni
við Tjarnargötu, 5 al. frá suðurmörkum lóðarinnar, 12 1/2x9
al. að stærð. Jafnframt rifur hann niður skúr á lóðinni 13
x9 1/2 al.

2. Árna Eiríkssyni leyft að rífa niður hús sitt við Vest-
urgötu, sem er 8x17 al. að stærð og gjöra hús á sama stað
11x14 al., ó svo, að húsið verði að minnsta kosti 10.al. frá
næsta húsi fyrir vestan. Áskilið var ennfremur að beiðandi
færi austurenda á girðingunni sunnanvið húsið til þumlunga
til norðurs frá götunni.

3. Einari Á. Einarssyni leyft að gjöra útihús 6x10 1/4
al. að stærð á lóð sinni í Lágholti. -

4. Halldóri Danielssyni leyft að gjöra sumarhús á lóð
sinni (gamla kirkjugarðinum) við Aðalstræti 4x4 al. að stærð-
inn fyrir sumarhús 3x3 al., sem hefur verið rifið niður.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Tr. Gunnarsson. Bj. Guðmundsson.
Eiríkur Briem. Magnús Benjaminsson.

Ár 1901, þ. 6. júlí átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þá:

1. Helga Gíslasyni leyft að lengja hússtæði það, er honum
var útvisað við Bergstaðastræti 5. jan. þ.á. um 2 áln. þannig,
að húsið verði 10x12 al. að stærð.

2. Jóni Fámsyni leyft að lengja hús sitt við Bergstaða-
stræti og skúr austan við það um 6 al. til suðurs, þannig
að stækkunin verður 6x12 al. að flatarmáli.

3. Stækkuð útmæling á skúr er Katli Bjarnasyni var mælt
6. október f.á., þannig að skúrinn verði 10x4 (í staðinn fyr-
ir 3x6) að stærð. Honum var einnig veitt viðbót austan við
lóð hans 27x5 al. að stærð.

4. Morten Haldorsen, sem er orðinn eigandi að lóð heirri,
er Jóni Bjarnasyni var útvisuð 4. febr. 1899, leyft að reisa
hús á lóðinni 10x11 al. að stærð með skúr við suðurhlíð 3 1/2
x 3 1/2 al. og fellur jafnframt burtu hin fyrri húsmæling á
hessari lóð.

5. Guðmundi Hallssyni útvisuð lóð fyrir norðan Laugaveg
austan við lóð Gísla Björnssonar (sjá útmæl. 9. apríl þ.á. nr.16.)
25x25 al. að stærð og hússtæði á lóðinni 10x10 al. að stærð
með útbyggingu við vesturgafi 2x3 al.

6. Halldóri Þórðarsyni leyft að lengja geymsluskúr við
Laugaveg til austurs frá um 4 al.; breidd hússins er 8 1/2 al.

7. Þorsteini Gunnarssyni leyft að stækka salerni hjá
húsi sínu við Laugaveg um 2 ferálnir.

8. Þorsteini Einarssyni leyft að gjöra skúr sunnan við
hús sitt við Hverfisgötu, 5x3 1/2 al. að stærð.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason, og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj. Guðmundsson. Eiríkur Briem.
Magnús Benjaminsen.

Ár 1901, þ. 6. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þá:

1. Leyfð breyting á útmælingu handa Guðrúnu Erlendsdóttur
4. maí þ.á., að hún lengi húsið norður á við um 2 3/4 al. og
gjöri skúr við það 4x3 1/2 al. að stærð. Húsið er 8 áln. á
breidd og á norðurgaflinn að vera eldvarnargafl.

2. Gísla Magnússyni leyft að gjöra skúr við hús sitt sunn-
an við Oskjuhlíðarveg 9x4 al. að stærð.

3. Samúel Ólafssyni leyft að gjöra útihús á lóð sinni
við Laugaveg, 10x7 al. að stærð.

4. Stefáni Jónssyni útvísuð lóð norðan við Laugaveg,
austan við lóð Gísla Björnssonar 25 áln. með götunni og 28 al.
norður frá henni og leyft að reisa þar hús 12x12 al. að stærð.

5. Tryggva Matthiassyni útvísað jafnstór lóð næst fyrir
austan lóð Stefáns, sem næst 25 al. með götunni og 28 al. frá
N-S., og leyft að reisa þar hús 10x11 al. að stærð með skúr
við norðurhlið, 3x4 al.

6. Gísla Björnssyni leyfð sú breyting á útmælingu 9. apr.
þ.á., að húsið og skúrinn verði til samans 12 1/2 al. að stærð.

7. Guðmundi Magnússyni, sem hefur eignað lóð þá, er þeim
Sölva Vigfússyni og Finnboga Finnbogasyni var útvísuð 1. des-
ember 1900, var leyft að gjöra hús það, er hann reisir á lóð-
inni 11x11 al. að stærð (í stað 10x11 al., sem áður var mælt)
með því skilyrði að hann komi sér saman við eiganda² lóðar í næstu
að vestan að mega setja húsið nær lóðarmörkum en í 5 al. fjær-
lægð, eða gera eldvarnargafl þeim megin í húsið.

8. Jes Zimsen, Birni Guðmundssyni og Þorsteini Guðmunds-
syni leyft að gera fiskgeymsluhús á fiskverkunarplássi þeirra
á innri Kirkjusandi 10x15 al. að stærð.

9. Birni Jónssyni fyrir hönd félags, sem hefur tekið að
sér að flytja hús frönsku sjóliðsstjórnarinnar við Austurstræti
og gjöra breytingar á þeim, leyft að setja hús þessi niður á
Eyjólfssstaðabletti í Skuggahverfi norðarlega, en þó nokkuð
upp frá sjónum, þannig að norðurhlið hússins verði nokkru
sunnar en norðurgaflinn á húsinu Byggðarenda, þar sem nú er
stærsti steinninn í lóðinni. Húsin mega eigi standa austar
en svo að 6 al. breið ræma verði á milli húslóðarinnar og
Frostastaðalóðar, svo að vegur verði lagður þar frá sjónum
upp að vœtanlegu vatnsbóli. Grunnflötur bygginganna, sem
eru eitt hús með 2 skúrum við vesturhlið og suðurgafl, verður
800 ferálnir. Óbyggð lóð, sem fylgir húsunum, er enn óákveðin.

Allir á fundi, nema Björn Guðmundsson og Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Magnús Benjamínsson. Eiríkur Briem.
Tryggvi Gunnarsson.

Ár 1901, þ. 17. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þá:

1. G. Zöega, sem hefur keypt húseignina nr. 10 í Vestur-
götu og ætlar að rífa niður öll húsin á Þeirri lóð, leyft að
reisa hús á þessari lóð og vestasta hluta lóðar hans nr. 6 í
Vesturgötu 35 al. með götunni og 17 al. norður frá henni í
sömu stefnu eins og húsið í lóðinni nr. 6 og sem framhald af
því.

2. Árna Árnasyni leyft að reisa hús á lóð sinni þar 9x9
al. að stærð með skúr 4x2 al. Húsið, sem staðið hefur á lóð-
inni er rifið niður.

3. Thor Jensen leyft að gjöra geymsluskúr á lóðinni nr.
16 við Austurstræti 20x8 al. að stærð. Skúrinn standi 5 al.
frá lóðinni nr. 18 í Austurstræti og 10 al. frá húsinu nr. 11
í Pósthússtræti.

4. Sturlu Jónssyni útvisað hússtæði norðan við Austur-
stræti á lóð, sem hann hefur keypt af Landsbankanum vestan
við lóð bankahússins. Húsið á að vera 25x15 al. að stærð og
standa í sömu stefnu sem bankahúsið.

Allir á fundi, þó voru þeir Eiríkur Briem og Björn Guð-
mundsson aðeins viðstaddir fyrstu útmælinguna.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj. Guðmundsson. Magnús Benjaminsson.
Tryggvi Gunnarsson. Eiríkur Briem.

Ár 1901, þ. 7. september átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá:

1. Jóhanni T. Egilssyni útvísað lóð vestan við Bergstaðastræti, næst fyrir sunnan lóð Kristjáns Kristjánssonar (sjá útmæl. 1. júní þ.á.), 22 al. með götunni og 50 áln. vestur frá henni. Á lóðinni var honum leyft að reisa hús 10x9 al. að stærð með skúr 3x4 álnir.

2. Guðmundi Hallssyni leyft að reisa hús á suðurhluta lóðar Þorsteins Narfasonar við Laugaveg, sem Guðmundur hefur keypt. Húsið á að vera 10x10 al. að stærð með skúr 3x2 1/2 al. að stærð og standa 6 al. austur frá stígnum fyrir austan lóðina.

3. Magnúsi G. Guðnasyni leyft að gjöra útihús á lóð sinni við Laugaveg 5 1/2x7 al. að stærð.

4. Guðjóni H. Helgasyni leyft að stækka skúr á lóð sinni við Laugaveg um 6x2 3/4 al.

5. Steingrími Jónssyni Norðurklöpp leyft að reisa þar hús 10x10 al. að stærð með skúr 3x4 al.

6. Astráði Hannessyni leyft að gjöra bakdyraskúr við hús sitt við Lindargötu 3x4 al. að stærð, svo og geymsluskúr nyrzt á lóðinni 9x4 al.

7. Jóni Felixsyni leyft að stækka skúr norðan við hús sitt við Laugaveg um 13 ferningsálnir, og gjöra þar dyr vestanvið húsið 2 1/2 x 3 al. að stærð.

8. Ásgeiri Sigurðssyni útvísað til stakkstæðis austanvið Barónsstig nor an frá Elsumýrarbletti vestari niður að sjó, spilda 100 al. frá N-S og 60 al. frá A-V gegn venjulegu lóðargjaldi, en með þeim skilmála, að lóðinni sé sleppt aftur til bæjarins án endurgjalds, hvenær sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd krefst þess.

9. Jóhannesi Jósefssyni leyft að stækka fiskgeymsluhús á stakkstæði hans norðan við Elsumýrarblett um helming, þannig að allt húsið verður 16x14 al. að stærð. Einnig var honum veitt viðbót við stakkstæðið svo að það nú verður 100 al. frá N-S og 50 al. frá A-V., og er geymsluhúsið á þeirri lóð. Útmæling þessi er að hví er lóðina snertir veitt með sama skilyrði eins og stakkstæðið næst á undan.

10. Þorvarði Þorvarðssyni leyft að reysa hús á lóð sinni á horninu milli Bankastrætis og Þingholtsstrætis. Á húsið að vera 18 álnir á lengd meðfram Þingholtsstræti, 8 al. breitt í suðurendann en 6 al. breitt í norðurendann, þannig að suðurhluti hússins verður 8x10 al. en norðurhlutinn trapez með parallel hliðar að sunnan 8 al. og norðan 6 al., og ósamsíðahlíðar 8 al. að austan og ca. 8 1/4 að vestan, og verður þannig allur grunnflöturinn 136 ferálnir. Húshornið milli Bankastrætis og

Bingholtstrætis á að vera sneitt, og eldvarnarveggur vestan
við norðurhluta hússins, sem veit að smiðjulóðinni.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson (erlendis).

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj. Guðmundsson. Eiríkur briem.
Magnús Benjaminsen. Helgi Helgason.

Ár 1901, þ. 21. september átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá:

1. Steinunni Guðmundsdóttur Nýborg leyft að reisa þe á lóð bæjarins austan við lóð hennar, 8x10 al. að stærð með skúr 3x3 al. að stærð. Bærinn, sem stendur á lóð Steinunnar verður jafnframt rifinn niður.

2. Sigurði Jónssyni leyft að gjöra skúr við vesturgafl á húsi sínu í Aðalstræti 5x3 áln. að stærð.

3. Leyfð stækkan á húslóð er Jóni Guðmundssyni var mæld við Lækjargötu þ. 9. apríl þ.á., þannig að húsið verði 29 al. á lengd og verði hornhús milli Vonarstrætis og Lækjargötu. Breiddin 12 al., verður óbreytt, en við vesturhlíð hússins 2 skúrar við útidyr, 3x4 áln. hver að stærð. Við norðurgafl verður fordyri 2 1/2 x 4 al.

4. Árna Eiríkssyni leyft að gjöra útidyraskúr norðan við hús sitt við Vesturgötu 3 1/2 x 3 1/2 al. að stærð. Honum ennfremur leyft að gjöra geymsluskúr norðan við íbúðarhúsið 6x8 álnir að stærð.

5. Jóhannesi Jósefssyni leyft að flytja skúr 5x6 al. að stærð af lóðinni nr. 6 í Hafnarstræti á Merkisteinslóð í Vesturgötu.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Eiríkur Briem. Bj. Guðmundsson.
Magnús Benjamínsson.

Ár 1901, laugardaginn 5. október átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá:

1. Gunnari Björnssyni útvísað lóð norðan við Skólavörðustíg, austan við lóð Sveinbjarnar Jónssonar - sjá útmælingu 9. apríl b.á. - 25 al. með götunni og 49 áln. norður í holtið, og leyft að reisa hús á lóðinni 12x15 al. að stærð með úti-dyraskúr við norðurhlið 4x4 al.

2. Sigurjóni Guðmundssyni útvísað lóð við Grettisgötu að norðanverðu, austan við lóð Guðrúnar Hróbjartsdóttur (Bjarna Þorlákssonar), sjá útmæl. 9. apríl (12. marz) b.á. - 25 al. með götunni og 40 al. norður frá henni, og leyft að gjöra hús 9x10 al. að stærð á lóðinni með skúr 3x4 al. við norðurhlið.

3. Siggeiri Torfasyni, sem hefur keypt húseignina nr. 13 við Laugaveg og rifið ~~máður~~ hús það, sem stendur á lóðinni, var leyft að reisa þar hús 15x12 al. að stærð með skúr við norðurhlið 3x4 al. Hús betta verður á horninu milli Laugavegs og Smiðjustígs, á að standa 5 al. frá Laugavegi og vesturgaflinn vera í sömu stefnu og húsin við Smiðjustíg svo að húsið verður þó nokkuð hornsakakt. Þó er eigandanum leyft, ef hann kýs það heldur, að setja húsið nokkru austar, en reisa verður hann þá sémilega girðingu á vesturmörkum lóðarinnar í sömu stefnu og húsalínan við Smiðjustíg..

4. Guðrúnu Stefánsdóttur leyft að stækka skúr norðan við hús sitt nr. 31 við Laugaveg um 4 ferálnir.

5. Einari Finnssyni leyft að reisa hús á lóð sinni við Klapparstíg (Steinslóðinni) 13 1/2x12 1/2 al. að stærð, með skúr 3x3 al. við vesturhlið, svo og geymsluhús 6x18 al. að stærð.

6. Guðmundi Matthíassyni leyft að gjöra geymsluhús 7x9 al. að stærð á lóð sinni við Lindargötu, norðan við íbúðar-húsið.

7. Hjörleifi Þórðarsyni útvísuð lóð norðan við Laugaveg vestan við Barónsstíg, 30 al. með veginum og 27 al. með stignum, og leyft að reisa á lóðinni hús við Laugaveg 12x12 al. að stærð með skúr við norðurhlið 3x4 al. Austurgafl hússins sé í sömu stefnu og austurhlið á fiskgeymsluhúsi Ásg. Sigurðssonar, og standi það á austurmörkum lóðarinnar.

8. Sveini Árnasyni útvísað lóð við Barónsstíg fyrir norðan lóð Hjörleifs, 25 al. með stignum og 30 al. vestur eftir, og leyft að reisa þar hús 11x12 al. að stærð með skúr 3x4 al. Húsið á að standa jafnlangt frá stignum og í sömu stefnu, sem ofannefnt fiskgeymsluhús.

9. Pétri Hjaltested leyft að gjöra skúr við syðra húsið á lóð sinni við Laugaveg 1 2/3x4 al.. að stærð.

Allir á fundi, nema Björn Guðmundsson og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Helgi Helgason. Gunnlaugur Ólafsson
Eiríkur Briem. **Borgarsjálasam Rejkjavíkur**

Ár 1901, þriðjudaginn 22. október var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá:

1. Eftir beiðni St. Jósefssystranna í Landakoti útvísuð lóð undir sjúkrahús í Landakotstúni, á sjúkrahúsið að snúa frá útsuðri til landnorðurs, standa 20 al. norðaustur frá Landakotsíbúðarhúsinu og framhlið þess fylgja sömu línu og framhlið íbúðarhússins. Lengd aðalhússins verður 60 al. og breidd á 22 áln. um miðbikið 21 al. en til endanna 15 álnir. Við norðausturendann verður úthýsi áfast við aðalhúsið og jafnbreitt hví, en 10 áln. á lengd.

2. Einari Zöega leyft að lengja hús sitt nr. 17 við Vesturgötu austur að lóðarmörkum hans. Með hví að markalinan er ekki jafnsíðis (parallel) húsgaflinum verður lenging þessi hornskökk, norðurhliðin $8\frac{3}{4}$ al. en suðurhliðin $6\frac{3}{4}$ al. Breidd hússins er 12 al.

3. Jóni Hermannssyni leyft að gjör, 2 skúra við bæ sinn í Austurkoti 6×4 al. og 2×2 al. að stærð.

4. Guðjóni Ólafssyni og Birni Jónssyni leyft að stækka skúr við hús þeirra við Bræðraborgarstíg um 5 ferálnir.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Tr. Gunnarsson. Bj. Guðmundsson.
Magnús Benjaminsen. Eiríkur Briem.

Ár 1901, þ. 30. október kom byggingarnefndin saman hjá húsinu nr. 17 við Vesturgötu (Hótel Reykjavík) til nánari athugunar á útmælingu þeirri, er eigandanum, E.Zöega veitingamanni var veitt á síðasta fundi nefndarinnar, með því að mótmæli hafa komið fram frá eiganda lóðarinnar nr. 15, næst fyrir austan, frú Maren Lárusdóttur, gegn bessari útmælingu, með því að hún telur ræmu vestan af lóðinni hafa verið mældar. Einari Zöega undir lenging á húsi hans við téða útmælingargjörð. Við útmælinguna fór byggingarnefndin eftir sögusögn E.Zöega um það, hvar lóðarmörkin væru milli lóðanna nr. 15 og nr. 17, og leyfði honum samkvæmt því að lengja hús sitt svo langt, sem lóð hans næði. En við nánari rannsókn virðist það vera nægilega upplýst, að lóðin nr. 17 nær eigi svo langt austur, sem eigandinn hefur skýrt frá. Lóðin er útvísuð 4. apríl 1868, fyrir vestan lóðina nr. 15 og lengd hennar með götunni ákveðin 35 álnir, og lóðin nr. 19 næst fyrir vestan er útvísuð 18. janúar 1869. Lóðin nr. 17 er þannig 35 al. með götunni milli lóðanna nr. 15 og nr. 19 og samkvæmt því nær hún aðeins 3 álnir austur fyrir íbúðarhúsið, sem nú stendur á henni en ekki 8 3/4 al. eins og lóðareigandinn skýrði nefndinni frá.

Byggingarnefndin fellir því úr gildi fyrrgreindra útmælingu, 22. þ.m. að því leyti, sem hún tekur lengra en 3 álnir austur fyrir hús beiðandans, E.Zöega, sem var viðstaddir og var tjáð bessi breyting á útmælingunni, en hann mótmælti breytungunni og hélt því fram að hann ætti lóð jafnlangt austur og og hann hafði skýrt nefndinni frá, án þess þó að sýna nein skilríki eða færa neinar ástæður fyrir því.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason og Tr.Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Magnús Benjaminsson. Bj.Guðmundsson.
Eiríkur Briem.

Ár 1901, laugardaginn 2. nóvember var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá:

1. Sigfúsi Eymundssyni útvísað lóð meðfram Stekkjarholts-túni að austanverðu, og takmarkast hún að norðan og sunnan af línum, sem eru beint framhald af gírðingunum fyrir norðan og sunnan Stekkjarholtstún, og að austan af húsi, sem er 85 al. frá Laufásvegi og allstaðar jafnlangt frá honum. Sami maður hefur fengið sér afsalað af Þórh. Bjarnasyni lektor þann hluta Stekkjarkotstúns, sem liggur milli Laufásvegar og hinnar ~~útmeldu~~ ~~an~~ ~~k~~ ~~eg~~ lóðar, að frádreginni 8 al. ræmu með veginum, sem sumpart er ætlað til að breikka hann og sumpart til stéttar (fortogs), og sem honum er leyft að nota fyrst um sinn. Eftir hina útvísuðu lóð, svo og nefndan túnpart gelzt venjulegt gjald af óbyggðri lóð, og verður hvorttveggja mælt upp að tilhlutan nefndarinnar.

2. Guðmundi Ingimundarsyni Bergstaðastræti leyft að gjöra útihús á lóð sinni vestan við hús þau, sem þar standa nú, þó ekki nær lóðinni næst fyrir sunnan heldur en svo að 5 al. verði á milli, nema þar til komi samþykki eigandans. Húsið á að vera 6x7 al. að stærð.

3. Matthíasi Matthiassyni leyft að gjöra útihús á lóð sinni við Skólavörðustíg $7\frac{1}{2} \times 13$ al. að stærð.

4. Páli Ísakssyni leyft að hafa hús það, er honum var leyft að byggjs 5. jan. þ. á. 9x9 al. að stærð, en mælingin að öðru leyti óbreytt.

5. Gunnari Gunnarssyni, sem hefur eignað lóð þá, er Tryggva Árnasyni var mæld 5. jan. þ. á. leyfð sú breyting á mælingu hússins, að það verði 9x11 al. að stærð og skúrinn $3\frac{1}{2} \times 3$ al., en mælingin að öðru leyti óbreytt.

6. Sama manni útvísað lóð við Grettisgötu að/norðanverðu, áustan við lóð Sigurjóns Guðmundssonar (sjá fund 5. f.m.) 25 al. með götunni og 40 al. norður frá henni, og leyft að gjöra hús á lóðinni 9x9 al. að stærð með útidyraskúr að norðanverðu $3\frac{1}{2} \times 3$ al.

7. Sveini Gestssyni útvísað lóð við Grettisgötu austan við lóðina næst á undan 25 al. með veginum og 40 al. norður frá honum, og leyft að byggja þar hús 8x9 al. að stærð með skúr $3\frac{1}{2} \times 3$ al.

8. Samúel Guðmundssyni útvísað lóð sunnan við Laugaveg næst fyrir austan lóð Sveins Jónssonar (sjá fund 9. apríl þ. á.) 25 al. með veginum og 45 al. suður frá honum og leyft að gjöra hús á lóðinni 10x11 al. að stærð með skúr að sunnanverðu 4x4 al.

9. Runólf Þorsteinssyni útvísað lóð fyrir austan lóðina næst á undan 25 al. með veginum og 45 al. suðureftir, og

leyft að gjöra hús á lóðinni 10x12 al. að stærð með skúr 4x4 al.

10. Ólafi Th. Guðmundssyni útvisað lóð fyrir austan næstu lóð á undan og jafnstór henni, 25x45 al. og leyft að gjöra hús á lóðinni 12x12 al. að stærð með skúr 4x4 al.

11. Jóni Helgasyni leyft að stækka skúr við hús sitt nr. 45 við Laugaveg um 2 1/2 x 1 1/2 al.

12. Hannesi Haflidásyni leyft að gjöra skúr við hús sitt við Smiðjustíg 3x3 al. að stærð.

13. Gunnari Björnssyni leyft að stækka skúr við hús sitt nr. 35 við Laugaveg og verður stækkunin 5x5 1/2 al.

14. Stefáni Jónssyni útvisað lóð norðan við Hverfisgötu austan við lóð Guðmundar Diðrikssonar (sjá fund 9. apríl 1914.) 28 al. 40/42 al. með götunni og 25 al. norður eftir, og leyft að gjöra hús á lóðinni 16x12 al. að stærð með skúr við norðurhlið 3x6 álnir.

15. Símoni Jónssyni og Magnúsi Magnússyni útvisað lóð austan við lóðina næst á undan, 28 al. með götunni og 25 al. norður frá henni og leyft að gjöra hús á lóðinni 10x16 al. að stærð með skúr 4x4 al.

16. Jóni Jónssyni útvisað lóð á horninu milli Hverfisgötu og Vitastígs, vestan við stiginn, 25x25 al. að stærð, og leyft að gjöra hús á lóðinni, er snúi frá A-V, 10x12 al. að stærð með skúr við suðurhlið 3x4 áln.

17. Gísla Kristjánssyni útvisað lóð við Hverfisgötu austan við lóðina næst á undan, 25 al. með götunni og 40 al. suður frá henni, og leyft að gjöra hús á lóðinni 10x9 al. að stærð með skúr 3 1/2 x 3 al.

18. Þorláki Guðmundssyni í Eskihlíð leyft að gjöra geymsluhús 5x10 al. að stærð austan við íbúðarhúsið; honum var og leyft að gjöra hesthús 3x6 al. að stærð.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Magnús Benjamínsson. Eiríkur Briem.
Bj. Guðmundsson.

Ár 1901, laugardaginn 16. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá:

1. Eftir beiðni St. Jósefssystranna í Landakoti verður breyting gjörð á útmælingu sjúrahússtæðisins í Landakotstúni er þeim var veitt 22. f.m., þannig að sjúkrahúsið standi nokkru sunnar og vestar en þá var ákvæðið, þar sem húsið er hæst á tví svæði og stefna þess, suðausturhliðarinnar sé samsíða (parallel) vesturgafli Stýrimannaskólahússins. Að öðru leyti er útmælingin óbreytt.

2. Ingvari Sveinssyni útvísað lóð á melnum í krika milli Nýjatúns og Meltúns 20 al. frá A-V og 53 áln. frá N-S og leyft að gjöra hús á lóðinni 7x10 al. að stærð með skúr 3x3 áln. og snúi húsið frá N-S.

3. Þorsteini Tómassyni leyft að gjöra skúr á lóð sinni með Lækjargötu 8x5 al. að stærð.

4. Var lóð sú er mæld var Porkeli Eiríkssyni 18. nóv. 1899 við Kaplaskjólsveg, en hann hefur ekki notað, meitt Ásbirni Jónssyni og honum leyft að reis hús á lóðinni 10x10 al. að stærð, með skúr 3x4 al. við austurhlíð.

5. Jafet Sigurðssyni, sem hefur eignað lóð þá, er Helga Teitssyni var mæld við Nýlendugötu, 19. febrúar 1898, leyft að reisa hús á lóðinni 10x11 al. að stærð með skúr við norðurhlíð 4x4 áln. Sama manni var leyft til afnota gegn venjulegu lóðargjaldi, stykki norðan við skurðinn fyrir norðan lóð hans í Hlíðarhúsamýrinni, en stykki þessu verður hann að sleppa endurgjaldslaust, þegar byggingarnefnd eða bæjarstjórn krefst þess. Stykkið er 25x30 áln. að stærð.

6. Var lóð sú við Nýlendugötu, er Magnúsi Sigfússyni var mæld 23. nóvember 1897, en hann hefur ekki notað útvísuð Birni Gíslasyni með heirri breytingu að vestan af lóðinni gengur ræma 6x23 al. að stærð, sem er vegur að vatnsbóli er gjört hefur verið í útnorðurhorni lóðarinna, en aftur bætist jafnstór ræma austan við hana; svo gengur og frá blettur þar sem vatnsbólið er og í kring um það 6x7 al. A lóð þessari var beiðanda leyft að reisa hús 10x11 al. að stærð með skúr við norðurhlíð 4x4 al. Við þessi hús (nr. 5 og 6) mega inngangströppur ekki vera götumegin.

7. Var leyft að Ólafur Ólafsson Garðbæ reisti þe sinn þar af nýju að mestu leyti, en á sama stað og með sömu stærð og gjörður skúr við hann 3x3 al. að stærð, sem ekki var áður.

8. Var Jóni Magnússyni Kaplaskjólsveg nr. 29 leyft að stækka skúr við hús sitt um 4x4 1/2 al.

Allir á fundi, nema Tr. Gunnarsson. Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Helgi Helgason. Bj. Guðmundsson.
Eiríkur Briem. Magnús Benjamínsson.

Ar 1901, laugardaginn 7. desember var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá:

1. Pétri Þorsteinssyni útvísað lóð og hússtæði vestanvið Bergstaðastræti milli lóðar Kristjáns Kristjánssonar að norðan og Kristj. Fr. Sigmundssonar að sunnan. Lóðin er 23 áln. með götunni og 53 áln. niður í holtið. Hússtæðið er 10x11 al. að stærð og skúr við austurhlíð 3x4 áln.

2. Þórði Magnússyni útvísað lóð og hússtæði austan við Bergstaðastræti, mælt fyrir sunnan lóð Guðm. Þorleifssonar, og er lóðin 25 al. með veginum og 44 áln. austur eftir, en hússtæðið 9x11 al. með skúr 3x3 áln. að stærð.

3. Kristj. Fr. Sigmundssyni leyft að stækka hússtæðier honum var mælt 2. febrúar þ.á., þannig að það verði 9x11 al. (í staðinn fyrir 8x9 al.) að stærð. Mælingin að öðru leyti óbreytt.

4. Guðmundi Guðmundssyni (frá Ási) meld lóð og hússtæði sunnan við Grettisgötu, austan við lóð Guðm. Guðmundssonar (sjá útmælingu 9. apríl þ.á.) og er lóðin 25 al. frá A-V og 40 al. frá N-S., en hússtæðið 8x9 al. með skúr 3x3 al.

5. Skúla Jónssyni útvísuð lóðin næst fyrir austan með sömu lögum og stærð, 25x40 al. og leyft að reisa þar ~~x~~hús 10x12 al. að stærð með skúr við suðurhlíð 3x3 áln.

6. Einari Einarssyni útvísað lóð og hússtæði rétt fyrir austan lóð Skúla Jónssonar, og er lóðin 25x40 áln. að stærð en hússtæðið 9x10 al. með skúr við suðurhlíð 3x3 áln.

7. Pálma Sigurðssyni útvísað lóð og hússtæði næst fyrir austan lóð Einars Einarssonar, og er lóðin 25x40 al. að stærð, en hússtæðið 9x10 al. með skúr 3x3 áln.

8. Eiríki Guðmundssyni útvísað lóð og hússtæði fyrir austan lóð Pálma, og er lóðin 25x40 al. að stærð, en hússtæðið 8x9 al. með skúr 2 1/2x3 áln.

9. Kristni Ágrímssyni útvísað lóð og hússtæði fyrir austan lóð Eiríks Guðmundssonar, og er lóðin 25x40 al. að stærð, en hússtæðið 8x8 al. með skúr 3x3 al.

10. Árna Pálssyni útvísað lóð og hússtæði fyrir austan lóð Kristins Ásgrímssonar, og er lóðin 25x40 al. að stærð, en hússtæðið 8x9 al. með skúr við suðurhlíð 3x3 áln.

11. Gunnari Gunnarssyni, sem hefur eignað lóð Guðmundar Guðmundssonar við Grettisgötu (sjá útmælingu 9. apríl þ.á. 12.) var leyft að gjöra hús 8x9 al. með skúr 3x4 al. að stærð, í stað húsmælingar heírrar er veitt var á fyrrgreindum fundi.

12. Steingrími Jónssyni, sem hefur eigmazt lóð þá við

Grettisgötu, sem Guðjóni Jónssyni var mæld 9.apríl b.á., var leyft að minnka hússtæðið þannig að það verði 8x9 al. að stærð og skúrinn 2x2 al.

13. Halldóri Þorsteinssyni leyft að reisa hús á lóð ca. 900 al. að stærð, sem hann hefur keypt af erfðafestulandi Stefáns Egilssonar við Grettisgötu, á húsið að vera 11x12 al. að stærð með skúr 3x4 áln.

14. Markúsi Þorsteinssyni leyft að gjöra þús á norðanverðri lóð sinni við Laugaveg, 10x11 al. að stærð með skúr 3x3 al.

15. Samúel Ólafssyni leyft að breikka hússtæði það er honum var útvísad 4. júní 1898, um eina alin, þannig að það verði 12x18 al. (ístaðinn fyrir 11x18 áln.).

16. Magnúsi Stefánssyni útvísad lóð og hússtæði vestan við Barónsstíg fyrir norðan lóð Sveins Árnasonar (sjá útmæl. 15. október b.á.) og er lóðin 25 áln. frá N-S með stignum, en 30 áln. austir eftir. Hústæðið er 9x8 al. að stærð og skúr austan við húsið 3x3 áln.

17. Stefáni Pálssyni útvísad lóð sunnan við Laugaveg fyrir austan lóð Ólafs Th. Guðmundssonar (sjá útmæl. 2. b.m.) 25 al. með veginum og 45 al. til suðurs, og leyft að reisa hús á lóðinni 12x10 al. að stærð með skúr 4x4 al.

18. Kristjáni Einarssyni útvísad lóð og hússtæði vestan við Vitastíg milli lóðar Samúels Ólafssonar og Kristmundar Eysteinssonar, og er lóðin 35x35 al. að stærð, en hússtæðið er 9x10 al. og skúr við vesturhlíð 3x3 áln.

19. Einari Þorsteinssyni og Kolbeini Þorsteinssyni útvísad lóð norðan við Lindargötu austan við lóð Sigurðar Jónssonar og er lóðin 23 1/2 al. 1/2/stærð frá A-V og 15 al. frá N-S. Hústæði var heim mælt á lóðinni 15x11 al. að stærð með skúr að norðanverðu 4x4 al.

20. Árna Jónssyni við Lindargötu leyft að stækka hjallum 8 ferálnir.

21. Sjómannaafél. "Báran" veitt viðbót við ~~Vonarstræti~~ lóð bess við Vonarstræti, 10 al. breið ræma sunnan við lóðina og 5 al. breið austan við og verður stækkunin 425 fweálnir.

Allir á fundi, nema Björn Guðmundsson og Tr.Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Magnús Benjaminsson. Eiríkur Briem. Helgi Helgason.

Ár 1901, þ. 21. desember átti byggingarnefndin fund með sér, og komu þá fyrir þessi málefni:

1. Beiðni frá Einari Zöega um að mega lengja hús sitt nr. 17 í Vesturgötu um $8\frac{3}{4}$ al. til austurs. Á fundi 20. okt. þ.á. leyfði byggingarnefndin þessa breytingu, en tók það leyfi aftur á fundi 30. s.m. og felldi útmælinguna úr gildi sökum þess, að eigandi næstu lóðar fyrir austan - nr. 15 á Vesturgötu - taldi meira hluta hins útmælda byggingarstæðis eign sína og útmælingargjörðir fyrir lóðunum nr. 15 og nr. 16 bendir á að síðargreind lóð nái eigi svo langt austur, sem eigandi hennar heldur fram, og hefur amtið 31. okt. þ.á. staðfest þessa ógildingu á útmælingunni. - Nú létt beiðandi fylgja beiðni sinni ýms skjöl, hví til sönnunar, að lóðarbletturinn væri hans eign. Með hví að eignarþræta er hannig risin um lóðarblett þenna og byggingarnefnd telur sig ekki um að skera úr heirri brætu, sá hún sér ekki fært að verða við beiðni E.Zöega, og synjaði hví að taka fyrir hina umbeðnu útmælingu að svo stöddu.

2. Jóni Eyjólfssyni var útvísad lóð og hússtæði við Nýlendugötu að norðanverðu milli lóðar Jafets Ólafssonar og Björns Gíslasonar (sjá fund 16. f.m.) Lóð þessa hafa heir Einar Jónsson og Gísli Matthiasson haft til afnota og goldið lóðargjald af. Lóðin er 34 al. frá A-V. með götunni og $19\frac{1}{2}$ al. til norðurs frá húsastefnunni. Húsið á að vera $9x11$ al. að stærð með skúr að norðanverðu $3x3$ áln. Útmælingin er veitt með hví skilyrði, að húsið verði komið upp á næsta ári, en fellur burt að öðrum kosti.

3. Magnúsi Jónssyni útvísuð lóð og hússtæði við Brunnstíg að austanverðu. Lóðin er $22x22$ áln. að stærð, og byrjar 4 áln. fyrir norðan brunninn og nær norður að hjalli Gunnars Gunnarssonar. Lóð þessa hefur Ólafur Jónsson haft til afnota, sem stakkstæði og goldið af henni lóðargjald. Hússtæðið er $9x10$ al. að stærð með skúr $3x3$ áln.

4. Jóni Ásmundssyni útvísad hússtæði á lóð hans við Mjóstræti $12x13$ áln. að stærð með skúr $4x4$ al. vestanvið. Húsið á að standa 10 al. fyrir vestan hús Lauritz Jørgensen.

5. Jóni Oddsyni Litlabæ austan við Kaplaskjólsveg leyft að gjöra geymsluskúr á lóð sinni $4x5$ al. að stærð.

6. Jóni Guðmundssyni leyft að gjöra 2 smíðahús á lóð sinni $8x14$ og $8x10$ al. að stærð. Stærra húsið standi við Vonaestræti og snúi hliðinni að hví; það á að vera jafnhátt undir bita inni og neðra loft í íbúðarhúsi beiðandans við Lækjargötu. Minna húsið á að standa nyrzt á lóðinni og snúa frá A-V. Sama manni var leyft að gjöra gangrið við dyr íbúðarhússins út að Lækjargötu 1 al. 19 þuml. breitt út frá húseggnum.

Allir á fundi, nema Eiríkur Briem; Tr.Gunnarsson gekk af fundi, þegar 1. málefni var lokið.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Helgi Helgason. Tr.Gunnarsson.
Magnús Benjaminsen. Björn Guðmundsson.

Ar 1902, laugardaginn b. 4. janúar átti byggingarnefndin fund með sér, og komu þá fyrir þessi mállefni:

1. Var Reinh. Andersen og Erl. Erlindssyni leyft að reisa hús á lóð hinnar gömlu prentsmiðju nr. 9 í Aðalstræti, sem nú hefur verið rifin niður, en þeir eru orðnir eigendur bessarar lóðar. Á húsið að vera 20 al. frá N.-S. með Aðalstræti en 25 al. frá A.-V. og standa að vestan í sömu línu og húsið nr. 7 og að sunnan 5 al. frá ganginum inn að húsinu nr. 11.

2. Var Sighvati Árnasyni leyft að reisa hús á lóð norðan við Bókhlöðustíg, sem hann hefur keypt af Hirti Hjartarsyni, og er 22x26 al. að stærð. Á húsið að vera 12x10 al. að stærð með skúr norðan við 4x⁴ áln.

3. Var Runólfí Stefánssyni leyft að gjöra hús á lóð sinni við Skólavörðustíg (Litlaholtslóð) 11x14 al. að stærð með skúr norðan við 4x³ áln.

4. Var ákveðið að framhald Vitastigs skyldi koma yfir Grettisgötu milli lóða þeirra Gunnars Gunnarssonar og Sveins Gestssonar að norðanverðu við Götuna, sbr. útmælingu 2. nóv. f.á., og á milli lóða Kristins Ásgrímssonar og Árna Pálssonar sunnan við götuna, sjá útmælingu 7. f.m. Verður þá útmeld ræma vestanvið Vitastig ca. 6 al. breið.

5. Var Guðmundi Magnússyni útvísad lóð og hússtæði sunnanvið Grettisgötu, austan við lóð Árna Pálssonar, sjá útmæl. 7. f.m. Lóðin er 25 al. frá A-V. og 45 al. frá N-S. Húsið á að verða 10x12 al. að stærð með skúr við suðurhlið 6x³ áln.

6. Var Jóhannesi Lárussyni útvísad lóð norðan við Grettisgötu vestanvið lóð Tryggva Árnasonar, sjá útmæl. 1. júní f.á., 25 al. frá A-V og 40 al. frá N-S., og leyft að reisa þar hús 10x12 al. að stærð með skúr við norðurhlið 3x4 al. Það er gjort að skilyrði, að beið. samþykki að hann breyti ekki við lóðina fyrr en Grettisgata væri lögð.

7. Var Guðmundi Halldórssyni útvísad lóð og hússtæði norðanvið Grettisgötu næst fyrir austan lóð Sveins Gestssonar, sjá útmæl. 2. nóv. f.á. Lóðin er 25 al. frá A-V. og 40 al. frá N-S. Húsið á að verða 9x10 al. að stærð með skúr við norðurhlið 4x³ al.

8. Var Guðjóni Sigurðssyni útvísad lóð fyrir austan lóðina næst á undan 25 al. frá A-V. og 40 al. frá N-S. og leyft að reisa hús á lóðinni 7x8 al. að stærð með skúr við norðurhlið 2x³ áln.

9. Var Guðmundi Egilssyni útvísad lóð og hússtæði sunnan við Laugaveg austanvið lóð Stefáns Pálssonar, sjá útmæl. 7. f.m. Lóðin er 25 al. með götunni og 40 al. með þenndur eftir. Húsið á að verða 10x12 al. með skúr við suðurhlið, 3x4 áln.

10. Var C. Hertervig útvísað lóð sunnan við Lagaveg 25 al. fyrir vestan Norðurmyrarblett nr.2. Lóðin er 30 al. með götunni og 40 al. suður frá henni og var leyft að gjöra hús á henni 12x16 al. að stærð með skúr við suðurhlið 4x4 al.

11. Var Guðmundi Sveinssyni útvísuð lóð og hússtæði sunnanvið Hverfisgötu austan við lóð Gísla Kristjánssonar, sjá útmælingu 2. maí f.a. Lóðin er 25 al. frá A-V. og 40 al. frá N-S. Húsið á að verða 9x11 al. að stærð með skúr 3x4 al.

12. Var Þorsteini Guðmundssyni útvísað lóð og hússtæði norðan við Hverfisgötu, austan við lóð Símonar Jónssonar og Magnúsar Magnússonar, sjá útmæl. 2. nóv. f.á. Lóðin er 25 al. frá A-V og 25 al. frá N-S. Húsið á að verða 9x12 al. að stærð með skúr við norðurhlið 5x3 áln.

13. Sigurjóni Sigurðssyni leyft að reisa hús á Byggðarendalóð 10x12 al. að stærð með skúr við vesturhlið 3x4 al. Húsið snúi frá N-S og sé austurhlið. Þess 16 al. vestar en en austurbrún á stíg þeim (Frakkastig) er ráðgjört er að koma niður að sjónum fyrir austan Byggðarenda.

14. Var Magnúsi Vigfússyni leyft að stækka skúr á lóð sinni á Hverfisgötu um 21 feralin.

15. Var Magnúsi Hróbjartssyni leyft að gjöra skúr vestan við hús sitt við Hverfisgötu 5x5 1/2 al. að stærð, og sé skúr inn jafnhár skúrnum við húsið næst fyrir vestan.

16. Kæra frá Jóhannesi Sigurðssyni til amtsins út af útmælingu 7. f.m. nr. 19 á lóð við Lindargötu handa þeim Einari Þorsteinssyni og Kolbeini Þorsteinssyni, send byggingar nefndinni til álita með bréfi amtsins dags. 24. f.m. Nefndin var samhuga á þeirri skoðun, að með því að kærandi, sem fékk lóðina útmælda 7. maí 1898, og hefur ekki enn notað útmælinguna, hefði misst rétt sinn samkvæmt henni eftir fyrirmælum afs.bréf. 1939, og með því að fyrrtjáð útmæling 7. f.m. væri staðfest af amtinu 19. f.m., þá brysti nefndina heimild til að fella þessa útmælingu, sem hlutaðeigendur vilja ekki sleppa, úr gildi eða breyta henni.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Eiríkur Briem. Magnús Benjaminsson.
Bj. Guðmundsson. Tryggvi Gunnarsson.

Ar 1902, laugardaginn 18. janúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og

1. Kom nefndin saman í erfðafestulandinu Miðvelli og Suðurvelli til þess eftir beiðni eigandans Sveins Jónssonar snikkara að ákveða hvar vegur eða vegir mundu verða lagðir yfir erfðafestulandið. Voru skiptar skoðanir um það, hvort vegur skyldi lagður yfir blettinn frá N-S samhliða Þingholtsstræti, eða 1 eða 2 vegir frá A-V milli Þingholtsstrætis og Laufásvegar. Eftir nokkrar umræður var samkvæmt beiðni Jóns landritara Magnússonar, sem var viðstaddir fyrir lóðareigandann, frestað að útkljá málid í þetta sinn.

2. Var Magnúsi Árnasyni snikkara leyft að reisa 3-lyft hús á lóð sinni milli Aðalstrætis og Túngötu, þar sem nú stendur gamla húsið, er verður rifið niður. Húsið á að vera 14 al. breitt með Aðalstræti og 22 al. langt með Túngötu, og byggt samkvæmt upprætti, er fram var lagður og fylgir þessari bók, og þar sem meðal annars er gjört ráð fyrir að sneitt verði af suð-austurhorninu þannig, að sneiðingin gangi $2\frac{1}{4}$ al. út á hliðarnar beggja megin.

Allir á fundi.

Fundi slitið,

Halldór Danielsson. Bj. Guðmundsson. Helgi Helgason.
Tr. Gunnarsson. Eiríkur Briem. Magnús Þenjamínsson.

Ár 1902, þ.l. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér, og komu þá fyrir hessi málefni:

1. Þorkeli Ólafssyni útvisað lóð og hússtæði fyrir austan Bergstaðastræti sunnan við lóð Þórðar Magnússonar (sjá útmælingu 7. des. f.á.). Lóðin er 25 al. með veginum og 40 al. austur eftir. Húsið á að verða að stærð 10x12 álnir og skúr við austurhlið hess 3x4 áln. Tröppur mega ekki vera út að götunni.

2. Páli Guðmundssyni útvisað lóð og hússtæði sunnan við bugðuna á Bergstaðastræti, og verður lóðin síðar meld. Húsið á að verða að stærð 10x11 al. með skúr við norðurhlið, 3x3 1/2 al. og standa vestan við götu, sem fyrirhugð er að byggja þar niður á Laufásveg. Sama skilyrði, að tröppur megi ekki snúa út að götunni.

3. Guðmundi Ingimundarsyni leyft að reisa hús á lóð sinni við Bergstaðastræti vestanverðri, 22x12 al. að stærð með skúr 4x4 al. Húsið á að enúa frá N-S. og standa þannig að vesturhlið hess verði í sömu línu eins og vesturhlið á húsi Ragnh. Sigurðardóttur (Brennu).

4. Guðjóni Jónssyni útvisað lóð og hússtæði við Grettisgötu að sunnanverðu, austan við lóð Guðm. Magnússonar (sjá útmælingu 4. f.m.), lóðin, 25 al. með veginum og 45 al. suður frá honum, húsið 12x14 al. að stærð með skúr við suðurhlið 4x4 al. Tröppur bannaðar út að götunni.

5. Eiríki Þorkelssyni útvisað lóð og hússtæði við sömu götu að norðanverðu, austan við lóð Guðjóns Sigurðssonar (sjá útmælingu 4. f.m.), lóðin er 25 al. með götunni og 40 al. norður frá henni, húsið 8x9 al. að stærð með skúr við norðurhlið 3x4 al. Tröppur bannaðar út að götunni. Við útmelinguna 4.og 5. var veganeftindinni áskilinum heimild til að nota grjót úr lóðunum, sem hún þyrfti við bygging Grettisgötu.

6. Jóni Antonssyni útvisað lóð og hússtæði sunnan við Laugaveg, vestan við lóð C. Hertervig (sjá útmælingu 4. f.m.) lóðin er 25 al. með veginum og 40 al. suður frá honum, húsið 16x11 al. að stærð, með skúr sunnan við 4x4 al.

7. Sveini J. Einarssyni útvisað lóð sunnan við Hverfisgötu austan við lóð Guðmundar Sveinssonar (sjá útmælingu 4.f.m.) 25 al. með götunni og 40 al. suður frá henni, og leyft að byggja hús á henni 11x12 al. að stærð með skúr við norðurhlið 4x4 áln. Veganeftnd áskilin heimild til að taka grjót úr lóðinni eins og hún þyrfti til Hverfisgötu. Beiðandi leggur fram tiltölulegan kostað við veglagningu.

8. Bjarna Jónssyni og Þorsteinnssyni leyft að lengja fiskgeymsluhús við sjóinn hjá Bakkabúð um 16 al.(húsið er 9 al. breitt.). Leyfi þetta er bundið sama skilyrði sem sett

var, segar húsið var byggt í upphafi, að húsið verði fært í
burtru segar byggingarnefnd eða bæjarstjórn krefst þess.

Allir á fundi nema Helgi Helgason. Eiríkur Briem var
ekki við síðusu útmælinguna og Tr. Gunnarsson ekki við 6
hinar fyrstu.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Eiríkur Briem. Magnús Benjaminsson.
Tr. Gunnarsson. Bj. Guðmundsson.

verði fyrst
efst hefð
ar Briem va
ekki við
nús Benjam
Ár 1902, laugardsginn þ. 15. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá Jóni Björnssyni í Ánanaustum leyft að gjöra hús úr bæ sínum, þannig að hann breikki og bæti ofan á nyrðra bæjarhúsið, en rífi syðra bæjarhúsið og gjöri þar skúr með allri húshliðinni, og verður þá grunnflötur hússins og skúrsins jafnstór, eins og flatarmál bæjarins er nú.

Fleira ekki fyrir tekið.

Allir á fundi, nema Eiríkur Briem og Magnús Benjaminsson, (erlendis).

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj. Guðmundsson. Tryggvi Gunnarsson.
Helgi Helgason.

Ár 1902, briðjudaginn 18. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér, og tók há fyrir þessi mál:

1. Erindi frá P. Schreober presti í Landakoti um að leyft verði að láta hið fyrirhugaða sjúkrahús St. Jósefssystranna standi norðar (austar) í Landakotstúninu, en ákveðið var með útmælingargjörð 16. nóv. f.á. Með því að ráðgjört er að lengja Túngötu vestureftir yfir Landakotstún eftir þeirri stefnu sem gatan hefur að neðanverðu áður en hún fer að beygja suður á við, gat nefndin eigi leyft að setja sjúkrahúsið þannig að það verði í veki fyrir þessari götulengingu. En hinvegar er nefndin því samþykk, að húsið verði sett norðan við hið væntanlega framhald Túngötu svo neðarlega eða austarlega, sem lóðin leyfir, og þannig að það standi í sömu stefnu og vegurinn, með framhlið að honum.

2. Erindi frá Sveini Jónssyni snikkara, (sjá fund 18. f.m. 1.), um vegalegningu yfir Miðvöll og Suðurvöll. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að einn vegur skuli lagður yfir túnið frá N-S, samsíða Þingholtsstræti, austan við hús Einars Finnssonar við Bókhlöðustíg, 15 al. breiðan milli húsa.

3. Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum 6. þ.m. ákveðið samkvæmt heimildí bæjarstjórnarsamþykktinni 4. des. 1888, 20. gr., að jafna framvegis kostnaði við nýjar vegalagningar á hluta þeigandi lóðareigendur, og beiðzt tillögu byggingarnefndar um sömu tilhögum og niðurjöfnun þessa kostnaðar. Út af því lét nefndin það álit uppi, að réttast væri að allir lóðareigendur bæru þennan kostnað tiltöltölulega, ein þeir sem hafa fengið útvísad lóðir við fyrirhugaða veki eða vegalengingar, og það, hvort sem þeir hafa reist hús á lóðunum eður eigi, með því að önnur aðferð mundi valda ójöfnuði, og að vegagjöldum verði jafnað eftir fyrrirfram gerðri áætlun yfir allar vega-gjörðir, kostnaðurinn tiltöltölulega verður á hverja alin á lengd loðarinnar, sem að veginum liggja.

Fleira kom ekki fyrir.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason og Magnús Bejjamínsson, (erlendis).

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj.Guðmundsson. Tryggvi Gunnarsson.
Eiríkur Briem.

Ár 1902, þ. 1. mars átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi máléfni.

1. Sveini Jónssyni leyft að reisa hús vestan við Þingholtsstræti 55-65 al. norðan frá Skálholtsstíg á erfðafestulandinu Miðvelli og Suðurvelli, sem hann hefur eignað. Húsið á að verða 19x14 al. að stærð með hlið að Þingholtsstræti og útskoti á norðurhliðinni þeim megin 6x1 1/4 al. og skúr við vesturhlið 3x3 1/2 al.

2. Hans Hanssyni leyft að reisa hús á Steinholtslóð við Laufásveg 12x12 al. að stærð með skúr 4x4 al. Húsið snúi hlið að götunni og standi í sömu eða líkri stefnu og hús Ólafs bæjarfulltrúa Ólafssonar. Tröppur mega ekki vera út að götunni.

3. Hannesi Thorarensen leyft að reisa hús á lóð sinni, erfðafestulandinu Bergsbletti, 13 1/2x12 al. að stærð. Húsið snúi frá S-N, samsíða Laufásvegi, ofarlega og norðarlega í lóðinni. Við Norðurhlið var leyft að setja skúr 4x4 1/2 al. og við suðurgafl úтиhús 12x4 1/2 al. að stærð.

4. Tryggva Árnasyni leyft að gjöra skúr við suðurgafl húss síns í Bergstaðastræti 2x3 al. og og annan skúr við austurhlið hússins 3x3 áln.

5. Þórði Bjarnasyni lektor í Laufási leyft að gjöra skúr 3 1/4x2 1/4 inni í portinu við hús sitt.

6. Eiríki Eiríkssyni útvísad lóð sunnan við Grettisgötu 25 al. með veginum og 45 al. suður eftir næst fyrir austan lóð Guðjóns Jónssonar (sjá útmel. 1. f.m. 1.) og reisa hús á lóðinni, 10x10 al. að stærð með skúr við suðurhlið 3x4 áln. Tröppur mega eigi snúa út að götunni. Lóðareigandi tekur tiltölulega þátt í kostnaði við lagningu Grettisgötu á móts við aðra lóðareigendur við götuna.

7. Sigurði Jónssyni var útvísad lóð austan við lóðina næst á undan 25 al. frá A-V og 45 al. frá S-N. og leyft að reisa hús á lóðinni 9x10 al. með skúr við suðurhlið 3x4 áln. Honum voru sett sömu skilyrði sem Eiríki Eiríkssyni um tröppur og hluttöku í kostnaði við lagningu Grettisgötu.

8. Guðmundi Guðnasynti útvísad lóð sunnan við Hverfisgötu andspænis Sjávarborg, 28 1/2 al. með Hverfisgötu og 25 al. með Barónsstíg og leyft að reisa hús á þessari lóð með Hverfisgötu 12x14 al. að stærð með skúr við suðurhlið 4x4 áln. Tröppur mega eigi snúa að Hverfisgötu, og lóðareigandi tekur tiltölulegan þátt í kostnaði við lagningu framhalds þeirrar götu móti öðrum lóðareigendum þar.

9. Guðm. Oddssyni útvísad lóð norðan við Hverfisgötu, austan við lóð Þorsteins Guðmundssonar (sjá útmel. 4. jan. h.á. 12 lið.) austur að Sjávarborg, 34 1/2 al. með götunni og 25 al. frá N-S. og leyft að gjöra hús á lóðinni 12x12 al. að stærð með skúr við norðurhlið 4x4 áln. og voru honum sett sömu skilyrði um tröppur og hluttekningu í vegagjörðarkostnaði

sem Guðmundi Ganasyni var sett.

10. Guðmundi Matthiassyni leyft að reisa hús vestan við hús sitt við Lindargötu 10x9 al. að stærð með skúr við norðurhlið 3x3 áln.

11. Var Gunnari Gunnarssyni leyft að reisa hús 18 1/2 x 14 al. að stærð með skúr við suðurhlið 4x4 al. á lóðinni nr. 8 við Hafnarstræti í staðinn fyrir hús það, er þar hefur staðið og nú er rifið niður. Frammhlið hússins standi í beinni stefnu frá austur horni á húsinu nr. 12 í punkt við posthússtræti l feti sunnar en hornið á geymsluhúsinu, sem nú stendur vestan við nefnt stræti með hlið að Hafnarstræti.

12. Var Páli Ólafssyni útvísað lóð sú, er Guðmundur Sigurðsson fékk útmælda austan við Bergstaðastræti 5. nóvember 1898, en hefur ekki notað, og leyft að gjöra hús á lóðinni 11x12 al. að stærð.

13. Jóni Bjarnasyni leyft að gjöra útihús á lóð sinni nr. 33 við Laugaveg fyrir norðan íbúðarhúsið 5x14 al. að stærð Vesturgafli útihússins á a standa í sömu stefnu og vesturgafli íbúðarhússins.

14. Þórði Guðmundssyni útvísuð lóð sú við Laugaveg að norðanverðu, er Stefán Jónsson fékk útmælda 6. ág. f.á., en hefur afsalað sér, og leyft að reisa hús á lóðinni 11x12 al. að stærð með skúr við norðurhlið 4x4 al. Tröppur mega ekki snúa út að götunni.

15. H.Th.A.Thomsen verzln leyft að reisa hús á lóð sinni við Lindargötu 12x14 al. að stærð með skúr við suðurhlið 4x4 áln.

16. Með hví að St. Jósefssystur hafa farið fram á að sjúkrahús það, er þær ætla að reisa, megi standa sunnan við en ekki norðan við ventanlegt framhald Túngötu eins og samþykkt var á fundi nefndarinnar 18. f.m.k.mál. Hví miðja vegu milli kirkjunnar og Landakotshúss, há samþykkti nefndin hessa breytingu.

Allir á fundi, nema Eiríkur Briem og Magnús Benjamínsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Helgi Helgason. Tryggvi Gunnarsson.
Bj. Guðmundsson.

Ár 1902, þ. 8. mars átti byggingarnefndin fund með sér,
og komu fyrir þessi málefni.

1. Gunnar Gunnarsson fór fram á að mega setja 1 tröppu-
stein fram á stéttina við dyr á húsi því, sem hann ætlar að
byggja á lóð sinni nr. 8 í Hafnarstræti (sjá fund 1. þ.m.
11. li.). Byggingarnefndin sá sér eigi fært að leyfa þetta
sökum þess, að hið nýja hús færst að töluverðum mun framar
í götunni, og þykir því eigi mega þrengja hana meira með
með tröppusteinum við húshliðarnar.

2. Var Jóhannesi Jónssyni og Vilhjálmi Jakobssyni leyft
að reisa hús á lóð, sem heir hafa keypt af Jónasi Helgasyni
sunnan við Traðarkot á stærð, á húsið að snúa frá
N-S. stefna gaflanna eins og stefna Laugavegar, og vera 16x
14 al. að stærð með skúr 4x4 al. við austurhlið.

Allir á fundi, nema Magnús Benjaminsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj. Guðmundsson. Eiríkur Briem.
Tryggvi Gunnarsson. Helgi Helgason.

Ár 19'2, 12 marz átti byggingarnefndin fund með sér á lóðinni nr. 11 við Pósthússtræti eftir beiðni M.Th.Jensen eiganda veral. "Godthaab", sem nú er orðinn eigandi að téðri lóð. Var þá beiðandanum leyft að reisa tiburgeymsluhús á norðausturhorni lóðarinnar 20 al. á breidd frá N-V. og 35 al. á lengd frá N-S.; en jafnframt var áskilið, að hann reisi löglegan eldvarnarvegg heim megin, sem snýr að ljósmyndahúsi A.Thorsteinssonar (Austurstræti 20) og geymsluhúsi Ásgríms Eyþórssonar (Austurstræti 18), og að öðryg leyti geymist réttur eiganda lóðarinnar nr. 20 í Austurstræti og nr. 4 í Lækjargötu óskertur að hví er eldvarnargafl snertir á lóðarmörkum þeirra, að svo miklu leyti sem beiðandi nær eigi samkomulagi við þá.

Allir á fundi nema Magnus Benjamínsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj.Guðmundsson. Eiríkur Briem.
Tryggvi Gunnarsson. Helgi Helgason.

Ár 1902, þ. 5. apríl átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þá:

1. Þorkeli Ólafssyni leyft að reisa hús austan við Bergstaðastræti fyrir sunnan lóðina nr. 12 við Skólavörðustíg (Geysi) á lóðarbletti sem beiðandinn hefur keypt úr Neðraholtsbletti. Húsið á að vera 11x12 al. að stærð, snúi frá N-S. og framhlið bess standi eftir beinni línu, er dregin sé milli norðvesturhornanna á húsunum nr. 11 og nr. 15 á Bergstaðastræti. Skúr verður austan við húsið, 3x3 1/2 al. að stærð.

2. Guðm. Guðmundssyni fulltrúa leyft að reisa hús á lóð sinni vestanverðri niður við Laugaveg 12x14 al. að stærð með skúr við suðurhlið 3x3 al. að stærð. Húsið á að standa 5 áln. frá mörkum lóðarinnar næst fyrir vestan (nr. 22).

3. Magnúsi R. Jónssyni útvísad lóð og hússtæði sunnan við Grettisgötu, vestan við lóð Sigurðar Jónssonar (sjá útmæl. 1. f.m.) 25 al. frá A-V og 45 al. frá N-S., og hússtæði á lóðinni 8x9 al. að stærð með skúr við suðurhlið 3x3 1/2 al. Með tilliti til hluttöku í kostnaði við vegarlagningar var gjört venjulegt skilyrði.

4. Guðmundi Jakobssyni leyft að gjöra hús við Laugaveg á lóðinni nr. 59, er hann hefur keypt af Jónasi Jónssyni (sjá útmæl. 2. apríl 1898), 11x10 al. að stærð með skúr við norðurhlið 3x3 1/2 al.

5. Eiríki Björnssyni leyft að stækka útihús syðst á lóð sinni við Vonarstræti um 5x7 3/4 al.

6. Magnúsi Ólafssyni leyft að gjöra útihús 7x7 1/2 al. að stærð sunnan við hús sitt við Lækjargötu og áfast við húsið. Einnig var honum leyft að gjöra geymsluhús austast á lóðinni 4x10 að stærð; skúrbakini á að halla inn á lóðina og og skúrinn eigi vera hærri en girðingin með götunni.

Allir á fundi, nema Magnús Benjaminsson og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Eiríkur Briem. Bj.Guðmundsson.
Helgi Helgason.

Ar 1902, þriðjudaginn 8. apríl átti byggingarnefndin í Landakotstúni.

Var það tilefni fundarins, að nefndarmaðurinn Helgi Helgason skýrði formanni nefndarinnar frá því daginn áður að byrjað væri að grafa fyrir og púkka undir undirstöður að hinu fyrirhugaða sjúkrahúsi St. Jósefssystranna á öðrum stað og með annari stefnu en nefndin hafði ákveðið, og kannaði formaðurinn því framhald þessarar byggingar. Sá nú fyrir beiðni frá P. Schreiber presti um að leyft verði að reisa sjúkrahúsið á þeim stað, sem byrjað er að leggja undirstöður að. En það gat nefndin ekki samþykkt, sökum þess að sjúkrahúsið mundi há girta fyrir beint framhald Túngötu og horn þess gengi fram í miðja götuna. Á fundi 18. febrúar þ.á. ákvað nefndin, að sjúkrahúsið mætti standa norðan við væntanlegt framhald götu þessarar og með sömu stefnu og hún, en síðar var samþykkt, út af mótmælum frá Schreiber presti, að húsið mætti standa sunnan við götuna og samsíða henni. Nú var þessi útmæling nánar ákveðin, og markaði nefndin fyrir norðurbrún á væntanlegu framhaldi Túngötu og sagði fyrir að húsið yrði sett 16. al. fyrir sunnan þá línu í sömu stefnu eins og gatan, á svæðinu milli kirkjunnar og Landakotshúss.

P. Schræber prestur og Guðjón Gamalielsson steinsmiður, sem stendur fyrir grunnsmíðinni, voru viðstaddir, og var heim tjáð þessi málalok.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson, og Magnús Benjaminsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Helgi Helgason. Eiríkur Briem.
Tryggvi Gunnarsson.

Ár 1902, laugardaginn 19. apríl átti byggingarnefndin fund með sér, og komu þá fyrir þessi malefni:

1. Carli Bjarnason útvísað hússtæði í Hlíðarhúsabletti nr. 3, á lóð, sem hann hefur keypt austan við stiginn milli Vesturgötu og Stýrimannaskólans, en norðan við lóð frú L.Finnbogason, og er sú lóð 20 al. með stignum, en 50 al. að meðaltali austur frá honum. Á húsið að vera 12x14 al. að stærð, standa nyrzt í lóðinni og snúa frá A-V. í sömu stefnu og Vesturgata.

2. Magnúsi Árnasyni leyft að gjöra skúr norðan við hús sitt í Aðalstræti 4x5 al. að stærð með eldvarnarvegg að norðanverðu.

3. Björgu Jónsdóttur ekkju í doktorshúsi, var leyft að lengja útihús á lóðinni, svo að það stækkar um 6x8 al. Jafnframt lætur hún rífa niður annað útihús gamallt og salerni 15 1/2x6 1/2 al. og 3x2 1/2 al. að stærð.

4. Halldóri M. Ólafssyni leyft að reisa útihús sunnantil á lóð sinni við Nylendugötu 8x10 al. að stærð, og honum jafnframt tjáð, að hann yrði að koma sér saman við eiganda nágrannalóðanna um eldvarnarvegg ef hann vildi setja húsið nær lóðarmörkum en 5 áln.

Allir á fundi nema Helgi Helgason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj. Guðmundsson. Tryggvi Gunnarsson, var ekki samþykkur nr. 1. Eiríkur Briem. Magnús Benjamínsson.

Ár 1902, þ. 26. apríl átti byggingarnefndin fund með sér,
og var þá:

1. C.Zimsen konsúl fyrir hönd frakknesks félags leyft
að reisa sjúkrahús í Eyjólfssstaðbletti, austan við Frakka-
stíg, norðan við fyrirhugað framhald Lindargötu. Vesturgafl
hússins sé í sömu stefnu og Frakkastigur, en framhlið hess
snúi móti suðri. Aðalhúsið á að vera 12x23 1/2 al. að stærð
og þverhús til beggja enda 9x13 1/2 al. hvort. Ennfremur á
a vera útbygging norður úr miðju aðalhúsinu 11x10 5/8 al.
að stærð.

2. Þórði Guðmundssyni útvísad hússtæði sunnan við vænt-
anlegt framhald Hverfisgötu austur á böginn, á lóðarbletti,
sem hann hefur keypt úr Kasthúsaþóð (Sigurðar Jónssonar) 1620
ferhyrningsálnir að stærð, og á húsið að vera 11x12 áln. að
stærð með skúr við suðurhlið 3x4 áln. Sem nauðsynleg viðbót
við lóðina til hess að húsið geti staðið rétt í húsaröðinni,
var beiðanda, gegn munnlegu samþykki bœjarstjórnarinnar veitt
ræma sunnan af Hliðarlóð ca 25 ferhyrningsálnir alls, sem
sem verður fyrir sunnan Hverfisgötu. Áskilið er, að tröppur
verði ekki út að götunni og að lóðareigandi taki tiltölulegan
rátt í kostnaði við lagningu Hverfisgötu.

3. Hannesi Thorarensen leyft að fera hússtæði það, er
honum var útvísad 18. febrúar þ.á. á lóð hans Bergsbletti
norðar og vestar á lóðina, þannig að það snúi gafli að stíg
heim, sem er fyrir norðan Bergsblett og standi í sömu stefnu
og Laufásvegur.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson. Eiríkur Briem var
ekki við síðustu fundargjörðina.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Helgi Helgason. Eiríkur Briem.
Tr.Gunnarsson. Magnús Benjamínsson.

Ár 1902, laugardaginn 3. maí átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Gunnlaugi Ó. Bjarnasyni útvísad lóð og husstæði austan við Laufásveg næst fyrir sunnan lóð Jóns Eiríkssonar, lóðin 25 al. með veginum og 35 all austur eftir, og hússtæðið 12x10 all að stærð, með skur 3x4 áln. við austurhlíð. Gangrið inn í húsið má ekki vita að götunni.

2. Birni Jenssyni leyft að gjöra fjós og hlöðu í Félagsgarði 15 1/2x8 áln. að stærð. Fjós, sem nú stendur í lóðinni verður jafnframþ rifið niður, svo að auk hins nýja húss verða eigi önnur hús þar, en bærinn, sem er 8x12 áln. að stærð.

3. Sveini Jómssyni útvísad lóð og hússtæði norðan við Grettisgötu, austan við lóð Eiríks Þorkelssonar (sjá fund 1. febr. 1.á. 5.). Lóðin 25 al. með götunni og 40 al. norður frá henni, og húsið 9x10 al. að stærð með skúr 3x3 áln. Gangrið inn í húsið má ekki vita að götunni. Lö'areigandi tekur tiltölulegan þátt í kostnaði við lagningu Grettisgötu.

4. Var sama manni, Sveini Jónssyni, leyft að stækka hússtæði, er honum var mælt sunnan við Laugaveg 9. apríl f.á. 10x11 áln., þannig að það verði 12x14 áln. að stærð og leyft að gjöra geymsluskúr á sunnanverðri lóðinni 9x10 al. að stærð.

5. Jóhannesi Jenssyni og Vilhjálmi Jakobssyni leyft að gjöra hússtæði það, er heim var mælt á fundi 8. mars 1.á., 1 alin lengra suður á við, þannig að húsið verði 17 áln. á lengd.

6. Einari Finnssyni leyft að gjöra útihús vestan við hið nýja hús hans við Klapparstíg 6x6 áln. að stærð.

7. Einari Benediktssyni eigandi Helgabæjarlóðar for fram á að honum yrði útvísuð ræma norðan við téða lóð, sem hann án heimildar hefur látið girða með lóðinni. Fór hann nú fram á að honum yrði útvísuð þessi ræma, en byggingarnefnd gat ekki veitt það, með hví að ræman er ætluð til breikkunar á Grjótagötu, en leyft að grjótgarður, sem hlaðinn er norðan við ræmuna, mætti standa í bráðina þangað til hús verður byggt á lóðinni, gegn skriflegri skuldbindingu beiðanda Þinglessinni á hans kostnað um að hann taki þá girðinguna burtu.

8. Samúel Guðmundssyni, sem er orðinn eigandi hússins nr. 29 við Laugaveg, leyft að lengja húsoð austur eftir um 8 1/2 al., og verður viðbótin 11 álna breið, með eldvarnar-gafli að austanverðu.

9. Siggeir Torfasyni leyft að gjöra skúr við austurgafl á húsi hans við Laugaveg 6x14 áln. að stærð. Skúrinn á að vera með flötu þaki, er hallar norður af.

lo. Guðmundi Egilssyni, sem nú er eigandi lóðarinnar nr. 57 við Laugaveg, leyft að gjöra hús á lóð tessari 12x12 al. að stærð með skúr 3x4 áln. eins og áður ákveðið. (Sjá fund 4. júní 1898, nr. 2).

11. Magnúsi R. Jónssyni leyft að gjöra hús á lóð sinni Kóllersbæjarlóð fyrir norðan Hverfisgötu 9 1/2 x 10 1/2 al. að stærð með skúr við norðurhlíð 3x3 áln. Gangrið upp í húsið má eigi snúa að götunni; lóðareigandi tekur háttöku í kostnadi við Lagningu Hverfisgötu tiltölulega við aðea lóðareig.

12. Bjarna Jónssyni leyft að setja brenn gangrið við vesturhlíð húss hans austan við Vitatorg, og eiga gangriðin að liggja með húshliðinni (ekki út frá hnni) og vera 1 3/4 al. breið.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj. Guðmundsson. Eiríkur Briem.
Tr. Gunnarsson. Magnús Benjaminsson. Helgi Helgason.

Ár 1902, þ. 17. maí átti byggingarnefndin fund með sér.

1. Var Pétri Jónssyni Vesturgötu leyft að stækka hus sitt þar um 7x11 al. norður á við og jafnmikið suður á við, þannig að það kemur fram í húsaröðinni norðan við Vesturgötu. Nyrðri viðbóina reisi beiðandi á eigin lóð, en undir syðri viðbótina var honum veittur viðauki af bæjarins lóð. Skúr 3 1/4x3 3/4 og salerni 2x1 al. að stærð verður rifið niður jm leið og bessir húsaúkar verða reistir.

2. Jóni Sveinssyni leyft að reisa hús 12 1/2x15 áln. að stærð með skúr norðanvið 3x4 áln. á lóð hans í Hlíðarhúsa-landi, og á húsið að standa norðan við væntanlegt framhald Nýlendugötu.

3. Jóni Hannessyni leyft að reisa hús 9x10 al. að stærð á lóð hans í Austurstræti. Jafnframt rífur hann niður moldarkofa 6x7 al. að stærð.

Allir á fundi nema Eiríkur Briem og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj.Guðmundsson. Magnús Benjamínsson.
Helgi Helgason.

Ár 1902, þ. 30. máí átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Formaður nefndarinnar lagði fram bréf frá landshöfðingjanum yfir Íslandi, dags. 28. þ.m., og erindi frá Einari veitingamanni Zöega til landshöfðingjans, þar sem hann ber sig upp undan því, að byggingarnefndin hafi fellt úr gildi leyfi, er hún veitti honum 22. okt. f.á. til a lengja þús hans nr. 17 í Vesturgötu austur á við um 8 3/4 al. að norðanverðu og 6 3/4 al. að sunnanverðu, og fer fram á að þessi ógilding leyfisins verði ónýtt. Beiðist landshöfðinginginn umsagnar byggingarnefndarinnar um þetta erindi og óskar sérstaklega að nefndin gjöri grein fyrir, sumpart fyrir því, með hvaða heimild og af hverjum ástæðum hún hafi fellt úr gildi útmælingargjörð sína 22. okt. f.á., því hó bess sé getið, tilefni til útmælingargjörðarinnar 30. s.m. að ágreiningur hafi risið upp um eignarréttinn til hinnar útmældu lóðar, þá virðist byggingarnefndin á fundi 21. des. f.á. réttilega hafa kannast við það, að slíkur ágreiningur sé henni óviðkomandi, sbr. dómsmálastjórnarbréf 29. sept. 1865, sumpart, þar sem það samkvæmt nefndu stjórnarbréfi eingöngu sé ætlunarverk byggingarnefndarinnar, að sjá um þarfir þejarfélagsins, fyrir því, í hverju oftnefnd útmæling 22. okt. f.á. komi í bága við hagsmuni bess, að því leyti sem hún heimilar að lengja húsið um meir en 3 álnir.

Um erindi þetta leyfir nefndin sér að athuga, það sem eftir segir:

Byggingarnefndinni er það fyllilega ljóst, að það er, eins og segir í dómsmálastjórnarbréfi 29. sept. 1865, eingöngu ætlunarverk hennar, að sjá um þarfir þejarfélagsins, að henni eru óviðkomandi lóðartrætur einstakra manna og ber ekki að leggja neinn úrskurð eða hafa nein áhrif á það. Þess vegna hefir nefndin fylgt heirri reglu, þegar 2 menn helga sér sömu lóðina, og annar biður um útmælingu hússtæðis á henni, en hinn mótmælir því, að synja slíkri beiðni. Þegar svo stendur á, sem hér segir, skilur nefndin stöðu sína þannig, að henni beri ekki að framkvæma neina þá gjörð, er breytir afstöðu hlutadeiganda í lóðartrætumálínus, eða gjöri það að verkum, að heir standa öðruvísí að vígi en áður, annar betur en hinn ver. Með því að synja um útmælingu, er þessari afstöðu látið óraskað, en með því að samþykka hana er öðrum málsaðilja gjört hægra fyrir og honum veitt hlunnindi, sem meðal annars geta komið fram í því að færa sönnunarskylduna yfir á mótpartinn. Að öðru leyti hefur kærandi lýst því sjálfur allgreinillega, hverra hagsmuna hann væntir sér af útmælingunni, og nægir að skýrskota til bess. En þar sem nefndin á að leiða hjá sér öll afskipti af lóðartrætum einstakra manna, álitur hún sig ekki færa um að veita öðrum málsaðilja slika hagsmuni gegn mótmælum hins.

Bessa heimild og þessar ástæður telur nefndin sig hafa haft til bess að fella úr gildi útmælingu þá er kæranda var veitt 22. okt. f.á. Hann tjáði þá nefndinni að lóðin væri sín óátalin eign, og í því trausti samþykkti nefndin útmæl-

inguna sem húnna ella ekki hefði gjört. Þessa útmælingu, sem hannig var gjörð eftir rangri sögusögn kæranda áleit nefnd. in sér heimilt að fella úr gildi, þegar mótmæli komu fram frá eiganda næstu lóðar frú Karen Lárusdóttur, sem eignar sér meiri part hinnar útmældu lóðar, og hví fremur áleit nefndin sér þetta heimilt af hví að upplýsingar hér er lagðar voru fram fyrir nefndina, virtust eindregið benda á að kærandi etti eigi hina/umræddu lóð. /umþrættu lóð.

Nefndin fær ekki séð, að hessi ógildingargjörð, sem amtið hefur samþykkt, komi í bága við áðurgreint stjórnarbréf 29. sept. 1865. Í hví bréfi er synjað málaleitan um að veita byggingarnefndinni myndugleika til að bjóða húseiganda að færa til hús, sem hann hafði reist með leyfi nefndarinnar, en kærandi er þar á móti eigi byrjaður á húsgjörðinni, hví til þess verður það tæplega talið, að hann hefur sett upp stokka í kring um ló ina til að steypa í undirstöðurnar.

Að hví er snertir ítrekaða beiðni kæranda í bréfi dags. 16. f.m. um endurnýjun útmælingarinnar frá 22. okt. f.á., þá hefur nefndin ekki séð sér fárt að taka hana til greina, þeði af framangreindum ástæðum og enn fremur fyrir þá sök, að hún álíttur sér ekki héimillt að breyta byggingarnefndargjörð, sem amtið hefur staðfest.

2. Ákvað nefndin framhald Nýlendugötu austur eftir. Með hví að beint framhald götu þessarar stefnir niður í sjó, mundi lenda í töluverðum halla og kosta þejarsjóð allmikið fé til lóðarkaupa, þótti nefndinni bezt fara á hví að beygja austurenda götunnar frá Norðurbæ nokkuð suður á við hannig að hún komi á Norðurstíg, þar sem hús Guðjóns S. Jónssonar stendur og norðan við það. Vinnst það með þessu, að vegurinn verður hallaminni og nokkur lóðarkaup sparast.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj. Guðmundsson. Eiríkur Briem.
Magnús Benjamínsson. Helgi Helgason.

Með þeirri athugasemd að ég tel ekki samnað að kærandi eigi ekki lóðina. Tr. Gunnarsson.

Ár 1902, 11. júní átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Halldóri Þorlákssyni, sem er orðinn eigandi húseignarinnar nr. 8 í Þingholtsstræti (áurur eign Þórðis Guðmundssonar) leyft að lengja húsið um 14 álnir til suðurs, breiddin 10 áln., og gjöra skúr við vesturhlið 3x4 al. að stærð.

2. Jóni Jenssyni leyft að reisa geymsluhús norðan við í-búðarhús sitt í Þingholtsstræti 8x15 áln. að stærð.

3. Halldóri Briem útvísad lóð og hússtæði austan við Laufásveg sunnan við lóð Gunnla. O. Bjarnasonar (sjá fund 3. f.m.) Lóðin er 30 al. með veginum og 35 al. austur í holtið, en húsið 10x12 al. með skúr við austurhlið 3x4 al. að stærð. Gangrið má ekki vita út að götunni.

4. Birni Guðmundssyni útvísad lóð og hússtæði við Bergstaðastræti sunnan við lóð Páls Guðmundssonar (sjá fund 1. febr. b.á.). Lóðin er 25x40 áln. að stærð og hússtæðið er 10x12 al. með skúr við suðurhlið 3x4 áln. Gangrið má ekki snúa að götunni.

5. Eyþóri Oddssyni leyft að byggja upp suðurenda á þeim sunnum við Bergstaðastræti, þannig að hann verður allur að stærð 7x15 áln. með skúr 3x3 áln.

6. Guðmundi Þórðarsyni útvísad lóð og hússtæði sunnanvið Skólavörðustíg, austan við Efra-hóltsblett; lóðin 25 al. með götunni og 35 áln. suður frá henni, og húsið 10x12 áln. að stærð með skúr að sunnanverðu 3 1/2x4 áln. Gangrið má eigi snúa út að götunni.

7. Benedikt H. Benediktssyni útvísad loð og hússtæði fyrir austan næstu lóð á undan, lóðin 25 al. með götunni og 35 al. suður frá henni, og húsið 9x11 al. að stærð með skúr að sunnanverðu 3 1/2x4 áln. Gangrið má ekki snúa að götunni.

8. Árna Sæmundssyni útvísad lóð og hússtæði norðanvið Gretu-isgötu fyrir austan lóð Sveins Jónssonar (sjá útmælingu 3.f.m.) lóðin 25x40 áln. og hússtæðið 9x10 al. með skúr að norðanverðu 3x3 1/2 al. Bannað var að láta gangrið snúa út að götunni, og áskilið að beiðandi taki tiltolulegan þátt í kostnaði við lagningu Grettingsgötu.

9. Pétri Jónssyni, sem hefur rifið niður hús sitt nr. 20 b við Laugaveg, leyft að reisa hús á sama stað 16 1/2x13 áln. að stærð. Honum var leyft að hafa eitt þrep út á stéttina við götudyrnar.

10. Guðmundi Ámundasyni, sem hefur eignast lóð þá við Laugaveg, er útvísad var Runólf Þorsteinssyni 2. nóv. f.á. var í staðinn fyrir húsamælingu er þá var gjörð á lóðinni leyft að gjöra þar íbúðarhús 13 1/2x11 al. með skúr að sunnanverðu 3 1/2x4 al. og geymsluskúr í suðausturhorni lóðarinnar 7x11 al. að stærð.

11. Bjarna Jónssyni, sem hefur eignað ræmu vestan af lóð Guðmundar Diðrikssonar 25x4 1/2 al. að stærð, var leyft að reisa á þeirri lóð og eigin lóð útihús 4x55 al. að stærð.

12. Guðmundi Diðrikssyni veitt viðbót norðan við lóð hans 20 1/2 al. x 5 1/2 al. að stærð.

13. Ófeigi Vigfússyni, sem er orðinn eigandi að húseign Sigurjóns Guðmundssonar á Hverfisgötu leyft að gjöra skúr sunnan við húsið 3 1/2x7 al. að stærð. Jafnframt rifur hann niður skúr 3 1/2x3 al. og salerni 1 1/2x1 1/2 al. að stærð.

14. Birni Símonarsyni leyft að reisa skúr í suðausturhorni lóðar sinnar við Vallarstræti, og 9x3 3/4 al. að stærð og salerni 2x1 3/4 al.

15. Jóhannesi Lárussyni leyft að gjöra smiðahús 9x16 al. að stærð á sunnanverðri lóð sinni (áður lóð Páls Sigurðssonar) við Laugaveg.

16. Landshöfðinginginn hefir í bréfi, dags. 15. b.m. lagt fram úrskurðá kvörtun frá Einari Zöega (sjá fund 30. f.m.) að byggingarnefndinni beri að nýju að taka fyrir útmælingarbeiðni Zöega um lenging á húsi hans austur eftir, sem honum var veitt 22. okt. f.á., og fellt úr gildi 30 s.m., og lagt fyrir nefndina að framkvæma mælinguna að geymdum rétti annara til lóðarinnar. Fyrir hví endurnýjaði nefndin téða útmælingu frá 22. okt. f.á., þannig að beiðanda er leyft að lengja húsið austur eftir um 8 3/4 al. að norðanverðu og 6 3/4 al. að sunnanverðu, ó með hví skilyrði, að hann haldi opinni ræmu frá húsinu nr. 15, sem liggar út í rennum sunnan við Vesturgötu, og gangi þannig frá henni, að hún verði hreinsuð þegar áharf að halda, með hví að sú kvöð samkvæmt hinni uprunalegu útmælingu hvílir að minnstakosti á nokkrum hluta hinnar umræddu lóðar, að hola vatnsrennsli út rennuna gegn um Vesturgötu.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason og Tr. Gunnarsson..

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj. Guðmundsson. Eiríkur Briem.
Magnús Benjaminsen.

Ár 1902, þ. 21. júní átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Út af beiðni frá Valdimar Ottesen létt nefndin bað áli uppí, að ekki mundi verða neitt hví til fyrirstöðu, að hús yrð reist á norðvesturhluta Hákotslóðar, allt að 13 al. langt frá A-V og 11 1/2 al. breitt frá N-S., ef til kæmi.

2. Guðmundi Guðmundssyni Skáholti leyft að gjöra skúr austan við hús sitt 7x4 1/2 al. að stærð.

3. Eftir beiðni bæjarstjórnarinnar athugaði nefndin uppsátursstaði, sem uppsætingarfélag Reykjavíkur hefur falazt eftir í Hlíðarhúsamýri niður við sjóinn fyrir 3-4 skip fyrst um sinn, og áleit nefndin eigi fyrir sitt leyti neitt hví til fyrirstöðu, að féluginu væri látin eftir hin umbeðna lóð, gegn venjulegu lóðargjaldi, svo að stakkstæði, sem nú eru á lóðinni, yrðu ekki tekin af hlutadeigendum án heirra samþykkis fyrr en í haust, er heir eru hættir að nota þau.

4. Björku Jónsdóttur í Doktorshúsi leyft að stækka skúr þar um 2x8 al.

5. St. Jósefssystrum í Landakoti leyft að gjöra útihús 12x6 al. að stærð norðan við vesturenda hins nýja spítala.

6. Guðmundi Jónssyni Sauðagerði leyft að gjöra skúr við bæ sinn 6x4 al. að stærð.

7. Sigurði Jónssyni Görðunum leyft að stækka geymsluhús þar um 5x12 al.

8. A. Frederiksen leyft að byggja þkúr við austurenda húss hans í Fischerssundi 5x12 að stærð. Um leið rífur hann vesturenda af skúr sem nú er á lóð hans, svo að skúrinn minkar um 4x5 1/4 al.

Allir á fundi nema Eiríkur Briem.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj. Guðmundsson. Magnús Benjaminsen.
Tr. Gunnarsson.

Ár 1902, laugardaginn 5. júlí átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi mál:

1. Jóni Þórðarsyni kaupmanni leyft að reisa hús á lóðinni við Bankastræti (mylnulóðinni) $13\frac{1}{2} \times 13\frac{3}{4}$ al. að stærð. Hlið hússins, sem snýr að Bankastræti á að standa í húsaröðinni, en leyft var að hafa 2 framskot á heirri $1\frac{1}{4}$ al. norður úr hliðinni 4 al². hvert og innögurið milli heirra, þannig að neðsta breipið að eins gangi fram fyrir sau. Austurhlið hússins á að standa í húsaröðinni við Ingólfssstræti.

2. Hússtæði, sem Sigurjóni Guðmundssyni var veitt við Grettisgötu á fundi 5. okt. f.á. stækkað eftir beiðni hans þannig, að húsið verði að stærð $14 \times 10\frac{1}{2}$ al. og skúrinn 4×4 al.

3. Hússtæði Ingvars Guðmundssonar við Laugaveg (sjá fund 2. márz f.á.) lengt eftir beiðni hans um 1 al.

4. Sveini J. Einarssyni leyft rýmkun á hússtæði, er honum var veitt við Hverfisgötu 6, 1. feb. f.á., þannig að húsið verði 9×8 al. og skúrinn 3×4 al. að stærð. Húsið a að vera með háum kjallara og rakið með risi (ekki flatt).

5. Þorsteini Guðmundssyni útvísað lóð og hússtæði við Hverfisgötu að sunnanverðu, lóðin 25 al. með götunni og 40 al. suður frá henni, og húsið 10×10 al. með skur 4×3 al. að stærð. Inngangrið götumegin bannað og áskilið, að lóðareigandinn taki tiltölulegan hátt í kostnaði við lagningu Hverfisgötu.

6. Mælt likhússtæði $10 \times 6\frac{1}{2}$ al. að stærð handa spítala frakknesku stjórnarinnar á Eyjólfssstaðabletti, austan við spítalann í stefnu við miðálmuna norður úr honum.

7. Ákvað byggingarnefndin stefnu og legu nýrrar götu, er hún telur nauðsynlegt að taka upp í Skólavörðuhloti, jafnhliða Grettisgötu. Fjarlægð hinnar nýju götu frá þessari götu þykir hafi leg 70 al. milli norðurhliðar á syðri húsaröð við Grettisgötu og suðurhliðin á nyrðri húsaröð við nýju götuna, en gatan sé al. breið. Nefndin stingur upp á að gatan verði nefnd Hjörleifsgata eftir Hjörleifi landnámsmanni.

Allir á fundi, nema Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Magnús Benjaminsson. Bj. Guðmundsson.
Eiríkur Briem.

Ár 1902, þann 19. júlí átti byggingarnefndin fund með sér,
og komu fram þessi málefni:

1. Reinh. Andersen og Erl. Erlindssyni leyft að gjöra
salerni á lóð sinni hr. 9 við Aðalstræti 2x8 al. að stærð;
þóku standa meðfram suðurhlíð geymsluhússins á lóðinni, og
skal sunnan og austan við hau reisa svo háa girðingu, að
hau sjáist eigi af heim, er leið eiga á þejarfógetaskrifstofuna.

2. Ásgeiri Sigurðssyni leyft að gjora fjós og heyhús á
lóð sinni við Suðurgötu 10x6 1/2 al. að stærð.

3. Var ákveðin stefna nýrrar götu frá Landakotslóð norður
á Vesturgötu þannig, að gatan verði lögð samsíða (parallel)
stignum upp að Stýrimannaskólanum og gangi frá austurenda
kaþólska spítalans, eftir Hliðarhúsabletti nr. 2 á Vesturgötu
milli hússanna nr. 27 og nr. 29 sunnan við götuna og milli
hússanna hr. 28 og nr. 30 norðan við hana. Er ætlazt til að
gatan verði 18 álna breið.

4. Steinunni Einarsdóttur leyft að stækka hús sitt við
Nýlendugötu um 28 1/4 feralin.

Allir á fundi, nema Eiríkur Briem og Magnús Benjamínsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Tr. Gínnarsson. Bj. Guðmundsson.

Ar 1902, mánudaginn þann 4. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá:

1. Leyfð stækkan á fordýri við leikfimishús lærða skóla-
ans um 5x6 álnir.
2. Hans Hannessyni leyft að gjöra forstofu við norður-
gafli á húsi hans við Laufásveg 2 1/2x4 áln. að stærð.
3. Hannesi Hannessyni útvísad lóð austan við Bergstaða-
stræti sunnan við lóð Björns Guðbrandssonar (sjá fund 11.
júní f.á. 4. lið), 25x40 al. að stærð og hússtæði á lóðinni
11x10 al., með skúr 3x4 al. að stærð. Inngangsrið má ekki
snúa út að götunni. Lóðareigandi tekur tiltölulegan þátt í
kostnaði við framhald Bergstaðastrætis.
4. Hólmfríði Gísladóttur útvísad lóð vestan við Bergstaða-
stræti norðan við veg þann, sem á að leggja milli Bergstaða-
strætis og Laufásvegar norðan við Stekkjarkotstún, 25 al. frá
S-N. og 40 al. frá A-V., og hússtæðið á lóðinni 8x10 al. að
stærð með skúr við vesturhlið 3x4. Sama ákvæði var gjört um
inngangsrið og kostnað við framhald Bergstaðastrætis eins og
við mælinguna næst á undan.
5. Guðmundi Guðmundssyni útvísad lóð norðan við Grettis-
gotu austan við lóð Árna Sæmundssonar 26 al. með götunni og
40 al. norður frá henni, og hússtæði á lóðinni 11x12 al. að
stærð með skúr við norðurhlið 4x4 al. Sama skilyrði um úti-
dyragangrið og eins hluttöku í kostnaði við framhald Grettis-
götu.
6. Guðmundi Jakobssyni útvísad lóð næst fyrir austan
lóðina á undan 30 al. með Grettisgötu og 40 al. norður frá
henni, og hússtæðið á lóðinni 10x12 al. að stærð með skúr við
norðurhlið 3x4 al. Að öðru leyti sömu skilyrði, sem við mæl-
inguna næst á undan.
7. Sveini Sveinssyni leyft að gjöra ljósmyndaverkstofu
ofan á austurenda húss hans við Bankastræti. Vesturveggir
byggingar hessarar verður úr gleri og áx að hallast austur á
við að ofanverðu um 2 áln. Leyfi þetta fellur burtu, þegar
húsið nr. 12 í Bankastræti verður hækkað, nema því aðeins að
eldvarnarveggur sá, sem nú er milli eignanna verði jafnframt
nægilega hækkaður.
8. Pétri Jónssyni leyft að gjöra skúr við hús sitt nr. 20
við Laugaveg 2 1/2x3 áln. að stærð, og stækka salerni um 4 al.²
9. Kristjáni Einarssyni (sjá útmæl. 11. des. f.á. 18.).
leyfð sú breyting á hússtæði hans við Vitastíg, að það verði
10x11 al. í staðinn fyrir 9x10 al.
10. Guðmundi Ingimundarsyni leyft að reisa hús á lóð
sinni við Bergstaðastræti nyrzt, 14x12 al. að stærð með skúr

við austurhlið 3x4 áln. Norðurgaflinn sé eldvarnarveggur.
Leyft var að hafa 1 Stein við útidyr fram að götunni, 12
þumlunga breiðan og 8 þumlunga háan.

11. Hannesi Thorarensen leyfð stækjun á geymsluhússtæði
á lóð hans við Laufásveg, Hannig að það verði 11x6 al. að
stærð í staðinn fyrir 12x4 1/2 al. (sjá útmæl. 1. marz. B.A.
3.).

Allir á fundi, nema Eiríkur Briem og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj. Guðmundsson. Magnús Benjaminsen.

Ár 1802, þ. 16. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér og var þá Guðjóni Sigurðssyni mælt hússtæði á lóð hans milli Hafnarstrætis og Pósthússtrætis andspóenis pósthusinu, 31x16 al. að stærð. Stefna hússins að norðanverðu á að verða eins og hússins nr. nr. 8. við Hafnarstræti (Gunnar Gunnars-son) og að austanverðu eins og girðingarinnar austan við bankahúsið. Húsið verður lítið eitt hornskakkt þar sem göt-urnar mætast, en það horn á að vera sneitt og sniðið vera 4 álnir jafnt til beggja hliða. Vesturgafl hússins á að vera eldvarnargraf.

Allir á fundi nema Björn Guðmundsson og Eiríkur Briem.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Tr. Gunnarsson. Magnús Benjamínsson.

Ár 1902, t. 6. september átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá:

1. Gunnari Gunnarssyni leyf, að setja laust salerni 1 1/2 x 3 áln. að stærð austan við hús sitt við Hafnarstræti.

2. Hannesi Hanssyni leyft að stækka heyhús ~~heyhús~~ á lóð sinni Steinholtslóð um 5 1/2x7 1/2 al.

3. Helga Gíslasyni að gjöra skúr vestan við hús sitt við Bergstaðastræti 10x4 1/2 al. að stærð. Gotu þá, sem byggingarnefndin ákvað á fund 5. júlí t.á. fyrir sunnan og samhliða Grettisgötu og stakk upp á að láta heita Hjörleifsgötu, hefur byggingarnefndin ákveðið að nefna Njálsgotu. Við þá gotu voru útvísadar lóðir og hússtæði sem segir í eftirfarandi töluliðum 4-9. Bil milli gatnanna er 80 áln. (ekki 79 áln.).

4. Eggerti Boðvarssyni úthlutað lóð norðan við götuna, þannig að 3 lóðir á 25 áln. með götunni sé milli hennar og og Frakkastigs að austan. Lóðin er 25 al. með götunni og 30 áln. norður frá henni, og hússtæði á lóðinni 10x11 al. með skúr 4x4 al. að stærð.

5. Næst lóð Eggerts að austanverðu var Þórði Ólafssyni útvísad jafnstór lóð, 30x25 al. og með sömu lögum, og leyft að reisa hús á lóðinni 10x10 al. að stærð, með skúr 3 1/2x4 al.

6. Austan við lóð Þórðar Ólafssonar var Sveini Einarsyni útvísad lóð og hússtæði, lóðin með sömu stærð og lögum 30x25 al. og húsið 10x10 al. að stærð með skúr 3x4 al.

7. Sunnanvið Njálsgötu, andspenis lóð Eggerts Boðvars-sonar og jafnlangt frá Frakkastíg var Þorsteini Teitssyni útvísad lóð og hússtæði. Lóðin 30x25 al. að stærð og hússtæði 10x10 al. með skúr 3x3 1/2 al.

8. Austan við lóð Þorsteins, andspenis lóð Þórðar Ólafssonar var Guðma Þorkelssyni útvísad lóð 30x25 al. og hússtæði 8x10 al. að stærð með skúr 3x3 áln.

9. Austan við lóð Guðma, andspenis lóð Sveins Einarssonar var Jóhannesi Guðmundssyni útvísad lóð 30x25 al. að stærð og hússtæði 9x10 al. með skúr 3x4 áln.

10. Jóni Jóhannssyni útvísad lóð 25x40 áln. sunnanvið Grettisgötu austan við lóð Magn. R. Jónssonar (sjá útmæl. 5. apríl t.á. 3.), og hússtæði 10x10 áln. að stærð með skúr 3x4 álnir.

11. Samúel Jónssyni útvísad lóð 40x32 áln. að stærð sunnan við Grettisgötu austanvið næstu lóð á undan og hússtæði 9x10 al. með skúr 3x4 al.

Við mælingarnar 4x11 hér á undan var það gjört að skil-yrði, að gangrið inn í húsin taki ekki fram fyrir húslínuna,

ef þau snúa út að gótunni, og að lóðareigendur taki þátt í kostnaði við lagningu Njálsgötu eftir ákvæði þejarstjórnarinnar.

12. P.Hjaltested útvísad hússtæði 12×14 áln. að stærð norðantil á lóð hans við Klapparstíg.

13. Þorlák Halldórssyni (sjá fund 9.feb. f.á.6.) leyfði sú breyting á útmælingu hans í Hverfisgötu að húsið verði 10×12 al. að stærð í staðinn fyrir 8×10 al.

14. Baldri Benediktssyni, sem er orðinn eigandi að lóð heirri við Bergstaðastræti, er Þorkeli Ólafssyni var útmæld 1.febr.f.á., leyfði sú breyting á mælingunni, að hússtæði verði $12 \frac{1}{2} \times 12 \frac{1}{2}$ al. að stærð í staðinn fyrir 10×12 al. og mæld lóð undir útihús 5×9 al. að stærð.

15. M.Th.Jensen, eigandi verzlunarinnar Godtháb, hefur, án þess að leita leyfis byggingarnefndarinnar, byggt skúra á lóðum sínum Austurstræti nr. 12 og Pósthússtræti nr. 11. Nefndin leyfði að skúrinn á fyrgreindri lóð $12 \times 30 \frac{1}{2}$ al. 366 al. að stærð, mætti standa, en frá skúrlóð þessari dregzt skúrlóðin, sem útvísad var á sama stað 4. jan. 1896, 53 al. Skúrinn á lóðinni í Pósthússtræti, er reistur vestan við geymsluhús það, er útmælt var 12. mars þ.á. og er $26 \frac{1}{4} \times 7 \frac{1}{4}$ al. Var einnig leyft að þessi skúr mætti stamda. Ennfremur hefur M.Th.Jensen reist skúr sunnan við geymsluhúsið, í 6 al. fjarlægð frá húsinu nr. 13 við Pósthússtræti; var lagt fyrir eigandann að rífa þennan skúr burtu, e a þann hluta hans, sem stendur nær nefndu húsi en 10 al. fjarlægð.

16. Sigmundur Magnússon, sem fékk mælda lóð og hússtæði norðan við Hverfisgötu vestan við Vitastíg á fundi 9.febr. f.á., var staddur á fundinum og samþykkti að afneita sér heirri lóð, til þess að henni yrði bætt við torgið, gegn því að hann fengi lóð norðar vestan við torgið sunnanvið væntanlegt framhald Lindargötu, og lóðin yrði minnst 25×25 al. að stærð; á lóðinni byggir hann jafnstórt hús (9×10 al.) með skúr (3×3 al.), sem honum áður var útvísad.

17. Stefáni B. Jónssyni útvísad lóð og hússtæði sunnan við Laugaveg, austan Rauðarárlækjar 25 al. með gótunni og 40 al. til suðurs. Lóðin byrji 10 al. fyrir vestan Rauðarárhús, og austur og vesturhlíðar hennar stefna hverbeint á Laugaveg. Hússtæðið er 10×16 al. að stærð, og var leyft að setja það nokkuð fyrir sunnan húsaröðina, gegn því að girðing verði sett í húsalínunni fyrir framan það.

Allir á fundi, nema Eiríkur Briem. Björn Guðmundsson var við mælingarnar 1, 15 og 17.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Bj.Guðmundsson. Tr. Gunnarsson. Magnus Benjamínsson.

Ár 1902, þ. 20. september átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá:

1. Jóni Ásmundssyni leyft að reisa úтиhús á lóðinni við Mjóstræti, vestan við íbúðarhúsið 6x10 al. að stærð með suðurhlíð í sömu línu einsog suðurgafl íbúðarhússins. Nefndin ítrekaði bann sitt við því, að inngangsrið hússins taki fram fyrir húshliðina í Mjóstræti.

2. Ákvað nefndin vegarstæði í Hlíðarhúsamýri frá Brunnstíg, sunnanvið brunninn austur að skurðinum sem liggar yfir þvera mýrina, og er vegarstæðið samsíða(parallel) Nýlendugötu ca. 130 áln. á lengd.

3. Við nýnefnda götu austast að sunnanverðu var Guðjóni Björnssyni í horninu milli fyrgreinds skurðar og skurðarins, sem gengur eftir endilangri mýrinni frá A-V., 25 al. með götunni og 29 áln. milli götunnar og skurðarins og hússtæði 11x12 al. að stærð með skúr sunnanvið 3x3 áln. Eigandi bessarár lóðar er skyldur til að moka upp og hrífa skurðina sunnan og austanvið lóðina svo langt sem hún nær, og svo oft, sem þörf er á. Hann tekur og tiltölulegan í kostnaði við lagningu hinnar fyrirhuguðu götu. Ákveðið að inngönguþrep gangi ekki fram fyrir húshliðina að norðanverðu.

4. Runólf Þórðarsyni og Matthíasi Þórðarsyni útvísad lóð og hússtæði við sömu götu austan frá lóð Guðjóns Björns-sonar, lóðin jafnstór 25x29 al. og hússtæðið 10x12 al. með skúr að sunnanverðu 3x4 áln. að stærð. Útmælingin er veitt með sömu skilyrðum og lóðin næst á undan, að því er snertir kostnað við vegarlagningu, inngöngurið og ræsting skurðarins sunnan við lóðina.

5. Tryggva Gunnarssyni fyrir hönd "Slippfélagsins" útvísad hússtæði undir geymsluhús og skúr í Hlíðarhúsamýri fyrir austan endann á ofantéðri götu; geymsluhúsið snúi frá A-V. og verður 25x12 al. að stærð með skúr fram með hliðinni 25x8 al.

6. Gunnlaugi Péturssyni leyft að gjöra skúr við austan-gefti hús sínt við Framnesveg 11 1/4x5 áln. að stærð.

7. Guðjóni Björnssyni leyft að stækka (lengja) þe sinn Móberg við Kaplaskjólsveg um 5 áln. og er nú berinn allur 12x7 áln., einnig var honum leyfður skúr 6x3 1/2 al. í staðinn fyrir eldri skúr 2 1/2x3 áln.

8. Þóri Péturssyni Oddgeirsba leyft að gjöra úтиhús nyrzt á lóð sinni 6x6 al. að stærð.

9. Gísla Helgasyni útvísad hússtæði á lóð 25x24 áln. að stærð, sem hann hefur keypt úr erfðafestulandinu Hlíðarhúsabletti nr. 3, vestan við Stýrimannaskóla hígin nyrzt og á húsið að vera 12x14 al. að stærð, og snúa hlið í aust-

ur í sömu línu og austurgafl hússins nr. 37 við Vesturgötu.

10. M.Th.Jensen leyft að gjöra steinolíubyrgi á melum-
um við veginn að Breiðfjörðsskála 20 áln. fyrir vestan ol-
íubyrgið, sem þar er nú.

11. Ísfélaginu leyft að stækka hús sitt á Zimsenslóð
um 7x23 áln.

12. Tómasi Jónssyni, sem er orðinn eigandi lóðar heirr-
ar við Kaplaskjólsveg, er heim Sigurði Porkelssyni og Þórði
Sigurðssyni var útvisað 23. nóv 1897, en heir hafa eigi byggt
á, var leyft að reisa þar hús 9x10 al. að stærð með skúr
austan við 3x4 álnir.

Allir á fundi, nema Björn Guðmundsson, og Eiríkur Briem.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Magnús Benjaminsson. Helgi Helga-
son. Tryggvi Gunnarsson.

Ár 1902, t. 4. október átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir hessi mál:

1. C.Zimsen leyft að gjöra hús 5x5 áln. að stærð yfir
brunn í jurtagarði sínum.

2. Gunnþórunni Halldórsdóttur leyft að gjöra skúr norð-
an við austurenda húss síns við Amtmannsstíg 5.1/2x3 áln. að
stærð.

3. Grími Grímssyni útvisað lóð og hússtæði vestan við
Bergstaðastræti (framhald), sunnan við lóð Þorláks Oddssonar,
lóðin 25 áln. með götunni og 40 áln. vestur frá henni, og hús-
stæðið 8x10 áln. að stærð með skúr vestanvið 3x3½ al. Inn-
gangshrep mega eigi snúa að Bergstaðastræti og lóðareigandi
tekur tiltölulegan þátt í lagningu strætisins.

Við Njálgsgötu voru útvisaðar hessar lóðir og hússtæði:

4. Guðmundi Guðmundssyni lóð sunnan við götuna næst Frakka-
stíg 25 áln. frá A-V. og 35 áln. frá N-S., og hússtæði 9x10
áln. að stærð með skúr að sunnanverðu 3x4 álnir.

5. Tryggva Matthiassyni lóð austan við lóð Guðmundar, 29
al. frá A-V. og 35 áln. frá N-S., og hússtæði 9x10 áln. að
stærð með skúr sunnan við 3x4 áln..

6. Sigurði Porkelssyni lóð austan við lóð Tryggva 25 al.
frá A-V. og 35 áln. frá N-S., og hússtæði 10x10 áln. með skúr
norðanvið 3x4 áln.

7. Þorlák Ó Halldórssyni norðanvið götuna vestan við lóð
Eggerts Böðvarssonar, sjá fund 6. f.m., 25 áln. frá A-V. og
35 áln. frá N-S., og hússtæði 10 1/2x9 1/2 al. að stærð, með
skúr norðanvið 3x4 áln. .

8. Friðfinni Guðjónssyni lóð vestan við lóð Þorláks 25
al. frá A-V., og 35 áln. frá N-S. og hússtæði 10x11 al. að
stærð með skúr norðanvið 3x4 áln.

9. Bjarna Jónssyni lóð austan við lóð Sveins Einarssonar,
sjá fund 6. f.m., 25 al. frá A-V, og 35 áln. frá N-S., og hús-
stæði 10x12 áln. að stærð með skúr morðanvið 3 1/2x4 álnir.

10. Ingvari Sveinssyni lóð austan við lóð Bjarna 25 al.
frá A-V. og 35 al. frá N-S. og hússtæði 9x10 al. að stærð
með skúr norðanvið 3x4 áln.

11. Jóni Arnórssyni eldra, lóð sunnanvið götuna austan-
við lóð Jóhannesar Guðmundssonar sjá fund 6. f.m., 25 al.
frá A-V. og 35 al. frá N-S., og hússtæði 8x9 al. að stærð með
skúr sunnanvið 5x6 áln.

Við mælingarnar 4-11 var sett sama skilyrði, sem við
mælinguna 3. um hluttöku í kostnaði við lagningu Njálgsgötu,
og um að inngönguhrep megi ekki snúa út að götunni.

12. Jóni Björnssyni leyft að gjöra skúr 5x1 1/2 al.
að stærð austan við geymsluhús á lóð hans við Laugaveg.

13. Bergi Jónssyni leyft að gjöra útihús 5x12 al. að
stærð á lóð sinni við Laugaveg norðanvið íbúðarhúsið.

14. Kjartani Guðmundssyni leyft að gjöra skúr 3x3 áln.
að stærð við hús hans á Véghúsalóð.

15. Steingrími Jónssyni leyft að gjöra skúr við hús
hans á Klapparlóð 3 1/2x4 áln. að stærð.

16. Jóni Jónssyni leyft að gjöra skúr 6x4 áln. að stærð
við hús hans á Miðhúsalóð.

17. Sigmundi Magnússyni, sjá fund 6.f.m.16., veitt lóð-
arviðbót þannig, að lóð hans sé 50 al. meðfram væntanl. fram-
haldi Lindargötu að sunnanverðu vestanfrá Vitatorgi, 17 al.
breið í austurendann og 21 al. breið í vesturendann.

18. Harald Möller útvísad lóð og hússtæði sunnan við
væntanlegt framhald Lindargötu vestanvið lóð Sigmundar, lóð-
in 25 al. með götunni, 21 al. brið í austurendann og 23 al.
í vesturendann, og hússtæðið 12x15 áln. með skúr við suður-
hlið 4x5 al.

19. Porkeli Hreinssyni útvísad lóð og hússtæði vestan
við lóð Haraldar Möller, lóðin 25 al. með götunni, 23 al.
breið í austurendann og 25 al. breið í vesturendann, og hús-
stæði 12x15 al. að stærð með skúr við suðurhlið 4x5 al.

20. Magnúsi Benjamínssyni útvísad lóð og hússtæði vest-
an við lóð Porkels Hreinssonar, lóðin 25 al. með götunni,
25 al. br. í austurendann og 27 al. í vesturendann, og hús-
stæðið 12x15 al. að stærð.

21. Jóhannesi Sigurðssyni útvísad lóð og hússtæði vest-
an við Lóð Magnúsar Benjamínssonar, lóðin 25 al. með götunni
27 al. brið í austurendann og 29 al. í vesturendann, og hús-
stæði Ox11 al. að sterðeð skúr við suðurhlið 5x4 áln.

22. C.Zimsen útvísad lóð og hússtæði vestan við lóð Jó-
hannesar Sigurðssonar vestan við Frakkastíg, lóðin 25 al. með
Lindargotu, 29 al. brið í austurendann og 31 al. í vestur-
endann, og hússtæðið 12x15 al.

Við mælingarnar 18-22 var það tekið fram að inngangstrepp
mættu ekki snúa út að Lindargötu, og að lóðareigendur væru
skyldir tilað taka tiltöulegan hátt í kostnaðivið lagningu
götunnar.

23. Breidd Njálsgötu var ákveðin 20 áln. milli húsa..

Allir á fundi. Fundi slitið.
Halldór Danielsson Eiríkur Briem Tryggvasson
Bj.Guðmundsson Heigt Helgason © Borgarsjólasafn Reykjavíkur

Ar 1902, laugardaginn 18. október átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi mál:

1. Jóni Ásmundssyni leyft að færa geymsluhússtæði það, er honum var útvísað á fundi 20. f.m., nokkru sunnar, hannig, að það standi 3 áln. frá næstu lóð fyrir sunnan, þó með geymdum rétti heirrar lóðareiganda, að hví er snertir eldvarnarvegg heim megin sem að lóðinni snýr.

2. Ingimundi Péturssyni útvísað lóð og hússtæði sunnan við götu þá í Hlíðarhúsamýri, sem ákvæðin var á fundi 20.f.m. að vestanverðu næst lóð Jóns Guðmundssonar við Brunnstíg. Lóðin er 25 al. frá A-V. og 29 al. frá S-N., og hússtæðið 10x11 al. að stærð með skúr við suðurhlið 3 1/2x4 al. Lóðareiganda er skyld að moka upp skurðinn sunnan við lóðina og halda honum hreinum svo langtsem hún nær; hann skal og taka þátt í kostnaði við lagningu götunnar að réttri tiltölu. Gangrið inn í húsið má eigi taka fram fyrir húshliðina heim megin sem veit að götunni.

3. Gísلا Finnssyni útvísað hússtæði austan við stíg bann, sem liggar niður að bræðsluhúsunum í Hlíðarhúsamýri. Húsið á að vera 24 álna langt frá A-V og 12 al. breitt, og álma ganga suður úr vesturendanum 8x12 al. Norðurhlið þess sé í sömu stefnu sem suðurhlið syðra bræðsluhússins. Sunnan við hússtæðið var beiðanda ennfremur útvísað 5 al. breið reðma(lóðar) Meling þessi er hví skilyrði bundin, að beiðandi fái keyptar lóð undir austurenda hússins þaðan sem lóð bæjarins frýtur af hluta ðeigandi lóðareiganda.

4. Erlindi Guðmundssyni útvísað hússtæði á Gíslaholts-lóð, 10x12 al. að stærð með skúr norðan við 3 1/2x4 álnir.

5. Þorsteini Sveinssyni, sem er orðinn eigandi Framfara-félagshússins í Vesturgötu, leyft að gjöra skúr sunnan við húsið 3x3 1/2 al. og útihús 6 1/4x3 1/2 al. að stærð. Hann var áminntur um, að inngangsrið metti eigi taka fram fyrir húshliðina heim megin, sem veit að Vesturgötu.

6. Sveinbirni Einarssyni leyft að stækka skúr við hús sitt, Selland við Frammnesveg um 2 1/2x3 3/4 al.

7. Birni Kristjánssyni leyft að gjöra hús á Skipholts-lóð 9 1/2x8 1/2 al. að stærð, með skúr 3x4 áln. Húsið á að standa í bugðunni þar sem Frammnesvegur beygir við niður að sjónum og suðausturhorn þess, sem snýr að bugðunni vera 5 al. frá veginum. Vesturhlið hússins sé í somu stefnu (parallel) eins og vesturhlið Melstaðarhússins.

8. Ásgeiri Sigurðssyni leyft að byggja upp geymsluhús á Sjávarborgarlóð það er brann, og lengja það um 6 al. til suðurs, og verður húsið hannig alls 26x12 al. með álmu austur-úr 9x16 áln. að stærð. Var lenging þess leyfð eftir að fengið hafði verið álit verkfræðings bæjarins um að hún mundi

eigi verða til fyrirstöðu ó að braut yrði lögð þar með sjónum.

9. Þeim Einari Þorsteinssyni og Kolbeini Þorsteinssyni k
leyft að setja trétröppur 1 1/4 al. út frá húshliðinni sunn-
an við hús þeirra við Lindargötu. Leyfi þetta nær ó að-
eins til 3ja ára, og skulu húseigendur gefa út skriflega
yfirlýsingum að þeir séu skyldir til að taka tröppurnar
burtu að þeim tíma liðnum, og skal yfirlýsingin tinglesin
á þeirra kostnað.

10. Tryggva Matthiassyni leyft að reisa hús á Grímsstaða-
holti á Grímsstaðaholti 8x6 al. að stærð.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Eiríkur Briem. Bj. Guðmundsson.
Magnús Þorláksson.

Ar 1902, þ.1. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér, og voru teknar fyrir þessar mælingar og útvísanir.

1. Jóni Þórðarsyni Bankastræti leyft að stækka slátrunar-hús hans þar um 9x10 1/2 al. og 6 1/2x1 1/2 al.

2. Hans Hannessyni leyft að gjöra skúr sunnan við hús sitt við Laufásveg 12x4 1/2 al. að stærð.

3. Steingrímur Guðmundsson fær leyfi til að reisa hús á lóð sem hann hefur keypt úr Neðraholtssletti við Bergstaðastræti 1980 ferálnir að stærð. Hússtæði er 14x18 áln. að stærð með skúr austanvið 4 1/2x4 1/2 al. Leyft var að setja húsið nokkuð austur úr húsaröðinni, gegn því að settur yrði snotur skíðgarður með götunni í húsalínunni.

4. Sveinbirni Stefánssyni /hússtæði norðan við Skólavörðustíg á lóð, 18x17 áln. að stærð er hann hefur keypt úr erfðafestulandi Slg. Þórðarsonar. Hússtæðið er 9x10 al. að stærð með skúr 3x4 áln.

5. Jóni Jónssyni útvísad hússtæði sunnan við Skólavörustíg á lóð 26x28 al. að stærð, sem hann hefur keypt úr Neðraholtssletti. Hísstæðið er 11x11 al. að stærð.

6. Jóni Guðmundssyni, sem hefur eignað húseignina nr. 43 við Laugaveg, leyft að reisa hús á norðanverðri lóðinni 10x12 al. aðstærð með skúr norðanvið 4x4 al. Húsið sé með sömu stefnu og Laugavegur og standa 5 áln. frá norður- og vesturmörkum lóðarinna.

7. Martin Haldorsen leyft að gjöra útihús sunnanvert á lóð sinni við Laugaveg 8x12 al. að stærð og skúr við gafl útihússins 7x3 al.

8. Ingvari Guðmundssyni leyfð sú breyting á útmælingu 2. mars 1901, að hússtæðið, sem honum var þá veitt 10x10 al. verði 12x12 al. Að öðru leyti er útmælingin óbreytt.

9. Rögnvaldi Þorsteinssyni, sem hefur eigmazt lóð þá, er Kr. Ág. Sigurðssyni var mæld 2. mars 1901, leyfð sú breyting á hússtæðinu er þá var mælt 12x12 al., að það verði 11x11 al. Að öðru leyti er mælingin óbreytt.

10. Hjörleifi Þórðarsyni mæld lóð og hússtæði norðanvið og áfast við lóð hans við Hverfisgötu. Lóðin 36 al. frá N-S og 34 1/2 frá A-V, en hússtæðið 12x10 al. Húsið á að standa í sömu stefnu eins og norðurgafliðin á á Sjávarborg.

11. Guðna Guðnasyni veittur viðauki austan við lóð hans ræma 5x50 al. að stærð. Ræma þessi hefur hingað til ranglega verið talin með lóðinni næst fyrir austan (Guðjóns Helga-sonar) og dregst því nú frá henni.

12. Guðjóni Jónssyni útvísad hússtæði á lóð, sem hann hefur keypt úr erfðafestulandi Stefáns Egilssonar sunnan við

Grettisgötu, og sem er 1500 ferálnir að stærð. Hússtæði er 12x12 al. að stærð með skúr $4 \frac{1}{2} \times 4 \frac{1}{2}$ al.

13. Ólafi Þórðarsyni leyft að gjöra skúr $4 \frac{1}{2} \times 3$ al. við austurgafl hússins við Klapparstíg 2.

14. Sigurði Jónassyni leyfði sú breyting á útmælingu 1. mars h.á. á Grettisgötu, að hússtæði, sem há var mælt 9x10 al., verði 10x14 al. Að öðru leyti er mælingin óbreytt.

15. Sigurði Bjarnasyni útvísað lóð og hússtæði norðan við Njalsgötu austan við lóð Ingvars Sveinssonar (sjá útmæl. 4.f.m.), lóðin 25 al. frá A-V og 35 al. frá N-S., og hússtæði 9x10 al. að stærð með skúr 3×4 al. við norðurhlið.

16. Ólafi Th. Guðmundssyni útvísað lóð næst fyrir austan, austur að Vitastíg 25 al. frá A-V og 35 al. frá N-S., og hússtæði 10x11 al. með skúr 3×4 aln.

17. Guðjóni Knútssyni útvísað lóð sunnan við Njalsgötu á móti lóð Ólafs Th. Guðmundssonar, 25 al. frá A-V og 35 al. frá N-S., og hússtæði 11x12 al. að stærð með skúr 4×4 al. sunnanvið.

18. Tómasi Tómassyni útvísað lóð austan við lóð Guðjóns andspænis lóð Sigurðar Bjarnasonar, 25 al. frá A-V og 35 al. frá N-S., og hússtæði 9x10 al. að stærð með skúr sunnanvið 3×4 al.

19. Sveini Jónssyni útvís. lóð vestan við lóð Tómasar Tómassonar, andspænis lóð Ingvars Sveinssonar, (sjá fund 4. f.m.), 25 al. með götunni og 35 al. suður frá henni, og hússtæði 9x10 al. með skúr 3×4 al. sunnanvið.

Mælingarnar 10 og 15-19 voru gjörðar með venjulegum skilyrðum, um hluttekningu í kostnaði við lagningu götunar, og um að gangrið megi ekki taka fram fyrir húshliðina út að götunni.

20. Var lögð fram beiðni frá Guðma Guðmundssyni bæjarfulltrúa um að fá útvísaðar allar lóðir, sem eftir eru við Njalsgötu o.fl. götur.

Byggingarnefndin sá sér ekki fært að ráða þessu máli til lykta fyrr en hún hefði borið það undir bæjarstjórnina.

Allir á fundi nema Helgi Helgason og Eiríkur Briem.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Tryggvi Gunnarsson. Magnús Benjaminsen. Bj.Guðmundsson.

Ar 1902, mánudaginn 10. nóvember átti byggingarnefndin með sér aukafund, og var þá Magnúsi Stephensen landshöfðingja útvísad hússtæði á lóð, 47x50 al. að stærð, sem hann hefur keypt úr Skálholtskotstúni (Miðvelli). Húsið á að standa 10-12 al. norðanvið Þvergötuna milli Þingholtsstrætis og Laufásvegar en vestan við Þingholtsstræti og snúi þangað gafli í sömu stefnu og önnur hús við götuna. Húsið verður 14x21 al. að stærð með útskoti á miðri suðurhlið 14 ferálnir að stærð og fordýri við vesturgafli 3x5 al. að stærð, og skúr við norðurhlið 4x4 al.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson.

Ár 1902, f. 22. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi mál:

1. Birni Símonarsyni leyft að stækka geymsluhús á lóð sinni um 7x7 al.

2. Karli Ólafssyni útvísat lóð og hússtæði við Mýrar-götu (í Hlíðarhúsamýri) milli lóðar Runólfs Þórðarsonar (sjá fund 20 sept. f.á.) og lóðar Ingimundar Péturssonar (sjá fund 18. f.m.). Lóðin er 25 al. með götunni, og 29 al. suður frá henni, og hússtæðið 10x12 ál. með skúr 3x4 áln. Lóðareigandi skal taka tiltölulegan þátt í lagningu götunnar norðan við lóðina og hreinsa skurðinn sunnan við lóðina eftir þörfum. Tröppur mega eigi taka fram fyrir húshliðina þeim megin sem að götunni veit.

3. Finnboga Finnbogasyni og Stefáni P. Stefánssyni leyft að stækka skúr um 1 1/2x3 áln. á lóð þeirra í Vorhúsum.

4. Jóni Einarssyni leyft að gjöra skúr 4x2 1/2 al. að stærð á lóð hans við Nýlendugötu. Honum var einnig leyfð breikkun á hússtæðinu þannig að það verði 10x11 al. ístaðinn fyrir 9x11 (sjá fund 21. des. f.á. 2.).

5. Arna Jónssyni Holtsgötu (Gunnarsholt) leyft að gjöra útihús á norðaustanverðri lóð hans 5x3 áln. að stærð.

6. Guðmundi Guðmundssyni Frammnesvegi (Kröggólfssstöðum) leyft að stækka skúr um 5 1/2x3 áln.

7. Ólafi Ólafssyni og Sigurði Ólafssyni í Garðbæ leyft að gjöra skúr með austurhlíð á þenum 12 1/2x2 3/4 al. að stærð.

8. Jóhannesi Teitssyni Vesturgötu leyft að stækka skúr um 3 1/2x4 áln.

9. Einari Ág. Einarssyni á Lágholti leyft að stækka geymsluhús á lóð sinni um 4 1/2x6 áln.

10. Þórði Þórðarsyni í Birtingaholti leyft að stækka skúr um 1x3 áln.

11. Erfingum Guðm. Þorvarðarsonar og Hermanni Einarssyni á Bakka leyft að gjöra útihús á sameiginlegri lóð þeirra 4x5 áln. að stærð, í staðinn fyrir hjall 5x6 áln., sem hefur fokið.

Allir á fundi, nema Eiríkur Briem og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Magnús Benjamínsdon. G. Olsen.
Bj. Guðmundsson.

Ar 1902, laugardaginn 6. desember átti byggingarnefndin fund með sér, og voru teknar fyrir þessar mælingar:

7. Þorsteini Péturssyni Smiðjunni leyft að gjöra skúr með austurhlið hússins lo 1/2x4 áln. að stærð. Húsið er sjálft lo 1/2x9 1/4 al. að stærð, og hjallur 5x5 áln. Onnur hús ekki á lóðinni. Beiðandinn réfur burtu skúr, sem nú stendur við húsið 3x3 áln.
8. Sæmundi Sveinssyni, Sæmundarhlið, leyft að reisa hús á lóð sinni við Holtsgötu 10x11 áln. að stærð, með skúr 3x3 áln. Húsið á að vera hornskakkt, verði það sett í horni lóðarinnar milli Holtsgötu og Brekkugötu, en beiðanda er og heimillt að setja það vestar á lóðinni við Holtsgötu, skal hliðin snúa að heirri götu og vera 7 áln. frá miðri götunni.
9. M.Th.Jensen, eiganda Bráðræðis, leyft að gjöra þar fjós 12 1/2x10 áln að stærð. -

Allir á fundi, nema Tr.Gunnarsson og Matthias Matthiasson, fór af fundi, þegar 5. málínu var lokid.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. Matthias Matthiasson. Guðmundur Jakobsson. K.Zimsen.

Ar 1903, þ. 21. september átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir bessi málefni:

1. Magnúsi Einarssyni á Litlaseli leyft að reisa þar bæ með steinveggjum 6x8 áln. að stærð með skúr við norðurhlíð 2x8 áln. Bærinn á að standa norðanvið væntanlegt framhald Vesturgötu gemnt Litlaselsbæ. Gamli bærinn (Ólafs Steingríms-sonar) 12x7 al. plús 2x2 áln. verður jafnframt rifinn niður.

2. Guðjóni Ólafssyni og Birni Jónssyni leyfð sú breyting á hússtæði á lóð þeirra við Kaplaskjólsveg (sjá útmel. 19. feb. 1898) að húsið verði 10x12 áln. að stærð, tvíloftað með skúr 4x4 áln. (í staðinn fyrir 9x10 áln. plús 3x4 áln.).

3. Beiðni frá Páli og Hannesi Guðmundssonum í Gróubæ um útmælingu á hússtæði á Gróubæjarló frestaði nefndin til að leggja hana fyrir þejarstjórnina, með hví að útmæling bessi stendur í sambandi við lóðarkaup undir Garðastræti, sem hefur mikinn kostnað í fór með sér.

Allir á fundi, nema Matthías Matthiasson og Tr. Gunnars-son.

Fundi slitið.

Hallgrímur Danielsson. K.Zimsen. Guðmundur Jakobsson.
Kristján Þorgrímsson.

Ar 1903, þ. 3. október átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Arna Nikulássyni leyft að hafa skúrinn við hið nýja hús hans við Pósthússtræti $3x4\frac{1}{2}$ al. að stærð, í staðinn fyrir $2\frac{1}{4}x3\frac{4}{5}$ (sjá útmælingu 2. maí þ.á. 26.).

2. Magnúsi Blöndal & Co. leyft að lengja til austurs timburgeymslighús á lóð félagsins við Vonarstræti, þannig að húsið verði alls 48 áln. á lengd. Breiddin er $15\frac{3}{4}$ al. Annað timburgeymsluhús, sem er á lóðinni $10x24$ áln. að stærð verður jafnframt rifið niður.

3. Lóð Jóhanns T. Egilssonar við Bergstaðastræti, hin nyrðri, áður lóð K. Kristjánssonar var mælt upp eftir beiðni hans og reyndist öll 1025 ferálnir (50 áln. að N og S, og 8.22 al. að A. og 19 al. að V. - Sama manni var mælt salerni á syðri lóð hans við sama stræti $1\frac{1}{2}x1\frac{1}{2}$ al. að stærð.

4. Ólafi Teitssyni Bergstaðastræti leyft að stækka skúr austast á lóð hans um $23\frac{3}{4}$ al.

5. Þorvaldi Jónssyni sama stræti leyft að stækka skúr við hús sitt um $2x2\frac{1}{2}$ al.

6. Páli Jónssyni útvísad lóð og hússtæði í krikanum sunnan Njálsgötu vestan Barónsstígs, lóðin 32 al. frá A-V og 35 al. frá N-S. hússtæðið $10x12$ áln. að stærð með skúr sunnan við $3x4$ al.

7. Hermanni Guðmundssyni leyft að gjöra skúr norðan til á lóð sinni við Smiðjustíg $6x4$ áln. að stærð.

8. Jóni Bjarnasyni Hverfisgötu 27 leyft að reisa hús á lóð sinni norðanverðri $9x9$ áln. að stærð með skúr vestan við $3x2$ álnir.

9. Kristjáni Hanssyni útvísad hússtæði á lóð er hann hefur keypt við Frakkastíg (nyrðri hluti af lóðinni nr. 25 við Hverfisgötu), og er hússtæðið $10x11$ áln. að stærð með skúr austan við $3x4$ áln.

10. Þorkeli Hreinssyni leyfð sú breyting á húsmælingu við Lindargötu 4. okt. f.á., að hússtæðið verði $12x12$ al. að stærð með skúr við austurgafl $3x6$ áln.

11. Þorsteini Þorsteinssyni leyft að gjöra salerni norðan við hús hans við Lindargötu $1\frac{3}{4}x2\frac{3}{4}$ al. að stærð.

12. Guðjóni Einarssyni skipasmíð, sem hefur fengið leyfi landshöfðingjans til að reisa smiðaskúr upp frá Sölvhólnum, var vísað á staði undir skúr þennan, sem verður $7x13$ áln. að stærð, suður frá hjalli Steingríms Jónssonar við Battarið.

13. Birni Guðmundssyni fyrir hönd Frederiksens & Co. leyft að reisa hús í bilinu milli vestari húsa hans á Kalkofnslóð (sameina húsin) og verður sú viðbót 9 l/2x14 1/2 al. Sama manni var ennfremur leyft að reisa geymsluhús austast á lóðinni fram á klappirnar niður við sjóinn; á það hús að snúa frá A-V og vera 30x16 áln. að stærð.

14. Matthíasi Matthiassyni leyft að gjöra útihús á lóð hans við Skólavörðustíg 14x7 3/4 al. að stærð.

15. Féluginu Mjölni leyft að reisa verksmiðjuhús 20x25 áln. á lóð þess við Laugaveg svo og íbúðarhús 10x12 áln. að stærð. Óll lóð félagsins, byggð og óbyggð, sem það greið-ir af lóðargjald var ákveðið 70 áln. með Laugavegi og 48 al. suður frá honum, þannig að 13 al. breið óutmæld ræma er milli vegarins og lóðarinna.

16. Knud Zimsen ingeniör útvísad lóð og hússtæði við Laugaveg austanvið lóð félagsins "Mjölnis", loðin 30 al. frá A-V. og 48 al. frá N-S, hússtæðið 16x14 al. á stærð.

17. Hélga Zöega leyft að reisa hús 13x15 áln. að stærð með skur 3x3 áln. að stærð á lóð hans við Bröttugötu og á húsið að snúa hlið að götunni og standa 3 1/2 al. sunnan við hana. Sama manni leyft að breyta útihúsi á lóðinni, sem er 8x10 áln. að stærð og snýr frá N-S, þannig, að það verði 5x16 áln. og snúi frá A-V.

Allir á fundi, nema Guðmundur Jakobsson og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K.Zimsen. Matthias Matthiasson.
Krústján Þorgrímsson.

Ar 1903, þ. 17. október átti byggingarnefndin fund með sér, og voru þessi mállefni tekin fyrir:

1. Arna Nikulássyni leyft að setja salerni austanvert á lóð sinni, 3xl 3/4 al. að stærð, en setja skyldi hann gírðingu austanvið salernið svo háa, að það sjáist ekki frá götunni.
2. Sigurði Briem leyft að reisa útihús á pósthúslóðinni fyrir norðan og áfast við útihús það er nú stendur þar, 16x5 1/2 al. að stærð, með fyrirvara að hví leyfi sem hið útvísad hús verður eigi fuilar 5 áln. frá næstu lóð að austan.
3. Jul. Schau leyft að reisa útihús syðst á lóð hans norðan við hús Ben. Gröndals og með eldvarnarvegg á milli, 10x25al. að stærð. Jafnframt er felld úr gildi útmæling 19. ág. 1899, sem Schau hefur ekki notað.
4. Sigurði Þorvarðarsyni leyft að reisa íbúðarhús á lóð sinni við Norðurstíg 9x9 áln. að stærð með skúr 3x4 áln. við vesturgafl. Sama manni var útvísad lóðarviðbót 6x6 áln. að stærð.
5. Kristjáni Jónssyni leyfð sú breyting á húsmælingu 21. mars þ.á. að húsið verði 10x10 áln. með skúr 3x4 áln.
6. Jóhannesi Jónssyni Mýri útvísad stakkstæði í Hliðarhúsamýri austanvið Brunnstíg 15x26 áln. að stærð með hví skil-yrði að hann sleppi lóðinni endurgjaldslaust, þegar byggingar-nefnd eða bæjarstjórn krefst þess.
7. Þorsteinn J. Sveinssyni í Garðhúsum leyft að gjöra úti-hús á lóð sinni 3 3/4x11 1/2 al. að stærð.
8. Einari Bjarnasyni í Ráðagerði leyft að gjöra anddyri við hús sitt 2x2 áln. að stærð.
9. Guðmundi Jónssyni leyft að gjöra bæ með stéinveggjum á lóð sinni í Sauðagerði 7x12 al. að stærð, með skúr 2x3 al. Gamli bærinn verður jafnframt rifinn.
10. Jóni Tómassyni Grimsstaðaholti leyft að gjöra hjað á lóð sinni 4x5 áln. að stærð.
11. Páli Guðmundssyni Gróubæ leyft að reisa hús á lóð sinni austanverðri austanvert við væntanlegt Garðastræti 11x12 áln. að stærð með skúr austanvið 3x4 áln.

Allir á fundi, nema Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Haildór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. K. Zimsen.
Guðmundur Jakobsson. Matthías Matthiasson.

Ár 1903, þ. 26. október átti byggingarnefndin fund með
sérsér í Melshúsatúni. Var þá Vilhjálmi Ingvarssyni útvísað
hússtæði þar í túninu niðurundan (austurundan) Skólabærjarhúsi
11x12 al. að stærð, og á húsið að standa í sömu röð, jafnlangt
frá götunni eins og húsin verða við sömu götu, snúa frá N-S
og suðurgaflinn vera í sömu línu og suðurhlið Skólabærjarhúss.

Allir á fundi, nema Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K.Zimsen. Guðmundur Jakobsson.
Matthías Matthiasson.

Ár 1903, b. 10. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi mállefni:

1. Ásgeiri Sigurðssyni leyft til bráðabirgða að reisa skúr 3×4 áln. að stærð vestan við geymsluhús verzl. Edfínborg nr. 11 í Hafnarstræti.

2. Sigurði Thorodðsen leyft að reisa íveruhús á lóð sinni 1 Útnordurvelli 14×17 áln. að stærð með bakhliðarskúr 3×5 áln. Húsið á að standa 10 al. vestur frá baðhúsinu sem nú er á lóðinni, snúa frá N-S eftir sömu stefnu eins og barnaskólinn og Frikkirkjan.

3. Einari Ingimundarsyni leyft að gjöra hjall og skúr 4×10 áln. að særð á lóð hans við Laufásveg sv. og salerni $1 \frac{1}{2} \times 1 \frac{1}{4}$ al. að stærð. Torfhúsið sem staðið hefur á lóðinni, er nú rifinn niður.

4. Þórgna Finnssyni melt hússtæði é lóð hans í horninuvið vegamót Grundarstiga og Bjargarstigs. Húsið á að vera 12×12 al. að stærð með skúr $3 \times 3 \frac{1}{2}$ al.; vesturgafl hússins standi í sömu línu og vesturhlíð húss lóðareigandans norðar á lóðinni og suðurhlíðin í sömu stefnu og suðurhlíð á húsi Böðvars Odds-sonar við Bjargarstig.

5. Halldóri Briem veitt viðbót norðan við lóð hans við Bergstaðastræti, rema 48 al. frá A-V og $7 \frac{1}{2}$ al. frá N-S.

6. Brimi Grimssynk veitt viðbót sunnan við lóð hans við Bergstaðastræti, rema 48 al. frá A-V og $7 \frac{1}{2}$ al. N-S.

7. Búnaðarfélagi Íslands melt hússtæði á landi Gróðrar-
stöðvarinnar 11×15 áln. að stærð.

8. Steingrím Guðmundssyni leyft að reisa útihús nyrðip á lóð hans við Bergstaðastræti $8 \frac{1}{2} \times 14$ áln. að stærð, með geymdum rétti lóðareigandans norðan við, að hví leyti sem húsið verður reist á lóðarmörkum.

9. Birni Bjarnarsyni leyft að gjöra íbúðarhús á lóð hans við Njálsgötu norðan við íbúðarhúsið 6×10 áln. að stærð.

10. Helga Sigurðssyni frá Kópavogi, sem hefur eignað lóðá, sem Árna Sæmundssyni var útvísad við Njálsgötu 9. júní 1903. leyfð sú breyting á hússtæðinu að húsið verði 10×12 al. að stærð (í stað fyrr 10×10 áln.).

11. Valdimar S. Loftssyni, sem er orðinn eigandi að syðra helmingi lóðar heirrar sunnan við Grettisgötu og vestan Vitastigs. Sem Kristni Asgrímssyni var meld 7. des. 1901, leyft að reisa hús á lóð hans við Vitastig 8×9 al. með skúr 3×3 áln.

12. Guðmundi Hallssyni, sem nú er orðinn eigandi að lóðá heirri, er Eyjólf fi Ófeigssyni var meld við Njálsgötu 6. des. f. á. leyfð sú breyting á hússtæðinu, að það verði 10×10 al. að stærð

framhald -

(í staðinn fyrir 10x12 al.). Skúrinn óbreyttur 3x4 álnir.

13. Bjarna Þorlákssyni leyft að gjöra skúr á lóð sinni við Grettisgötu 4x4 áln. að stærð.

14. Tryggva Matthiassyni, sem hefur eignað nyrðri hlutann af lóð Sveins Jónssonar við Grettisgötu 17x25 áln. og syðri hlutann af lóð sama manns við Laugaveg beint niðurundan 16x25 áln. og að auki ræma undir gangstíg austan af nyrðri hluta lóðar Sveins við Laugaveg 32x3 áln. leyft að reisa hús á þessari lóð 9x12 al. að stærð með 2 skúrum 2x2 al. að stærð hvorn.

15. Samúel Guðmundssyni og Helga Jósefssyni leyft að gjöra skúr austan við hús þeirra sunnan við Laugaveg, er þeir hafa keypt af Guðmundi Hallssyni, og verður skúrinn 3x3 1/2 al. að stærð. Sömu mörnum leyft að gjöra útihús á sömu lóð austan við íbúðarhúsið 10x11 al. al. að stærð, að geymdum rétti lóðareigandans að norðanverðu, að hví leyti sem húsið verður nær lóðarmörkum en 5 áln.

16. Benedikt Stefánssyni leyft að gjöra skúr sunnan við hús sitt við Laugaveg 3x4 aln.; jafnframt verður tekið burtu salerni 1 1/2x1 1/2 al. að stærð, sem nú standur a skúrlóðinni. Ennfremur var honum leyft að setja upp salerni 2x3 áln. að stærð syðst á lóðinni.

17. Jóni Helgasyni leyft að setja einn tröppustein við austurdýr á húsi hans nr. 45 við Laugaveg.

18. Jóhannesi Sigurðssyni leyft að gjöra skúr 5x5 al. við suðurgafl á húsi hans við Lindargötu. Skúrinn á að vera jafnhár húsinu.

19. Magnúsi R. Jónssyni leyft að hafa hússtæði er honum hefur verið útvísad á lóð hans við Hverfisgötu (Holtersbæjarlóð) 10 1/2x10 1/2 al. að stærð (í stað f. 7 1/2x10 1/2 al.) og skúrstæði 2x2 áln. (í staðinn fyrir 3x3 al.). Svo var honum og leyft að gjöra anddyri við húsið 2x2 áln. að stærð.

20. Guðm. Magnússyni Hverfisgötu leyft að gjöra útihús á lóð sinni 10x11 al. að stærð; að bað að snúa frá A-V og vesturgaflinn í sömu línu og vesturgafl íbúðarhússins.

21. Jóni Bjarnasyni leyft að gjöra útihús á lóð hans við Vatnsstíg Laugaveg 10x14 áln. að stærð.

22. Hirti Hjartarsyni leyft að gjöra útihús á lóð hans við Bókhlöðustíg 11x8 áln. að stærð.

23. Björn Guðmundsson, sem hefur gjört hesthús á lóð sinni austast með eldvarnargafli jafnháum og húsið sjálft, sótti um að mega steypa "Beton" bak á húsið í stað þess að burfa að hlaða eldvarnarvegg 6 þumlungum hærri en nágrennahús- 10 við Þingholtsstræti. Með hví að byggingarnefndin álitur

slíkan frágang á húsi þessu, sem farið er fram á jafn tryggi-legan gegn eldsvoða eins og eldvarnarvegg upp fyrir næsta hús, og með því að sílikan vegg, eins og hér stendur á, eigi unnt að hlaða, því að nágrannah usið er tvílyft, en hesthúsið ein-lyft og stendur auk þess langa, því áleit nefndin, að hún gæti samþykkt það sem farið var fram á.

24. Halldór Þórðarson hefur í bréfi 14. sept. þ.á. boðið bæjarstjórninni að færa til tröppur við hornið á húsi hans nr. 2. við Laugaveg, gegn því að bæjarsjóður greiði 2/3 af færslukostnaðinum. Bæjarstjórnin fól byggingarnefndinni að semja um betta við Halldór. En nú hefur hann við 2 nefndar-menn er hafa talað við hann í umboði nefndarinnar, lýst því yfir, að hann væri hættur við að færa tröppurnar, það hefur því ekki getað orðið af neinum samningum við hann.

Allir á fundi, nema Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Matthías Matthiasson. Kristján Þor-grimsson. Guðmundur Jakobsson. K.Zimsen.

Ar 1903, þ. 21. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi malefní:

1. Helga Zöega leyft að gjöra útihús suðaustast á lóð sinni við Bröttugötu 5x11 áln. að stærð, með geymdum rétti lóðareigandans að sunnan verðu, að hví leyti sem hús þetta verður á lóðarmörkum. Sama manni leyft að gjöra amddyri við austurgafli á húsi hví, er honum var leyft að byggja á fundi 21. sept. þ.á., 2x5 áln. að stærð.

2. Þórarni Guðmundssyni Ánanaustum leyft að gjöra skúr austan við íbúðarhús x x sitt 4x6 al. að stærð.

3. Slippfélaginu leyft að láta standa til vors timburbyrgi, opið að nokkru leyti í austarendann, sem félagið hefir slegið upp í Hlíðarhúsamýri, sunnan við lóð sína.

4. Þórði Péturssyni Oddgeirsba leyft að reisa fiskgeymsluhús 10x12 al. að stærð á lóð hans við Brekkugötu..

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danælsson. Matthías Matthiasson. Guðmundur Jakobsson. K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson. Tryggvi Gunnars-son.

Ár 1903, þ. 5. desember átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Sjómannafélaginu "Baran" leyft að reisa geymsluhús á
lóð félagsins við Vonarstræti, vestan við aðalhúsið, 10 1/2x6
áln. að stærð, og stækka skúr við suðurgafl hússins um 4 3/4x
4 áln.

2. Guðmundi Sigurðssyni klæðskera leyft að reisa hús á
lóð hans norðan við laugaveg 10x10 áln. að stærð með skúr 3x4
áln.

3. Sveini Jónssyni trésmið leyfð stækkan á húshúsi við
Laugaveg (sjá fund 9. apríl 1901, 13.) Hannig að húsið verði
11x12 aln. (í staðinn fyrir 10x10.).

4. Jóhanni Jóssyni skósmað leyft að reisa hús á lóð sinni
"Litluklöpp" 9x9 al. að stærð með 2 skúrum 2x2 al. og 2 1/2 al.
að stærð.

5. Steingrími Torfasyni, sem er orðinn eigandi að syðri
hluta lóðar Gísla Guðmundssonar við Hverfisgötu (sjá fund 17.
febrúar þ.á. 7.) leyft að reisa hús á þeirri lóð 9x9 áln. að
stærð með skúr 4x3 áln.

6. Árna Halldórssyni og Gunnlaugi Ólafssyni leyft að reisa
hús 11x12 áln. að stærð með skúr vestanvið 4x4 áln. á Grjót-
húsalóð við Vatnsstíg.

7. Pétri Þórðarsyni leyft að reisa hús á lóð sinni við
Lindargötu 10x10 áln. að stærð með skúr sunnan við 3x4 áln.
Húsið á að standa 18 áln. frá húsinu beint á móti norðan við
Lindargötu, og er ætlazt til að sú verði breidd götunnar mám-
anum þegar húsin sunnan við hana, sem öll eru fremur smá,
verða byggð upp.

8. Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í fyrradag, falið
byggingarnefndinni að athuga og segja álit sitt um, hver nauð-
syn bænum sé á að eignatz lóðarblett úr erfðafestulandi Stef-
áns Egilssonar við Grettisgötu, sem Stefán ætlar að selja og
boðið bæjarstjórninni að ganga fyrir kaupum á. Nefndin athug-
aði þennan lóðarblett og komst að þeirri niðurstöðu, að bæn-
um væri engin naðsyn að eignast hana.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Tr. Gunnarsson. Krisján Þorgrímsson.
K. Zimsen. Matthias Matthiasson. Guðmundur Jakobsson.

Ár 1903, laugardaginn 19. desember átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Ingimundi Jónssyni útvísað hússtæði á ló hans við Holtsgötu 10x11 áln. að stærð með útidyraskúr 3x4 áln.

2. Þórarni Jónssyni Selbletti leyft að gjöra skúr með suðurhlíðinni á bæ hans 8x3 áln. að stærð.

3. Sigurði Þórðarsyni í Birtingaholti leyft að breikka og hækka hús sitt þar, sem er 10 áln. á lengd. Breikkunin er 3 álnir.

4. M.Th.Jensen útvísað lóð á Bráðræðisholti milli Bráðræðishúagarðs og Framnesvegar 6061 feralin að stærð gegn 5 aura borgun fyrir hverja feralin.

5. Magnúsi Einarssyni leyft að gjöra skúr 2x2 al. að stærð við hús hans hjá Litlaseli.

6. Með því að lóð Runólfs Þórðarsonar og Matthíasar Þórðarsonar við Mýrargötu (sjá mæl. 20. sept. f.á.) og lóð Ingimundar Péturssonar við sömu götu (sjá mæl. 18. okt. f.á.), nú eign Daniels Þorsteinssonar, sem hvor um sig eru taldar 25 al. með götunni, hafa nú við nánari mælingu reynzt að vera að eins 40 áln. til samans heim megin, sem veit að götunni, var sú breyting gjörð, að báðum lóðareigendum viðstöddum og með heirra samþykki, að norðurhlíð lóðanna, hvorrar fyrir sig verði 23 álnir. -

Allir á fundi, nema K.Zimsen og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Guðmundur Jakobsson. Kristján Þorgrímsson. Matthias Matthiasson.

Ár 1904, 2. dag janúarmánuðar átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Guðbirni Guðbrandssyni, sem er orðinn eigandi að syðri hluta af lóð Guðm.Jakobssonar við Grettisgötu (sjá útmæl. 4.8. 1902, 6.) 20x25 áln. að stærð, leyft að reisa hús á þeirri lóð 10x10 al. með skúr 3x6 3/4 við norðurhlíð.

2. Torfa Vigfússyni, sem er orðinn eigandi að lóð Eiríks þorkelssonar við Grettisgötu (sjá mæl. 1. 2. 1902, 5.) leyft að stækka hússtæðið á lóðinni (8x9 plús 3x4) þannig að það verði 9x10 al. að stærð og skúrinn 3x4 áln.

3. Jóhannesi Lárussyni leyft að stækka til austurs úti-hús á lóð hans við Grettisgötu um 10x10 al.

4. Kristjáni Einarssyni, sem er orðinn eigandi að Einars Einarssonar við Grettisgötu (sjá útmæl. 7.12.1901, 6.) leyft að stækka hússtæðið (9x10 pluss 3x3) þannig að húsið verði 10x11 áln. og skúrinn 4x4 áln. að stærð.

5. Árna Jónssyni Lindargötu (Tóttum) leyft að reisa hús á lóð sinni 10x14 áln. að stærð með skúr 3x4 áln., þar sem bærinn stendur nú, þannig að vesturgafl hússins verði þar sem vesturgafl bæjarins er. Bærinn er 8x10 al. að stærð og skúr við hann 4x2 1/2 al.

6. Kristjáni Jónssyni Laugavegi (Vegamótum) leyft að reisa hús 6x11 al. að stærð með skúr 3x3 al. sunnan til á lóð hans. Húsið á að snúa frá A-V og standa þannig, að bein lina eftir vesturgaflinum niður á Laugaveg verði 10 1/2 al. fyrir austan húsið. nr. 16 við sama veg.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Guðmundur Jakobsson. Tryggvi Gunnarsson. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen. Matthias Matthíasson.

Ár 1904, þ. 16. janúar átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni.

1. Bæjarstjórnin hefur beyðzt álits byggingarnefndarinnar um erindi frá Goodtemplarastúkunum hér í bænum um það 1. hvort útmæling 70 al. á þengdum og 30 al. á breidd fáist á stakkstæðum norðan við Hafnarstræti milli Brydesbúðar og vörugeymsluhúss verzlunarinnar Edinborg, til að reisa "Temperance Hotel" og 2. með hverjum skilmálum. Byggingarnefndin ræður frá því að bæjarstjórnin afsali sér þessu stakkstæði í hendur einstakra manna eða félaga að svo stöddu, með því að hún hefur ekki önnur svæði er að sjó liggja í miðbænum og notuð verði í bæjarins þarfir, þegar þar að kemur, heldur en þessi stakkstæði.

2. Byggingarnefndin leggur til, að Guðmundi Jakobssyni trúsmið verði seld lóðarsneið vestan Ingólfssstrætis við Spítalastíg, sem er áföst við lóð Guðmundar, en verður ekki notuð til hússtæðis útaf fyrir sig, fyrir sama verð, er lóðin var metin, 50 aura hvern fermaðina. Lóðin verður síðar mæld.

3. Var Slippféluginu veitt lóðarviðbót vestan við eldri lóð þess 80 áln. frá N-S og 30 al. frá A-V. Byggingarnefndin álitur hæfilegt verð á lóð þessari 20 aura fyrir feralin, og var beiðandi, formaður Slippfélagsins, Tryggvi bankastjóri Gunnarsson því samtykkur.

4. Var Guðrúnu Árnadóttur Brautarholti á Bráðræðisholti leyft að gjöra skúr 6x4 áln. að stærð sunnan við bæ sinn þar.

5. M.Th.Jensen eiganda Bráðræðis leyft að rétta með beinum garði landamerki milli Eiðigranda að norðan og Bráðræðisengja að sunnan. Beiðandinn eignast við betta lóðarviðbót, með því að steingirðing sú, sem beiðandi ætlar að hlaða með endilöngum Grandanum að sunnanverðu vestur á móts við austurtakmörk Votavallar, álízt vera töluverð.

6. Jóni Gíslasyni frá Hala leyft að reisa hús 10x10 áln. að stærð með skúr 3x4 al. á lóð hans við Brekkugötu, er hann hefur keypt af bæjarstjórninni. Húsið á að standa 6 al. frá götunni, sem gert er ráð fyrir að verði með tímanum 18 áln. á breidd.

7. Sú breyting leyfð á húsmælingu 19. sept. f.á. handa Sæmundi Sveinssyni Sæmundarhlíð að húsið standi nokkru innar á lóðinni, en hornskekkjan falli þá burtu, gegn því að hann setji sæmilega gírðingu með götunni.

8. Breidd á Holtsgötu var ákvæðin 16. al. milli húsa.

9. Jóhannesi Magnússyni leyft að reisa hús við Kapla-skjólsveg á syðri hluta Hliðslóðar, sem hann hefur keypt af Jóni Björnssyni og er 1972 feralin að stærð; verður húsið

10x12 áln. að stærð með skúr $3 \times 3 \frac{1}{2}$ al. Við uppdrátt af húsinu var það athugað, að eitt herbergið er ekki nágilega stórt eftir fyrirmælum samþykktarinnar, og var lagt fyrir beiðandann, að lagfæra það.

10. Var ákveðið vegarstæði milli Vesturgötu og Nýlendumötu milli húsanna nr. 18 (Árna Eiríkssonar) og nr. 20 (Árna Þórðarsonar). Vegarstæði þetta liggur mest allt á lóð bæjarins og er opið til sjavar.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Guðmundur Jakobsson. Kristján Borggrímsson. Tr. Gunnarsson. Matthías Matthiasson. K.Zimsen.

Ár 1904, þ. 6. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Mælt með beiðni frá Högsna Finnssyni um undanþágu frá
fyrirmelum byggingarsamþykktarinnar í 29.gr. um glugga á hjör-
um og í 27.gr. um vídd reykháfa.

2. Helga Jónssyni bankaskrifara, sem er orðinn eigandi
að lóð Thomsen verzlunar við Lindargötu (Litlabærjarlóð) leyft
að reisa á lóð þessari ~~þá~~ hús 2 hús 10x10 al. að stærð hvert
með skúr sunnanvið 2 1/4x2 1/4 al. við hvort húsið, svo og and-
dyri vestan við vestra húsið og austan við eystra húsið 2 x
1 1/2 al. að stærð.

3. Haraldi Sigurðssyni kaupmanni leyft að reisa hus aust-
an við og áfast við hús hans nr. 44 við Laugaveg 10x10 1/4
al. að stærð, með því skilyrði að veggurinn sem snýr fram að
götunni verði jafnhár eins og norðurveggur hins eldra húss.

4. Guðmundi Nrynjólfssyni trésmið, sem er orðinn eigandi
að lóð ~~beirri~~, er Páli Ísakssyni var mæld 5. jan. 1901. sbr.
mælingu 2/11 s.á., var leyft að hafa hús það, er hann byggir
á lóðinni 11x12 al. að stærð með 2 skurum 3x3 al. og 3 1/2 x
3 1/2 al.

5. Þorl^{Johnen} fyrv. kaupmanni leyft að gjöra skúr 3x3
áln. að stærð við norðurgafi hússins nr. 4 við Lækjargötu, þó
með geymdum rétti eigandans að lóðinni nr. 2, að því leyti
sem skúrinn verður ekki fullar 5 al. frá lóðarmörkum.

6. Oddi Oddssyni leyft að reisa bakhús á lóð sinni við
Njálsgötu 7x8 al. að stærð.

7. Útaf beiðni frá Benedikt Sveinssyni, Bjarna Jónssyni
og Páli Guðmundssyni um að Grettisgata verði lögð alla leið
vestur á Vegamótastíg norður frá hegningaráhúsinu, lætur nefnd-
in það álit í ljós, að þessi breyting götunnar verði að telj-
ast heppileg og kæmi í góðar þarfir lóðareigendum beggja meg-
inn við götuna, en að öðru leyti vísar nefndin til þejarstjórn-
arinnar ósk beiðendanna um að vegargjörð þessi verð gjörð á
næstum vori.

8. Stjórn sjómannafélagsins "Baran" hefur farið þess á ~~x~~
leyt við þejarstjórnina að féluginu verði mæld til útfyllingar
og hússtæða á sínum tíma á svæði af tjörninni nyrzt fyrir sunn-
an væntanlegt Vonarstræti milli Iðnaðarmannahússins og Báru-
félagshússins, hér um bil 150 álnum frá A-V. og 30 al. frá
S-N. Um þessa málaleitan beiðist þejarstjórnin álíts byggingar-
nefndarinnar. Nefnd þessari hefur nokkrum sinnum áður neitað
um útmælingu á umræddum stað í tjörninni, þegar þess hefur
verið farið á leit, með því að nefndin hefur álítið, að eigi
rétt né ráðlegt, að fylla upp tjörnina suður fyrir Vonarstræti,
og veit nefndin eigi betur en þejarstjórnin hafi verið á sömu

skoðun um mörg undanfarin ár. Ástæðan fyrir bessari skoðun hafa verið taldar þær, að ekki hýki mega minnka tjörnina meir en orðið er, með því að hún er aðalsvæðið til skautaferða og annara útiþreyfinga (?) fyrir bæjarmenn á vetrum og jafnframt til ísfanga handa íshúsunum, að það meðfram af fyrtaldri ástæðu bykir ekki gjörlegt að takmarka svo mjög aðgang almennings að tjörninni heim megin sem hun veit að, aðalbænum, með því að veita einstökum mönnum eða félögum lóðir á bessu svæði, og leikinn að það verður að álita mjög mikilsvert að frjáls gangur sé að tjörninni á öllu bessu svæði til vatnssóknar, ef eldsvða ber að höndum í húsum heim sem eru í nánd og mörg eru meðal stórhýsa bæjarins. Nefndinni er ekki kunnugt um að neinar hér breytingar séu orðnar, að bessar ástæður hafi eigi enn sama gildi, og er því samhuga um að ráða frá því, að framangreind beiðni verði samþykkt.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. Guðmundur Jakobsson. Matthias Matthiasson. Tr. Gunnarsson. K.Zimsen.

Ár 1904, laugardaginn 20. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Jul. Schou mælt hússtæði 23 1/3 al. frá A-V. 12 al. frá N-S. fyrir austan hús hans á Klettakotslóð. Stefna á norðurhlíð hússins var ákveðin bein lína úr vestur horni á húsi beiðandans í norðausturhorn á skúrnum við gamla hús Sigurðar Þórðarsonar við Norðurstíg sé numið fullt úr gildi, útmæling handa Schou 17. okt. f.á. nr. 3.

2. Guðjóni Ólafssyni og Birni Jónssyni leyft að gjörna salerni við hús hans við Kaplaskjólsveg 3xl 1/2 al. að stærð. Skal salernið standa við norðurgafl hússins í sömu stefnu og húshliðin er að götunni snýr, en girðing skal vera heim megin svo há, að eigi sjáist salernið frá götunni.

3. Einari Einarssyni leyft að lengja bæ sinn Háholt á Bráðræðisholti um 2 al. til suðurs. Þærinn er 7 1/2 al. á breidd.

4. Eyvindi Árnasyni og J-J. Setberg trésmiðum leyft að byggja hús er þeir fyrir trésmíðavinnustofu með steinolíumót-or til þess að framleiða vinnuafli. Húsið á að vera 22 áln. á lengd og 12 1/2 á breidd, og áskildi byggingarnefndin að hlíð hússins yrði látin snúa að Laufávægi, en gaflinn að Bókhlöðustíg, en húsið á að standa í krikanum milli þessara vega að suðvesanverðu. Ennfremur varu það skilyrði sett, sem beiðendurnur hafa skriflega undirgengizt, að greiða hlutadeigendum sem eiga eða eignast vatryggða lausafjármuni í húsum í nánd við vinnustofuna, þann mismun, er ið-gjöld fyrir eldvarða byggingu munu þarna hækka um við bækum húsbýggingu þessa meðan vinnustofan er notuð.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Guðmundur Jakobsson. Tryggvi Gunnarsson. G. Ólsen.

Ar 1904, þ. 5.marz átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Var endurnýjuð útmæling 5. janúar 1901 á lóð og hússtæði við Bergstaðastræti handa Valentínusí Eyjólfssyni. Útmælingin er óbreytt, en beiðandi skal nota hana áður en ár er liðið, ella er hún ógild og fellur lóðin aftur til bæjarins.

2. Var Pétri Hjaltested leyft að gjöra útihús 17x4 1/2 al. að stærð syðst á lóð sinni við Laugaveg. Vesturgaflinn og suðurhlíðin eiga að vera eldvarnarveggir.

3. Guðmundi Ingimundarsyni leyft að lengja vestur eftir útihús á lóð sinni við Bergstaðastræti um 12 al. Húsið er 9 al. breitt.

4. Ólafi Jónssyni leyft að reisa útihús á lóð sinni við Lindargötu 12x12 al. að stærð með skúr 3x3 áln.

5. Árna Halldórssyni og Gunnlaugi Ólafssyni leyfði sú breytting á útmælingu 5. des. f.á. að hússtæðið verði 1 al. lengra, 13 al. fyrir 12 aln.

6. Þorsteini Þorsteinssyni leyft að lengja fiskhús við sjóinn niður undan húsi hans við Lindargötu um 27 1/2 al. Húsið er 9 al. breitt. Það var í upphafi útmælt með því skilyrði, að það yrði tekið burtu, þegar byggingarnefnd krefst K. Þess. Viðbótin er leyfð með sama skilyrði.

7. Páli Guðmundssyni leyft að reisa hús á lóð sinni Vega-mótalóð norðan við væntanlegt framhald Grettisgötu 11x10 1/2 al. að stærð með skúr norðan við 3 1/2 x 4 al.

8. Sama manni útvísad hússtæði 9 1/2x9 1/2 al. að stærð með skúr 2 1/4 x 2 1/2 al. efst (syðst) á lóðinni í horninu milli Frakkastígs að vestan og Njálsgötu að norðan, sem hann hefur keypt af Guðmundi Guðmundssyni, er fékk lóðina útmælda 4. okt. 1902 (bls.122 í fundarbókinni).

9. Guðjóni K. Helgasyni leyft að gjöra útihús á lóð sinni við Laugaveg 4 1/4 x 6 1/4 al. að stærð.

10. Jóni Þórðarsyni rennismið, sem er orðinn eigandi lóðar heirrar, er Guðmundi Guðmundssyni var útmælt norðan við Grettisgötu 4. ágúst 1902, leyfði sú breyting á hússtæðinu, að það verði 8x9 al. að stærð.

Allir á fundi, nema Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Guðmundur Jakobsson. Kristjan Þorgrímsson. G. Olsen. K.Zimsen.

Ár 1904, laugardaginn 2. apríl átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Haraldi Möller trésmið leyft að reisa íbúðarhús austan við Tjarnargötu á lóð, sem hann hefur keypt af Indriða Einarssyni revisor. Húsið verður 2 loftað, 13 al. á hæð, 15 al. á lengd og og 14 al. á breidd með skúr vi austurhlið $5 \times 3 \frac{1}{2}$ al. Húsið standi 2 áln. fyrir sunnan götulinuna, til þess að breidd götunnar verði þar eigi minni en hæð hússins. Austast á sömu lóð var beiðandanum leyft að reisa smíðahús $13 \frac{1}{2} \times 9 \frac{1}{2}$ al. að stærð.

2. Daniel Danielssyni ljósmyndara leyft að reisa íbúðarhús á lóð, sem hann hefur keypt af Jóni Magnússyni sunnanvið vœntanlegt framhald Hverfisgötu. Húsið verður einlyft 17×11 al. að stærð. Breidd Hverfisgötu á þessum stað er ætlazt til að verði 20 al.

3. Árna Jónssyni (á Tóttum) við Lindargötu leyft að hafa hússtæði, er honum var mælt 2. jan. þ.á. 1 al. breiðara, 11 al. í staðinn fyrir 10 al.

4. Jóni Þórðarsyni leyft að lengja útihús (fiskbúð) á Móakotslöð, sem er $14 \frac{1}{2}$ al. breitt, um $9 \frac{1}{2}$ al. Áskilið var, og samþykkt af beiðanda, að hann setji eldvarnargraf austanvið þessa viðbót, fegar byggingarnefnd krefst þess.

5. Vilhjálmi Bjarnasyni á Rauðará leyft að reisa íbúðarhús $16 \frac{1}{2} \times 11$ al. að stærð með skúr 3×4 áln. á lóð sinni sunnan við fjósið, sem þar stendur nú.

6. Féluginu Mjölnir leyft að reisa geymsluhús á lóð þess við Laugaveg 8×15 al. að stærð. Jafnframt afsalaði félagið sér leyfi, er hví var veitt á fundi 3. október f.á. til að reisa íbúðarhús á lóðinni 10×12 al. að stærð.

7. Var Jes Zimsen kaupmanni leyft að reisa geymsluhús á lóð sinni við Hafnarstræti 6×13 al. að stærð.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Matthías Matthiasson. K.Zimsen.
Kristján Þorgrímsson. Tryggvi Gunnarsson þekki ekki 7. lið.

Ár 1904, 1.6.apríl átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Var rætt um viðauka við byggingarsamþykktina, um gjöld fyrir leyfi, er bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir og fyrir störf byggingafulltrúans í þarfir einstakra manna samkvæmt viðaukalögum október 1903 24. 1903. Jafnframt hótti byggingarnefndinni nauðsyn á að breytt væri nokkrum ákvæðum í samþykktinni, og samdi hún og samþykkti svolátandi

Frumvarp

til breytðingar á byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík 7. sept 1903 og viðauka við hana.

1. gr.

Í 18. gr. 4. málsgrein samþykktarinnar komi 20° fyrir 30° .

2. gr.

Í 21. gr. 1. og 5. málsgrein falli burtu orðin "og loftum".

3. gr.

Í 23. gr. orðist fyrri hluti 2. málsgreinarinnar þannig: "Kvist og loftherbergi má hafa til íbúðar þó heð þeirra sé eigi meiri en 3 1/2 alín, sé herbergið undir suð skal meðalhæðin undir loft yfir hálfu gólfínu, minnst yfir 15 feránum eigi vera minna 3 1/2 al.

4. gr.

Fyrir byggingarleyfi og störf byggingafulltrúans skal greiða gjöld sem hér segir:

I: a, fyrir leyfi til að reisa ný hús, 1 eyrir fyrir hverja teningsalin í húsinu mælt frá kjallaragólfí eða ytri jarðarflöt, ef eigi er kjallari, að efri bitabrún, þó ekki minna en 2 krónur fyrir einstakt leyfi.

b, fyrir að stækka eldra hús greiðist sama gjald af rúmmáli viðbótarinnar.

II. fyrir önnur byggingarleyfi greiðast 2 krónur.

III. fyrir störf, sem byggingarfylltrúinn leysir af hendi samkvæmt stöðu sinni eftir beiðni einstakra manna greiðist 1 króna fyrir hverja klukkustund eða hluta úr klukkustund, er til starfans gengur.

Gjöld þessi falla í bæjarsjóð og greiðast byggingarfylltrúanum gegn afhendingu uppráttar þess, er getur um í 5. gr.

2. Var Tr. Gunnarssyni fyrir hönd "Áburðarfélagsins" leyft að reisa safnhús í norðausturhorni Aldamótagarðsins 10x20 al. að stærð.

Allir á fundi. Kr. O. Þorgrímssyni leyft að fara af fundi þegar 1. málínu var lokið. Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Matthías Matthiasson, samt. ekki III.4.gr K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson, samt. ekki II. lið 4. gr. ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur Tryggvi Gunnarsson, ekki samt. II.lið 4.gr. Guðr.Jakobsson samt

ekki III. lið 4. greinar.

Ár 1904, þ. 16. apríl átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Jóni Sveinssyni trésmið synjað um húsmælingu á lóð hans við Temlarasund eftir framlögðum uppdrætti, með því að vegghæð að norðanverðu er þar ráðgjörð 18 al. en byggingarnefndina brestur heimild til að veita slika undanþágu frá 13. gr. byggingarsamþykktarinnar.

2. Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum 7. þ. m. samþykkt að breidd Hverfisgötu skuli vera 24 al. alla leið sem gatan nær frá Lækjartorgi austur á Rauðarárhæðir, þannig að húsin, þar sem gatan er nú mjórrið, verði smám saman færð inn, þegar þau verða byggð upp, svo að gatan nái tilætlaðri breidd. Byggingarnefndin athugaði á staðnum, hvernig lagning götunnar austur á við og breikkun hennar yrði bezt hagað. Samþykkti nefndin, að lagningin austur á við yrði beint framhald götunnar með þeirri stefnu, sem hún hefur nú, þar til hún kemur á þjóðveginn í Rauðarártröðinni. Um breikkun götunnar áleit nefndin heppilegast, að hún yrði öll suður á við og samþykkti nefndin það af þeim ástæðum er nú skulu taldar: 1., að það er bæjarsjóði miklum mun ódýrara, að ekki verði raskað húscarðunum beggja megin við veginn, heldur aðeins öðru megin, enda tekur það því styttri tíma, að gatan öll nái tilætlaðri breidd. 2., að lóðirnar sunnanvið veginn eru talsvert dýpri (allt að 10 álnum) heldur en lóðirnar að norðanverðu og þola því betur að skerðast, án þess að ónýtast. 3., að hús, sem þegar eru reist norðan við veginn eru yfirleitt verðmeiri heldur en hin að sunnanverðu. 4., að sumar lóðir að norðanverðu við veginn mundu eigi verða hæfar til hússtæðis, ef þær væru skertar, en að sunnanverðu engin, eða ef til vill ein. 5., að tölverða lóðarviðbót, fram yfir það, sem ráðgjört hefur verið, yrði að taka af Rauðarátúni, allt að 600 ferálnum, ef helmingur af breikkun götunnar yrði norðanavið. 6., að breikkun vegarins norður á við, þar sem hann liggur fram hjá Arnarhóli, mundi færa hann upp á hólinn og gjöra hann brattari og verra að leggja hann.

3. var Eyjólf fi Sigurbirni ~~Sveinssyni~~ leyft að reisa steinsmiðahús 10x12 al. al. stærð á vestanverðri lóð hans nr. 36 við Bergstaðastræti, verði skúr $1\frac{1}{2} \times 2\frac{1}{2}$.

4. Var samþykkt breyting samkvæmt framlögðum uppdrætti á dyrum og gluggum í vörugeymsluhúsi H.Th.A.Thomsen verzlunar norðan við Hafnarstræti.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K.Zimsen. Tr.Gunnarsson. Matthias Matthiasson. Kristján Þorgrímsson. Guðmundur Jakobsson.

Ar 1904, 5.7. máí átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Byggingarnefndin leggur til, að Magnúsi Vigfússyni verði afsalað til eignar, lóð umhverfis hús hans í Miðselstúni, 40 al. frá A-V. með vœtanlegri götu norðan við húsið samstefna Frammnesvegi, og 40 al. suður fra heim megin, eða 1600 ferálnir, og verð á lóðinni sett 15 aurar fyrir hverja feralin. Hins vegar finnur nefndin ekki ástæðu til að mæla með bví, eins og hann hefur farið fram á, að honum verði seldir matjurtagarðar heir, sem eru í túninu upp við Frammnesveg og niður við sjó, með bví að engin nauðsyn ber til að þessar lóðir fylgi húsinu.

2. Johanne Frederiksen ekkjufrú leyft að setja steinþrep 10 þuml. breitt við útihús hennar við Fischerssund.

3. M.Lund lyfsala leyfð breyting á umbúnaði í útihúsi hans við Kirkjustræti og að hækka skúr vestan við lyfjabúðina.

4. E.Jensen bakara leyft að lengja bökkunarhús hans við Austurstræti um 10 al. til vesturs, og verður breiddin á viðbótinni að meðtöldum skúr norðan við 16 al. Jafnframt verður rifinn niður skúr 4x4 al. að stærð á hinni útvísuðu byggingarlóð. Honum leyft 18" tröppur við götuna.

5. Ásgeiri Sigurðssyni leyfðar þessar breytingar á geymsluhúsi verzlunarinnar Edinborg norðan við Hafnarstræti: 1. að stækka og fjölga gluggum. 2. taka burtu skilrúm og færa til stiga í húsinu, og 3. setja upp búðardisk í vesturendanum.

6. Sama manni left að gjöra skúr á lóð verzlunarinnar fyrir norðan Sjávarborg til að bræða þar meðalalýsi. Stærð skúrsins er 5x5 áln.

7. Var athuguð stefna Hverfisgötu eftir að hún kemur vestur fyrir lækinn. Gatan gengur þar yfir lóð J.Zimsen kaupmanns sunnanverða, og lendir brunnur, sem er í lóðinni í miðri götustefnunni. Með bví að eigi þykir tiltækilegt að fylla brunninn, álitur nefndin fara bezt á bví til að koma götunni í sem beinast samband bæði við Hafnarstræti og Lækjartorg, að hún skiptist um brunninn, og beygi annar armurinn norður í Hafnarstræti en annar suður á torgið. Þyki þessi tilhögur, sem mun hafa í för með sér allmikil og kostnaðarsöm lóðarkaup, ekki tiltækileg verður gatan öll að beygja suður fyrir brunninn inn á torg og verður samband hennar við Hafnarstræti rá aðeins sund það, sem er milli Zimsens-lóðar og Sívertsens húss.

8. Einari Sveinssyni og Helga Helgasyni leyfðar tröppur út frá vesturenda á húsi þeirra við Hverfisgötu allt að 18 þuml. út fyrir húshliðina.

9. Jónatan Þorsteinssyni mælt hússtæði á lóð hans við Vatnastíg (Laugaveg 31) 12x11 1/2 al. að stærð.

10. Stefáni B. Jónssyni/kaupmanni leyft að stækka skúr á lóð hans við Laugaveg um 5x10 áln.

11. Ólafi Gunnlaugssyni (frá Ártúni) leyft að reisa hús í erfðafestulandi Vilhjálms Bjarnasonar við Laugaveg, 10x10 al. að stærð, þó með því skilyrði, að bæjarstjórnin samþykki húsbygginguna í nefndu erfðafestulandi.
12. Árna Gíslasyni pósti leyft að gjöra hús hans á Póstbletti tvílyft og setja kvist á vesturhlið hess.
13. Jóni Guðmundssyni pósti leyft að gjöra heyhlöðu og hesthús 11x12 al. að stærð vestan við íbúðarhús hans á Laugalandi.
14. Með því að Húsmæling handa Daniel ljósmyndar Danielssyni Hverfisgötu 2, er fallin burtu, sakir hess að bæjarstjórnin hefur ákveðið að breikka götu þessa suður á við, svo að hún verði 24 al., var Daniel nú mælt annað hússtæði sunnar á lóðinni 10x12 al. að stærð, og honum mæld lóðarviðbót, ræma sunnan við lóð hans, sem á að ganga í skiptum fyrir jafnmikið af lóð beirri, er hann lætur af hendi undir Hverfisgötu, og verður mæld síðar; en með því að lóðarræma bessi er nú notuð til gangs til og frá húsi Hafliða Jónssonar, var það áskilið að Daniel léti Hafliða frjálsan aðgang yfir vestanverða lóð hans norðyr á Hverfisgötu.
15. Jóni Eyjólfssyni, sem nú er orðinn eigandi húseignarinnar nr. 57 við Laugaveg, (áður eign Guðmundar Egilssonar trúsmíðs) leyft að reisa skúr austan við húsið 8x12 áln. að stærð Hlið skúrsins, sem að götunni veit á að vera jöfn há og húshliðin, eða með brið, er nái jafnhátt vegg hússins.
16. J.Jónassen/^{landlaekn} leyft að gjöra hænsnahús 3 1/2x5 al. á túni hans Útsuðurvelli.
17. Ragnheiði Guðjámsen ekkjufrú leyft að setja glugga á austurgafi húss hennar við Bókhlöðustíg.
18. Ingibjörgu Jónsdóttur ekkjufrú leyft að reisa hús 13x14 1/2 al. að stærð á lóð vestan við Laufásveg, er hún hefur keypt af lektor Þórhalli Bjarnasyni. Húsið á að standa 20 al. frá húsunum beint á móti austan við götuna, nyrzt á lóðinni, sem er ca. 1800 feráln. að stærð.
19. Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur í bréfi 19. f.m. farið hess á leit, að frestur til að byggja á lóð félagsins milli Lækjargötu og Vonarstrætis verði lengdur til ársloka 1905 og hefur bæjarstjórnin beiðzt álits nefndarinnar um þetta erindi. Með því að hér er um almennings (landsjóðs) eign að ræða, og félagsstjórnin hefur leitt rök að því, að félagið geti ekki ráðizt í húsbyggingu á lóðinni fyrr en síðari hluta ársins 1905, þykir byggingarnefndinni rétt og vill því leggja það til, að hessi málaleitan sé samþykkt. Nefndarmaður Tr. Gunnarsson er þó eigi samþykkur hessu áliti nefndarinnar.

20. Sveini Jónssyni snikkara leyfð sú sý breyting á húsmælingu á lóð hans við Grettisgötu er Guðjóni Sigurðssyni var mæld 4.1. 1901, að húsið verði að stærð 10x13 1/2 al. (í staðinn fyrir 7x8 al.) með skúr 2x3 al. óbreyttum.

21. Magnúsi Magnússyni steinsmið, sem nú er orðinn eigandi lóðar heirrar við Grettisgötu, er Jóhannesi var mæld 2. mars 1901, leyfð sú breyting á húsmælingunni, að húsið verði, að húsið verði 9x10 al. og skúrinn 2x3 al. að stærð.

22. Guðmundi Jakobssyni trésmið, sem er orðinn eigandi lóðar heirrar. er Guðmundi Egilssyni var mæld 4. janúar 1902, var leyft að reisa íbúðarhús í suðausturhorni lóðarinna 9x9 al. að stærð.

23. Sami maður er orðinn eigandi lóðar heirrar er Tryggva Matthiassyni var mæld 6. ág. 1901 og var honum leyft að reisa íbúðarhús 9x9 al. að stærð á norðausturhorni heirrar lóðar.

Við mælingarnar 22 og 23 athugast það, að hinan upphaflegu húsmælingar á lóðum þessum standa óbreyttar við götuna, en byggingarnefndin álitur, að húsmælingar þær, sem fram hafa farið í dag megi nægja til þess að lóðareigandi geti haldið lóðunum, ef hann reisir húsin fyrir árslok, hó að þau séu ekki á sama stað og ekki eins stór og hús þau, er fyrr voru útmæld.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K.Zimsen. Tr. Gunnarsson.
Kristján Þorgrímsson. Matthias Matthiasson. Guðmundur Jakobsson.

Ár 1904, þ. 21. maí átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Jóni Sigurðssyni leyft að setja dyr á austurgafi, nr.
40 Vesturgötu.

2. Einari Einarssyni Háholti leyfðe sú breyting á húsmæl-
ingu 20. febrúar þ.á., að bærinn verði að stærð 10x10 al., og
að hlaðið verði ofan á veggina.

3. Fyrirspurn frá Nic. Bjarnason verzlunarstjóra um það,
hvort leyft myndi verða að reisa tvílyft hús á Glasgow stein-
töttinni við Vesturgötu, svaraði nefndin á þá leið, að ll 1/4
al. hátt hús - að tóttarhæðinni meðtalinni - myndi mega reisa
ofan á tóttina eins og hún er nú, ef lagt væri vatnshelt lag
ofan á undirstöðurnar, og eldvarnarveggur hlaðinn að norðan-
verðu eða steyptur.

4. Gísla Finnssyni leyft að gjöra dyr á vesturgafi húss
hans við Norðurstíg, þar sem nú er gluggi, og gjöra nokkrar
breytingar á herbergjaskipun í húsinu.

5. Var ákveðið vegarstæði yfir Meishúsatún austan við
Skálabæ milli Suðurgötu og ventanlegs framhalds Garðastrætis.
Nefndin álitr að 14.al. breidd á þessari götu verði að nægja,
þæði af því að hús verða aðeins reist öðru megin - að norð-
anverðu við hana - og af því að eigi þykir fært að skerða
meira lóð þá sem kostur er á að fá til stækkunar á kirkjugarð-
inum, og þegar er samið um kaup á, í því skyni.

6. Var "Áburðarfélagi Reykjavíkur" leyft að gjöra safn-
gryfju með húsi yfir í Norðurmýrabletti nr. 2, við vesturtak-
mörkin hérumbil 238 ai. fyrir sunnan beina stefnu Njálgsgötu.
Húsið verður 10x20 al. að stærð, og er leyfið veitt með því
skilyrði, sem er samþykkt af beiðanda, að félagið setji girð-
ingu 3 al. háa að minnsta kosti kringum húsið og lóðina, þegar
byggingarnefnd krefst þess. - Nefndarmaður K.Zimsen er ósam-
þykkur þessari fundargjörð. -

7. Var samþykkt beiðni Magnúsar Stephensen fyrver. lands-
höfðingja í bréfi, dags. 9. Þ.m. um að mega setja upp til
bráðabirgða trégirðingu sunnan við húslóð hans við Skálholts-
stræti (Skálholtsstíg) á sama stað og girðingin er nú, gegn
því að flytja girðinguna frá strætinu í línu við lóð Högna
Finnssonar, þegar byggingarnefnd þarfnast lóðarinnar til að
breikka Skálholtsstíginn. -

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Haildór Danielsson. Matthias Matthiasson. Kristján Þor-
grímsson. K.Zimsen. Guðmundur Jakobsson.

Ár 1904, þ. 4. júní var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og voru tekin fyrir hessi málefni:

1. Var á veðið, að Gunnar Gunnarsson kaupmaður skyldi fóra gírðingu, sem hann ætlar að rífa niður og endurreisa meðfram lóð sinni við Austurstræti, inn um ca. 2 1/4 al. að jafn-aði, svo að hún kæmi inn í húsalínuna. Sama manni leyft að krækja lausu vagnskýli á sömu lóð.

2. Siggeiri Torfasyni leyfð smávegis breyting á skúr við hús hans við Laugaveg.

3. Sigurði Erlindssyni Laugavegi 26 leyft að reisa skúr sunnan við vesturenda húss hans 4 1/2 x 4 3/4 al. að stærð.

4. Benóný Benónýssyni, sem hefur eignað norðurhluta lóðar Þeirrar, er Sveini Jónssyni var meld 4. mars 1899, leyft að reisa hús á Þeirri lóð 11x13 1/2 al. að stærð með skúr við suðurhlíð 3x4 áln.

5. Á lóð Þeirri við Grettisgötu, er Guðmundi Magnússyni var meld 4. janúar 1902, en Sveinn Jón Einarsson er nú orðinn eigandi að, var Sveini leyfð sú breyting á hússtæðinu, að hæð verði 9x10 al. að stærð með skúr sunnanvið 3x4 áln.

6. Jónatan Þorsteinssyni leyft að byggja eina lofthæð ofan á skúr austur úr húsi hans við Laugaveg, með hví skilyrði, að hann bæti við í skúrgrindina minnst 10 stöfum 5x6 þumli. gildum.

7. Byggingarnefnd vill ekki mæla með beiðni frá Jóhannesi Jósefssyni snikkara, um að honum verði sold lóðin norðan við Elsumýrarblett, sem ~~hann~~^m hefur ~~k~~ verið leyft að nota til fiskverkunar. En verði lóðin ~~h~~ sold gerir nefndin ráð fyrir, að verðið verði ekki sett lægra en 3 a. hver alin?

8. Steingrími Torfasyni leyfð sú breyting á útmælingu 5. des. f.á., að hússtæðið verði 9x10 al. og skúrinn 3x3 1/2 al. að stærð.

9. Ófeigi Vigfússyni leyft að gjöra skúr 3x4 al. að stærð við vesturgafli húss hans við Hverfisgötu.

10. Árna Jónssyni leyft að reisa hús 11x12 1/2 al. að stærð austanvið og áfast íbúðarhúsi hans við Laugaveg. Húsið nær á lóðarmörk að austanverðu og verður með eldvarnargafli Þeim megin.

11. Sama manni og Jóni Felixsyni leyft að gjöra sameiginlega safngryfju norðanvert á lóðinni yfir mörkin milli lóðanna. Gryfjan á að vera hlaðin upp með steinlími, en að hún sé vatnsheld. Veggirnir skulu taka minnst 1/4 al. upp úr jörðinni, og bak yfir nægilega traust.

12. Pétri Péturssyni bæjargjaldkera leyft að gjöra skúr

kringum forstofutröppur við norðurgafl á húsi hans við Smið-
justíg 2x6 1/2 al. að stærð.

13. Jóni Sveinssyni leyft að byggja ofan á smíðahús hans
við Kirkjutorg og Templarasund, þannig að það verði allt að
14 al. hatt á veggbrún og reisa skúr sunnan við það 10 1/2 x
3 1/2 al. að stærð.

Allðar á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Guðmundur Jakobsson. Tr. Gunnarsson.
Matthías Matthiasson. Kristján Þorgrímsson.
K.Zimsen, er ekki samþykkur mælingu nr. 12, þar sem sá skúr
nær ca. 3 1/2 alín út fyrir götujaðar á hinni nýju Hverfisgötu,
(samb. 10. gr. byggingarsamþykktar).

Ár 1904, þ. 18. júní átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Fyrirspurn frá Íslandsbanka til bæjarstjórnarinnar, fengið byggingaenefndinni til meðferðar um það hvort reisa megi bankahús í garðinum fram undan Melstedshúsi við Lækjartorg, eða hvort hví verði haldd fram af bæjarstjórninni, að húsið sé sett fram við götuna í sömu stefnu og Jensens bakari. Svo lá og fyrir beiðni frá bankanum um bankahúsmælingu á nefndri lóð. Bankastjórnarinnir Emil Schou og Sighv. Bjarnason voru viðstaddir og skýrdu frá, að ráðgjört væri að bankahúsið yrði 35 al. langt frá A-V og 20 al. breitt frá N-S. Byggingarnefndin komzt að heirri niðurstöðu að húsið skyldi setja í suðausturhorni lóðarinnar, þó hannig, að suðurhlið hess standi jafnframarlega og Jensens bakari og í sömu stefnu sem það, en vesturgaflinn standi 4 al. fyrir austan lóðarmörkin í sömu stefnu eins og vesturhliðin á Thomsens sölubúð. Atlast nefndin til að Melstedhús og sölubúðim fyrir vestan Lækjartorgssund færist inn, þegar þessi hús verða byggð upp, svo að Lækjartorgssund verði 14 al. breitt, og verða þau hús þá í sömu stefnu eins og austurgafl bankahússins. Eftir þessu vill nefndin veita Íslandsbanka lóðarviðbót, suður á við ca. 300 ferálínir og austur og suðaustur c. 100 ferálínir eða samtals 400 ferálínir og lykir hæfilegt að selja þessa viðbót á 1000 kr. með tilliti til hess, að beiðendurnir hafa ekki farið fram á að fá hana. Beiðendurnir lýstu hví yfir, að heir mundu vilja greiða þetta verð fyrir lóðanxiðbótina.

Nefndarmaður Tr. Gunnarsson var ósamþykkur þessari niðurstöðu, áleit að ekki ætti að minnka Lækjartorg með hví að setja bankahúsið svo sunnarlega og austarlega; hann áleit og að verði 10 (1000 kr.) fyrir lóðarviðbótina væri of lágt.

Nánari ákvörðun um húsmælingu þessa, bar á meðal um hæfilega sneiðingu af suðausturhorni hússins, sem verður nokkuð hornskakkt, frestaði nefndin þangað til fengnir eru lögmætir upplærðir af húsi og lóð.

2. Vilhjálmi Ingvarssyni trésmið leyft að reisa skúr 4 1/2 x 3 aln. að stærð við afturhlið húss hans við Suðurgötu.

3. Voru gjörð þau lóðarskipti við Torfa Þórðarson í Hlíðarhúsum, að hann afsali bænum 133 ferálnum af kálgarðslóð sinni undir framhald Nýlendugötu, en bærinn afhendir lóð bæjarins (Skálalóð), sem er áfost við lóð Torfa að sunnanverðu, og er 308 ferálínir að stærð. Mismuninn, 175 ferálínir borgi hann bæjarsjóði með 75 aurum hverja feralin. Torfi var viðstaddir og samþykkti þessi kaup.

4. Halldóri Danielssyni bæjarfógeta leyft að byggja upp skúr við bakhlið húss síns nr. 11 Aðalstræti, með sömu stærð og sama formi og áður.

5. Erindi frá Slippfélagi Reykjavíkur, sem bæjarstjórn hefur fendið byggingarnefndinni til álita, þess efnis að hætt verði við lengingu Mýrargötu austur eftir, var frestað með

samþykki formanns félagsins, nefndarmanns Tryggva Gunnarssonar, með því að enn er óvist, hvort félagið barf á lóð þeirri að halda, er fara mundi undir framlengingu götunnar.

6. Leyft að útbúa salerni í útihúsi á lóð stjórnarráðshússins, og setja glugga á útihúsið heim megin, sem veit að Hverfisgötu..

7. Gísla Finnssyni leyft að flytja geymsluhús 11x5 al. af lóð hans við Grútarstíg(?) .

Allir á fundi.

Fundi slitid.

Halldór Daníelsson. Matthias Matthiasson. Guðmundur Jakobsson. Tryggvi Gunnarsson. K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson.

Ár 1904, þ. 2. júlí átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málæfni:

1. Franz Siemsen fyrv. sýslumanni fyrir hönd Á Thorsteinsonar landfógeta leyft að flytja salerni á lóð landfógetans nr. 5 við Ingólfssstræti og stækka það um 2 ferálnir.

2. Ólafi Magnússyni trésmið leyft að reisa smíðahús $9\frac{1}{2} \times 10\frac{1}{2}$ al. að stærð með eldvarnarvegg að sunnan og vestanverðu, á lóð hans við Skólavörðustíg.

3. Eiríki H. Sigurðssyni trésmið leyft að gjöra kvist norðan á hús hans nr. 12 við Skólavörðustíg (Geysi) og gjöra nokkrar smábreytingar inni í húsinu.

4. Jóni Teitssyni leyft að hækka skúr austan við hús hans nr. 15/ við Bergstaðastræti.

5. Guðmundi Guðmundssyni trésmið Bergstaðastræti 23, útvísad húslóð sunnanvið vœtanlegt framhald Bjargarstigs á fyrverandi Stekkjarkotslóð. Stærð lóðarinnar varð ekki meðl að sinni en beiðandi óskar að hún verði 25 al. frá A-V. með götunni og suður eftir eins og lóðin nær, telur byggingarnefndin ekkert hví til fyrirstöðu. Beiðandi kaupir lóðina fyrir 25 aura hverja feralin. Húsið á að verða 10×10 al. að stærð með skúr 3×3 al.

6. Einari Jónssyni frá Skildinganesi, sem er orðinn eigandi að lóð Sveins Jónssonar við Grettisgötu leyft að reisa hús á þeirri lóð 9×10 al. að stærð með skúr 2×3 áln. Hin eldri húsmæling á lóð þessari fellur jafnframt úr gildi.

7. Oddi Oddssyni leyft að gjöra skúr 2×2 al. að stærð við austurgafli húss hans við Njálgsgötu.

8. Jóhannesi Guðmundssyni leyft að reisa hús 8×9 al. að stærð með skúr 3×3 al. á lóð hans við Njálgsgötu. Eldri húsmæling á þeirri lóð fellur jafnframt úr gildi.

9. Sigvalda Bjarnasyni trésmið og Guðmundi héraðslækni Björnssyni leyft að reisa hús nyrzt á lóð þeirra við Njálgsgötu $10\frac{3}{8} \times 12$ al. að stærð með skúr vestan við $8 \times 5\frac{3}{8}$ al. Eldri húsmæling á lóð þessari fellur jafnframt úr gildi.

10. Klæðaverksmiðjunni "Iðunni" leyft að reisa verksmiðjuhús úr steini 15×9 al. á stærð á lóð félagsins við Rauðarárlæk.

11. Agústu Svendsen ekkjufrú leyft að gjöra kvist á hús hennar nr. 12 við Aðalstræti.

12. Arna Jónssyni leyft að gjöra skúr við hús hans nr. 37 við Laugaveg $5 \times 3\frac{3}{4}$ al. að stærð.

13. Jóni Sveinssyni leyfð sú breyting áskúsmælingu við hús hans við Templarasund (sbr. fund 4. f. m.) að skúrinn verði 12x4 18 al. að stærð.

14. Jónasi Jónssyni trésmið leyft að reisa útihús á lóð hans við Rauðarárstíg 10x8 al. að stærð.

15. Nefndin samþykkti þá breytingu á húsmælingu handa Íslandsbanka á fundi 18. f.m. að austurgafli hússins standi í sömu stefnu eins og austurgirðing sáðgarðsins, en færist ekki austur um 4 al. Þykir nefndinni þetta fara betur, bæði af því að húsið verður þá með talsvert minni hornskekkju, og færist þá ekki inn á Lækjartorg. Nefndarmaður Guðmundur Jakobsson var þó ósamþykkur þessu.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Guðmundur Jakobsson. Kristján Þorgrímsson. Tryggvi Gunnarsson. Matthías Matthiasson. K.Zimsen.

Ár 1904, laugardaginn 16. júlí átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. M.Th.Jensen leyft að reisa fjós og hlöðu $22 \frac{3}{4} \times 9$ al. að stærð á eign hennar Bráðræði í suðaustur horni milli húsa, sem var standa, og jafnframt að gjöra heyhlöðu úr suðurenda íbúðarhússins, og jafnframt að stækka að stækka heyhús um $12 \frac{1}{3} \times 1 \frac{1}{2}$ al.
2. Birni Kristjánssyni leyft að gjöra fordýri $3 \frac{1}{2} \times 6 \frac{1}{4}$ al. að stærð við vesturgafli á húsi hans við Vesturgötu.
3. Leyft að gjöra fordýri $3 \frac{1}{2} \times 5$ al. að stærð við vesturhlið Landakotshússins gamla.
4. Gunnari Einarssyni Kirkjustræti 4 leyft að taka burtu glugga á vesturgafli hússins, sem veit að Tjarnargötu.
5. Þorsteini Jónssyni járnsmið Vesturgötu leyft að breikka smiðju hans, sem er 12 al. löng, um 3 áln. til suðurs.
6. Hlutafélaginu "Völundi" leyft að reisa timburgeymslu-hús við Klapparstíg sunnarlega á Klapparlóð 18 áln. breitt frá NXS. og á lengd 32 al. að ~~xx~~ meðaltali (suðurhlið 30 al. norðurhlið 34 al.).

Allir á fundi, nema K.Zimsen. Tr. Gunnarsson sem var ekki við síðustu mælinguna, en var henni samþykkur upprættinum.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. Matthias Matthiasson. Tryggvi Gunnarsson. Guðmundur Jakobsson.

Ar 1904, b.6. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Beiðni frá Th.Thorsteinsson kaupmanni um (gangstig) akbraut yfir stakkstæði H.P.Duus verzlunar við Vesturgötu áleit nefndin sér ekki fært að taka til greina, enda álítur hún að beiðandi komist af án þess að fá akbraut yfir stakkstæðið með hví að færa dyr þær á verzlunarhúsi hans, sem nú vita að stakkstæðinu á suðurgafl hússins.
2. Beiðni frá H.P.Duus verzlun um að mega lengja bryggjuhús verzlunarinnar vestur í Grófina álítur nefndin eigi fært að samþykkja, með hví að ekki þykir mega þrengja aðgang að sjónum í Grófinni frekar en þegar hefur verið gjört.
3. Íshúsfélaginu leyft að hækka hús þess á Zimsens lóð við Hafnarstræti samkvæmt framlögðum uppdrætti.
4. Ásgeiri kaupmanni Sigurðssyni leyft að reisa sölubúð tvílyfta 23 1/2x18 al. að stærð á lóð hans sunnan við Hafnarstræti.
5. Michael Lund lyfsala leyft að gjöra kolabyrgi 2 1/2x5 al. að stærð á lóð hans við Thorvaldsensstræti.
6. Helga Jónssyni bankaskrifara leyft að reisa útinús nyrzt og vestast á lóð hans við Bókhlöðustíg 10x5 al. að stærð með eldvarnarvegg að norðan og austanverðu. Honum var og leyft að gjöra kjallaradýr sunnan á húsið út að götunni, þannig að eitt þrep taki út fyrir húshliðina.
7. Marteini Halldórsson, se m hefur eignað vestri lóð Joh.T.Egilssonar við Bergstæðastræti, leyft að reisa þar íbúðarhús 11x10 al. að stærð með 2 skúrum 2x2 1/2 al. hvorn (útmælt 1.6. 1901, 1. tölulið fellur niður.).
8. Halldóri Sigurðssyni úrsmið, sem hefur eignað lóð Halldórs Briem við Laufásveg leyft að reisa þar hús 11x11 al. að stærð með 2 skúrum 3x3 al. og 3 1/4x2 3/4 al.
9. Kristófer Sigurðssyni járnsmið og Ólafi Magnússyni trésmið leyft að gjöra geymsluskúr á lóð heirra við Skóla- vörðustíg 5x7 al. að stærð.
10. Guðmundi Guðmundssyni Klapparstíg 9 leyft að stækka dyraskúr 2x2 1/2 al. Hannig að hann verði 3 1/2x7 al. að stærð.
11. Benedikt Stefánssyni kaupmanni leyft að gjöra geymsluhús á lóð sinni við Laugaveg 13x9 al. að stærð.
12. Jóni Guðmundssyni trésmið leyft að gjöra útihús við austurgafl á húsi hans við Laugaveg 10x6 1/2 al. að stærð.
13. Gunnlaugi Guðmundssyni leyft að reisa hús á lóð sinni við Hverfisgötu 12x12 al. að stærð.

14. Ármanni Jónssyni sem er orðinn eigandi að lóð þeirri er Ari Ásbrandsson átti við Hverfisgötu, leyft að reisa þar hús 11xl al. að stærð með skúr 3 1/2x4 áln. Jafnframt fellur úr gildi hin fyrri húsmæling á lóðinni.

15. Ermunreki Jónssyni, sem er orðinn eigandi að lóð þeirri, er Jón Jónsson átti á horninu milli Hverfisgötu og Vatnsstigs að suðaustanverðu, leyft að reisa hús þar 12xl2 al. að stærð með skúr 5x3 al. Jafnframt fellur úr gildi hin fyrri húsmæling á lóðinni, og er húsið sett 24 al. fyrir sunnan nyrðri hússtæðinu í Hverfisgötu.

16. Jóhannes Lárusson trésmiður fór fram á, að honum sé veittur frestur fyrst um sinn að byggja á lóðum þeim 2 samliggjandi, sem hann á við Hverfisgötu og Barónsstíg, gegn því að hann láti af hendi endurgjaldslaust ræðmu af nyrðri lóðinni, sem þarf til að breikka Hverfisgötu 8x28 1/2 al. að stærð. Nefndin vill samþykkja þessa beiðni.

17. Benóný Benónýssyni leyfð lenging á hússtæði hans við Laugaveg um 6 al. Breiddin er 11 al.

18. Sigríði Bjarnadóttur, sem hefur eignað lóð Þorláks-Hamðórssonar við Njálsgötu leyft að reisa þar hús 10x9 al. að stærð með skúr 3x3 al. Hin fyrri húsmæling fellur jafnframt úr gildi.

19. Guðmundi Einarssyni, sem hefur eignað lóð Gunnars Gunnarssonar við Grettisgötu leyft að reisa þar hús 9x10 al. að stærð með skúr 3x3 1/2 al. Fyrri húsmæling á þessari lóð er þar með felld úr gildi.

20. Sveini J. Einarssyni, sem hefur eignað eystri lóð Arna Jósefssonar við Grettisgötu leyft að reisa þar hús, 8x9 al. að stærð, og fellur þar með úr gildi hin eldri útmæling á lóðinni.

21. Skúla Benjamínssyni, sem hefur eignað lóð þá við Hverfisgötu, sem mæld var þar Steini Guðmundssyni 5. júlí 1902, leyfð að reisa hús á lóðinni 9x10 al. að stærð, og hin eldri húsmæling um leið numin úr gildi.

22. Guðmundi Jakobssyni, sem er orðinn eigandi lóðar þeirrar er Jóni Arnórssyni yngra var mæld 6. desember 1902, leyfð sú breyting á húsmælingunni, að húsið standi neðantil (norðanvert) á lóðinni og verði 8x9 al. að stærð.

23. A.L.Petersen ingeniör eigandi að þeim hluta Rauðartúns, sem liggar sunnan þjóðvegarins, að fengnu samþykki bæjarstjórnarinnar útvísá hússtæði túninu sunnanverðu, og á húsið að standa norðan við veginn, sem gjört er ráð fyrir að lagður verði samxtefna Laugavegi, 90 álnum fyrir sunnan hann. Samþykkt var að setja húsið nokkuð fyrir austan mitt

túnið. Það á að verða $14 \frac{1}{2} \times 12 \frac{1}{2}$ al. að stærð með skúr
við austurgaflinn $3 \frac{3}{4} \times 5 \frac{1}{2}$ al.

24. Trésmiðafélaginu "Völundi" veitt sú undanþága frá
16. gr. byggingarsamþykktarinnar, að púkk undir veggina á
timburskúr félagsins á Klapparlóð, megi ná jafnhátt upp og
jarðarfloötin.

25. Jóni Arnórssyni eldra leyfð sú breyting á húsmælingu
4. okt. 1902, ll. lið, að skúrinn verði $3 \times 2 \frac{1}{2}$ al. að stærð.
Húsið að öðru leyti óbreytt.

Allir á fundi, nema K.Zimsen (erlendis).

Fundi slitir.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. Natthías
Matthíasson. Tryggvi Gunnarsson. Guðmundur Jakobsson.

Ar 1904, þ. 20. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Jóni Guðmundssyni Eiðstöðum leyft að stækka hús sitt
og færa það fram að götunni í húsaröðina. Húsið er nú 7x11
al. skúrlaust, en á að verða 11x11 al. með skúr $2\frac{3}{4} \times 2\frac{3}{4}$ al.

2. Ónnu Breiðfjörð ekkjufrú leyft að gjöra skúr $3\frac{3}{4} \times$
6 al. að stærð sunnan við hús hennar nr. 8 í Aðalstræti, heim
megin er veit að Mjóstræti.

3. Ákvað nefndin stefnu á brú yfir lækinn niður undan
Hverfisgötu, með tilliti til þess, að útlit er fyrir að vegur
verði ádur en langt líður lagður frá brúnni í austurenda Hafn-
arstrætis og annar inn á Lækjartorg, ákvað nefndin að bruin
skyldi vera beint fyrir Hverfisgötu og stefna eins og hún.

4. Guðjóni Jónssyni Hákoti leyft að gjöra skúr sunnan
við hús sitt $4\frac{1}{2} \times 3\frac{1}{2}$ al. að stærð.

Allir á fundi, nema K.Zimsen og Kr. Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson / Matthías Matthiasson. Tr.Gunnarsson.
er ekki samþykkur skúr / Guðmundur Jakobsson.
frá O. Breiðfjörð.

Ár 1904, þ. 3. september átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málæfni:

1. Helgi Zöega kaupmaður hefur látið setja uppgöngurið úr steini við austurgafl á hinu nýja húsi hans við Bröttugötu og tekur riðið 27 þuml. fram fyrir húshliðina. Nefndin lagði fyrir að þessu yrði breytt bannig, að riðið yrði ekki meir en 18 þumlunga fram fyrir húshliðina, en veitti eigandanum frest til næsta vors með þessa breytingu. Í sama húsi hefur uppgönguriðið úr forstofunni verið gert í bága við samþykktina, bannig að þrepin eru gerð ca. 2 þuml. of mjó, með hví að ljós-mál þeirra c: sá hluti sem tekur fram fyrir næsta þrep að of-an, er aðeins c. 6 þuml. í staðinn fyrir 8 þuml. sbr. 25. gr. samþykktarinnar, en nefndin álítur að þessari grein samþykktarinnar sé ekki fullnægt þó að allt þrepid sé, eins og hér á sér stað, 8 þuml. breitt. En með hví að þessi tilhögur á þrep-unum er sprottin af misskilningi smiðsins á nefndri gr. í samþykktinni, og með hví að breyting á henni mundi valda miklu og allkostnaðarsömu raski á forstofunni og að nokkru leyti á herbergjaskipuninni, sem búið er að ganga frá, vill nefndin skjóta hví til bæjarstjórnarinnar hvort eigi sé ástæða til að mela með undanþágu frá nefndri gr. samþykktarinnar, að hví er þessa húsbyggingu snertir.

2. Gunnari Einarssyni kaupmanni leyft að gjöra kjallara-inngang að sunnanverðu á húsi hans við Kirkjustræti.

3. H.P.Duus-verzlun leyft að stækka glugga á sölubúð verzlinnar við Aðalstræti, lækka gólfid í henni og gjöra nokkrar fleiri smá breytingar.

4. Guðmundi Gamalielssyni bókbindara, sem er orðinn eigandi að lóð Gunnlaugs Ó. Bjarnasonar prentara við Laufásveg, leyft að reisa hús á þeirri lóð tvílyft 15x13 al. að stærð með skúr 3 1/2x4 al., með þeirri breytingu á upprættinum, að herbergin í norðvesturhorni verði stækkuð, svo að þau fullnægi 23 gr. samþykktarinnar. Hin fyrri mæling á þessari lóð fellur jafnframt úr gildi.

5. Kristjáni Kristjánssyni trésmið leyft að setja 2 kvist-glugga á íbúðarhús hans við Skólavörðustíg.

6. Jóhannesi Lárussyni trésmið, sem er orðinn eigandi að lóð þeirri við Njálsgötu, er átt hefur Friðfinnur Guðjónsson prentari, leyft að reisa hús á þeirri lóð 10x10 al. að stærð með skúr 2 1/2x4 1/2. Eldri húsmæling á þeirri lóð fellur jafnframt úr gildi.

7. Samúel Jónssyni trésmið leyft að reisa hús á lóð sinni við Greitispótt 9x10 al. að stærð með skúr 2 1/2 x 3 1/2 al. Hin fyrri mæling á lóðinni fellur jafnframt úr gildi.

8. Var samþykkt breyting á uppdrætti af húsi Benóný Benónýssonar við Laugaveg. Honum var leyft að gjöra útihús á lóð sinni 7x8 al. að stærð.

9. Jónatan Þorsteinssyni söðlasmið leyft að gera kvistglugga á hús sitt við Laugaveg. Lagt var fyrir hann að breyta uppframstigum og bakstiga í húsinu, sem nú er verið að smíða, með því að heir eru sumpart of þrögir og sumpart of þrepmjóir.

10. Sigurði Hjaltested leyft að reisa geymsluhús á lóð sinni við Klapparstíg 7x9 al. að stærð.

11. Guðmundi Magnússyni neitað um leyfi til að hafa íbúð í kjallara undir húsinu nr. 66 við Laugaveg, með því að loft-hæðin er bar ónóg, en honum var leyft að færa til útihús á lóðinni.

12. Jörgen Þórðarsyni leyft að gjöra útihús sunnan tml á lóð hans við Spítalastíg 16x4 1/2 al. að stærð.

13. Jóni Jónssyni leyft að reisa útihus 8x10 al. að stærð á lóð hans austan við Rauðarárstíg.

14. Ákveðið samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar á fundi 3. b.m. að Rauðarártúngarður sunnan við Hverfisgötu verði til bráðabirgða fluttur norður fyrir götuna, þó að hann sé ekki hlaðinn úr höggnu eða settu grjóti.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K.Zimsen. Matthias Matthiasson.
Tryggvi Gunnarsson. Kristján Þorgrímsson. Guðmundur Jakobs-
son.

Ár 1904, þ. 10. september kom byggingarnefndin saman við Austurvöll til að ákveða stefnu hinnar nýju giðringar kringum völlinn.

Nefndin ákvað stefnurnar þannig:

Að sunnanverðu úr suðausturhorni lyfjabúðarinnar beina línu samstefna (parallel) norðurhlið Alþingishússins.

Að austanverðu beina sjónhendingu eftir austurgafli á húsi Guðjóns Sigurðssonar við Hafnarstræti og giðingu Landsbankans við Pósthússtræti.

Að norðanverðu færist giðingin inn um 1/2 fet að vestanverðu, en ekkert að austanverðu.

Að vestanverðu heldur giðingin sömu stefnu og áður.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Matthías Matthiasson. Kristján Þorgrímsson. Guðmundur Jakobsson. K.Zimsen. Tr. Gunnarsson.

Ar 1904, 17. september átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Var M.Th.Jensen leyft að byggja upp skúr við austurhlíð húss hennar við Pósthússtræti, og stækka kjallara undir skúrum.
2. Sömu M.Th.Jensen leyft að reisa íbúðarhús á eign hennar Bráðræði 10x12 al. að stærð.
3. Birni Kristjánssyni kaupmanni leyft að stækka sölubúðina í húsi hans við Vesturgötu, að stækka glugga og gera glugga þar sem áður voru dyr ánendurhlíðinni.
4. Páli Guðmundssyni leyft að gjöra salerni 1 3/4x3 al. að stærð við hús hans við Garðastræti.
5. Sigurði Þórðarsyni leyft að gjöra skúr 6x4 al. að stærð á lóð hans við Norðurstíg.
6. Slioppféluginu útvísuð lóðarviðbót 980 ferálnir að stærð austan við eldri lóð austur að fyrirhugaðri götu frá Landakoti til sjávar, gegn 20 aura borgun fyrir hverja feralin.
7. Sigurði Hildibrandssyni og Birni Guðmundssyni útvísað hússtæði 10x13 al. að stærð á Austurholtslóð við Frammnesveg, og húsið að standa 20 al. fyrir norðan Birtingaholt hinu megin við veginn. Er ætlazt til að súkk verði breidd Frammnesvegar. Austurholtsbær rifinn niður um leið.
8. Einari Einarssyni leyft að gjöra skúr við hús sitt 10x3 aln. að stærð.
9. Geir Zöega kaupmaður leyft að gjöra viðbót sunnan við útihús hans á Nýjabæjarlóð, 12x20 al. að stærð.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Matthias Matthiasson. Guðmundur Jakobsson. K.Zimsen. Tr.Gunnarsson.

Ár 1904, b. 1. október átti byggingarnefndin fund með sér,
komu þá fyrir þessi málefni:

1. Var D. Thomsen kaupmanni, sem nú er orðinn eigandi
húseignarinnar nr. 22 í Hafnarstræti, leyft að gíða að norð-
anverðu við Hafnarstræti og að sunnanverðu við Lækjartorg fyr-
ir sundið milli nefndrar húseignar og sölubúðar hans og verzl-
unar að vestan.

2. Þorvarði Þorvarðssyni prentara, sem hefur eignað hús-
ið nr. 3 í Skólastræti með tilheyrandi lóð, leyft að reisa
hús á þeim hluta lóðarinnar sem liggur að Þingholtsstræti; á
húsið að vera tvílyft, ~~25x~~ 14x25 3/8 al. að stærð.

3. Lárusi Pálssyni homoopat leyft að gjöra safngryfju á
lóð sinni við Spítalastíg. Gryfjan á að vera með steinlimd-
um vatnsheldum veggjum og botni, og vel felldu þaki eða hlera
yfir og nái veggirnir minnst 1 fet yfir jarðveg.

4. Benedikt Stefánssyni kaupmanni leyft að gjöra skúr
5x3 al. að stærð sunnan við hús sitt við Laugaveg.. Geymslu-
hús það er honum var mælt 6. ág. b.á. var leyft að gjöra tví-
lyft.

5. Jóni Bjarnasyni verzlunarmanni leyft að reisa hús á
lóð sinni við Grettisgötu (áður eign Eiríks H. Sigurðssonar),
einlyft 13 1/2x12 al. að stærð með skúr við bakhlið 3 3/4x4.
Hann skal laga stiga og stækka herbergi, sem sýnt er á hinum
framlagða uppdrætti, svo að hvortteggja fullnæhi byggingar-
samþykktinni.

6. Lagt fyrir Guðmund Brynjólfsson trésmið, sem hefur
sett steinrið við hús sitt nr. 26 við Grettisgötu 20 þuml.
fram fyrir húshliðina að færa það inn um 2 þuml.

7. Steindóri Ólafssyni leyft að reisa íbúðarhús á lóð
hans (áður lóð Magnúsar R. Jónssonar.) við Grettisgötu 9x10
al. að stærð með skúr 2x4 1/2 al.

8. Guðmundi Ásbjörnssyni trésmið leyft að reisa hús á lóð
sinni (áður eign Sigurðar Þorkelssonar) við Njálgsgötu 11 1/2
x10 1/2 al. að stærð með 2 skúrum 2 1/2x2 3/4 al. og 3 1/4x
3 3/4 al.

9. Sveini Einarssyni leyft að reisa íbúðarhús á lóð sinni
við Njálgsgötu 11 1/2x10 1/2/ ~~11~~ 8x9 al. að stærð með skúr 2 1/2
x 3 1/2 al.

10. Þórði Ólafssyni leyft að reisa hús á lóð hans við
Njálgsgötu 9x9 al. að stærð með skúr 3 1/4x3 al.

11. Samúel Jónssyni trésmið leyft að ~~setja~~ hús það er
honum var útvísad 3. b.m. á lóðarmörk að sunnanverðu með eld-
varnargafli þeim megin.

11. Jónatan Þorsteinssyni söðlasmið leyft að gjöra geymsluhús á lóð hans við Laugaveg ll 1/4x8 áln. að stærð.

12. Bygginingarnefndin synjaði um meðmæli sín til handa Guðmundi Magnússyni Lindargötu til þess hann fengi undanþágu frá fyrirmælum samþykktarinnar um íbúð í kjaklara í húsi hans við Laugaveg (samb. 23. gr. samþykktarinnar.).

13. E. Jónssyni prentara leyft að gjöra geymsluskuð á lóð hans nr. 54 við Laugaveg, 6x3 1/2 al. að stærð.

14. Hlutafélaginu "Völundi" útvísað lóð undir verksmiðjuhús og ketilhús austan við Klapparstíg á Klapparlóð, verksmiðjuhúsið 50x16 al. að stærð, og ketilhúsið ll 1/2x8 al. Sama félagi leyft að gjöra bráðabirgðaskúð til timburgeymslu á sömu lóð 16x37 al. að stærð.

15. Hlutafélagið "Iðunn" sækir um að fá keypta lóðarræmu milli Rauðarárhúss og Rauðarárlækjar, norðan frá Hverfisgöty til sjávar. Suðurhluti þessarar lóðar, sem er hússtæði við Hverfisgötu, vill nefndin selja fyrir 50 aura hverja ferálín, en neðri hluti lóðarinnar, sem er mjó ræma, síðast aðeins sjálfur lækyðrhakkinn eystri, fyrir 20 aura hverja ferálín.

16. Guðmundi Jakobssyni trésmið leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans í horninu milli Laugavegs og Barónsstígs 16x14 al. að stærð með skúr 10 1/2x7 al.

17. Sama manni leyft að reisa hús á lóð hans við Laugaveg (áður eign Guðmundar Egilssonar) 10x10 al. að stærð með 2 skúrum, 4x10 al. og 3x3 al.

18. Sama manni leyft að reisa hús á lóð hans norðan við Laugaveg (áður eign Samúels Jónssonar) 9x9 al. með skúr 3x3 al.

19. Sama manni leyft að reisa hús á lóð hans (áður eign Þórðar Ólafssonar) við Njálgsgötu 9x8 al. að stærð með skúr 3 1/2x2 1/2 al.

20. Guðmundi Hávarðssyni útvísað hússtæði 15x11 al. að stærð norðan við Hverfisgötu á lóð, sem hann hefur keypt úr Rauðarártúni, 400 ferálnir að stærð.

21. Sigurði Ágmundasyni leyft að reisa hús á lóð hans í horninu milli Lindargötu að norðan og að Vatnsstíg að ausanverðu 10x10 al. að stærð með skúr 4x4 al..

22. Magnúsi Benjamínssyni leyft að gjöra skúr á lóð sinni við Veltusund 8 1/2x7 1/4 al. Jafnframt rífur hann burtu salerni 4 1/2x2 áln.

Við útmélingarnar, sem taldar eru við töllul. 5, 7-10 og 16-19 falla úr gildi eldri húsmælingar á heim lóðum.

Allir á fundi, nema Matthíá Matthíasson og Tryggvi Gunnarss.
Fundí slitið.
Halldór Danielsson. K.Zimsen. © Borgarsjóðarháskólinn Reykjavíkur
mundur Jakobsson.

Ár 1904, þ. 15. október átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi mállefni:

1. Í notum bess, að bæjarstjórnin hefur látið Petersen
ingeniör fá skika af grjótlandi hlutafélagsins Mjölnis austan
við efri hluta Rauðarártúns fer félagið fram á að. hví verði
eftirlátin til afnota með sömu skilmálum og grjótlandið og jafn-
langan tíma, spildan með Laugavegi austan frá lóð K.Zimsen, jafn-
langt austur og grjótlandið nær, og er sú spilda að norðanverðu
með veginum 105 al. en að sunnanverðu ca. 90 al. Ennfremur fer
félagið fram á, að nefnd lóð K.Zimsens verði undanþegin bygg-
ingarskyldu, ef það kaupi hana, sem félagið hefur í hægju til
að nota hana við verksmiðjureksturinn. - Byggingarnefndin
leggur til, að 25 al. spilda með veginum og 40 al. að dunnan-
verðu austur frá lóð Zimsens verði heimilað féluginu til af-
nota á sama hátt og grjótlandið og jafn lengi, og mælir með hví,
að hin umbeðna undanþága frá að byggja á lóð Zimsens verði
veitt, ef félagið eignast lóðina.

2. Bárufélagið fer fram á að mega fylla upp 15-20 al. í
tjörninni til að auka lóð sína suður eftir. Með hví að bæjar-
stjórnin hefur ákveðið, að eigi skuli fylla upp í tjörnina fyr-
ir sunnan Vonarstræti, gat byggingarnefndin ekki samþykkt þessa
beiðni.

3. Byggingarnefndin mælir með hví, að Gísla Finnssyni
járnsmið verði veittur frestur til 1. júlí 1905, að byggja á
lóð heirri, er hann fékk mælda 11. október 1902.

4. Var Sigurjóni Sigurðssyni leyft að breyta smíðahúsi
á lóð hans við Lækjargötu í íbúðarhús. Honum var og leyft
að gjöra skúr 7 1/2x3 al. og salerni 1 1/4x2 1/4 al. að stærð
á austurmörkum lóðarinnar með eldvarnarvegg heim megin, að
hví leyti sem hús þessi verða eigi 10 al. frá húsum á nágranna-
lóðinni. Ennfremur var honum leyft að hækka eldri skúr á lóð-
inni um 2 áln.

5. Haraldi Möller leyft að reisa geymsluhús 16x7 12 al.
að stærð á lóð hans við Tjarnargötu. Honum var og leyft að
gjöra salerni 5x2 al. og skýli við kjallaradyr 1 3/4x2 1/2 al.
að stærð.

6. Ellert Schram leyft að gjöra skúr 6x3 1/2 al. vestan
við hús hans við Bræðraborgarstíg.

7. Bjarna Jónssyni Lágholti leyft að gjöra skúr í kál-
garði sínum 4 1/2x3 1/2 al. að stærð.

8. H.Andersen klæðskera leyft að reisa heyhlöðu í erfða-
festulandi hans Schamtúni 14 1/2x8 1/2 al. að stærð, ennfrem-
ur 2 útihús, annað 23x8 1/2 al. hitt 22 1/2x8 1/2 al. á sama
stað.

9. Stjórnarráðinu leyft að setja lausan (krækta) skúr við dyrnar á austurhlið stjórnarráðshússins.

Allir á fundi, nema Kristján Þorgrímsson og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Matthias Matthiasson. K.Zimsen.
Guðmundur Jakobsson.

Ár 1904, þ. 5. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Var Gísla Helgasyni kaupmanni leyft að setja dyr á
á skúr við vesturenda hússins nr. 10 í Austurstræti og setja
trétröppur framan við dyrnar.

2. Fyrirspurn frá Rich. Braun kaupmanni um það, hvort hon-
um væri heimilt að reisa hús á lóð sinni við Pósthússtræti
milli Austurstrætis og Vallarstrætis, þannig að það taki yf-
ir alla lóðina, var svarað á þá leið, að slikt væri heimilt,
ef húsið væri einvörðungu notað til verzlunar eða annars at-
vinnurekstrar, en væri húsið notað til íbúðar að nokkru eða
þllu leyti, mætti hússtæðið ekki vera stærra en allt að 3/4
hlutum lóðarinnar, sbr. 14. gr. byggingarsamþykkтарinnar.

3. Hirti Hjartarsyni snikkara leyft að gjöra skúr 4x8 al.
að stærð áfastan við geymsluhús á lóð hans við Bókhlöðustíg.

4. Gísla Þorbjarnarsyni búfræðingi leyft sem er orðinn
eigandi lóðar heirrar, er Valentínusí Eyjólfssyni var mæld
við Bergstaðastræti 5. jan. 1901, leyft að reisa hús á lóðinni
11x12 al. að stærð, með skúr 4 1/2x3 al. Hin eldri húsmæling
fellur jafnframt úr gildi.

5. Þorsteini Rögnvaldssyni, sem er orðinn eigandi lóðar
heirrar, er Þórði Magnússyni var mæld við Bergstaðastræti 7.
des. 1901, leyft að reisa hús á lóðinni 9x9 al. að stærð með
2 1/2x3 1/2 al. Eldri húsmæling á lóðinni fellur jafnframt úr
gildi.

6. Jóel Þorleifssyni, sem er orðinn eigandi að lóð heirri,
sem Guðbrandi Þórðarsyni var mæld við Skólavörðustíg 11. júní
1902, leyft að reisa hús á lóðinni 9x10 al. að stærð með skúr
3x4 al. Eldri húsmæling á lóðinni fellur jafnframt úr gildi.

7. Kristjáni Ólafssyni leyfði sú breyting á húsmælingu 3.
jan. 1903 á lóð hans við Njálsgötu, að húsið verði 12x11 al.
að stærð með skúr 3 1/2x2 al.

8. Jens Jenssyni, sem er orðinn eigandi að lóð við Njals-
götu, er Tryggva Matthiassyni var mæld 4. okt. 1902, leyft að
reisa hús á lóðinni 9x10 al. að stærð með skúr 2 1/2x3 1/2 al.
Eldri húsmæling á lóðinni fellur jafnframt úr gildi.

9. Oddi Oddssyni leyft að gjöra salerni austan við skúr
við austurgafl á húsi hans við Njálsgötu 2x1 1/2 al. að stærð.

10. Bjarna Jónssyni, sem orðinn er eigandi að lóð við
Njálsgötu, er mæld var Þorsteini Teitssyni 6. september 1902,
leyft að reisa hús á lóðinni 10x10 al. að stærð með skúr 2x3
al. Eldri húsmæling á lóðinni fellur jafnframt úr gildi.

11. Jóhanni Hafliðasyni, sem er orðinn eigandi lóðar við Njálgsgötu, sem mæld var Eggerti Böðvarssyni 6. sept. 1902, leyfð sú breyting á húsmælingunni að húsið verði 10x10 al. að stærð með skúr 3x4 al.

12. Jóhannesi Guðmundssyni leyfð stækkan á skúr við hús hans við Njálgsgötu úr 3x3 al. í 3x3 1/4 al.

13. Magnúsi Magnússyni, sem er orðinn eigandi að lóð við Njálgsgötu, er mæld var Guðjóni Knútssyni 1. maí 1902, leyfð sú breyting á hússtæðinu, að húsið verði 9x9 al. að stærð með skúr 2x2 al.

14. Elís Péturssyni, sem er orðinn eigandi að lóð við Njálgsgötu, er mæld var Sveini G. Gíslasyni 6. des. 1902, leyfð sú breyting á hússtæðinu, að húsið verði 10x9 al. að stærð með skúr 3x3 al.

15. Skúla Jónssyni, sem er orðinn eigandi að lóð við Njálgsgötu, sem Birni Jónssyni var mæld 6. des. 1902, leyfð sú breyting á hússtæðinu, að húsið verði 10x10 al. að stærð með skúr 2 1/2x4 1/2 al.

16. Guðmundi Brynjólfssyni, sem er orðinn eigandi að lóð við Njálgsgötu, er mæld var Guðmundi Vigfússyni 3. jan. 1903, leyfð sú breyting á hússtæðinu, að húsið verði 8x10 al. að stærð með skúr 2 1/4x3 1/2 al.

17. Hjörleifi Guðmundssyni, sem er orðinn eigandi að lóð við Njálgsgötu, sem mæld var Jóni Guðmundssyni 7. mars 1903, leyfð sú breyting á húsmælingunni, að húsið verði 9x10 al. að stærð með skúr 3 1/2x2 1/2 al.

18. Guðjóni Jónssyni leyfð sú breyting á húsmælingu á lóð Þeirri, er honum var útvísad við Grettisgötu 1. febr. 1902, að húsið verði 11 1/2x 10 al. að stærð með 2 skúrum 2x3 1/4 al. og 3 1/2x3 1/2 al.

19. Kristjáni Kristjánssyni, sem er orðinn eigandi að lóð við Grettisgötu, er mæld var Þóri Jóhannssyni 6. sept. 1902, leyft að reisa smiðahús á lóðinni 20x9 al. að stærð. Jafnframt fellur hin eldri húsmæling úr gildi.

20. Árna Jósefssyni, sem orðinn er eigandi að lóð Þeirri, er Eiríki Guðmundssyni var mæld við Grettisgötu 7. des. 1901, leyfð sú breyting á hússtæðinu, að húsið verði 10x10 al. að stærð með skúrum tveimur 3x3 3/4 al. og 2 1/4x2 1/2 al.

21. Kristjáni Einarssyni, sem er orðinn eigandi að lóð Þeirri, er Einari Einarssyni var mæld við Grettisgötu 7. des. 1901, leyfð sú breyting á hússtæðinu, að húsið verði 9x8 al. að stærð með skúr 2 1/2x4 1/2 al.

22. Einari Finni Jónssyni, sem er orðinn eigandi að lóð
þeirri við Vitastíg, er Runólfur Guðmundssyni var mæld 2. marz
1901, leyfð sú breyting á hússtæðinu, að húsið verði 10×12 al.
að stærð með skúr 3×4 al.

23. Stefáni Jónssyni leyfð sú breyting á hússtæðinu á lóð
hans við Hverfisgötu, að húsið verði $11 \times 10 \frac{1}{2}$ al. að stærð
með 2 skúrum $3 \frac{1}{2} \times 3 \frac{1}{2}$ og $3 \frac{1}{4} \times 4$ al.

24. Hlutafélaginu "Högná" leyft að reisa steinsmiðaskúr
í grjótlandi félagsáns á Rauðarárholti, $18 \times 4 \frac{1}{2}$ al. að stærð.

25. Leyft að gera salerni 2×3 al. að stærð og sorpgryfju
á lóð frakkneska spítalann við Lindargötu.

26. Gunnlaugi Halldórssyni og Árna Hall-
dórssyni leyft að setja salerni $3 \times 1 \frac{1}{2}$ al. að stærð á vest-
anverðri lóð þeirra við Vatnsstíg, þeir skuldbinda sig til
að færa salernið burtu, eða flytja þá til, þegar byggingar-
nefnd krefst bess. Lagt var fyrir þá, að lagfæra safngryfju
á lóðinni, svo að frágangur á henni verði eftir fyrirmælum
byggingar/~~málar~~/samþykktarinnar.

27. Einar Pálsson trésmiður er orðinn eigandi að lóð þeirri,
er Magnúsi Benjaminsyni var mæld við Lindargötu 4. okt. 1902,
og var honum leyfð sú breyting á húsmælingunni, að húsið verði
 12×12 al. að stærð með anddyri 3×6 al. og skúr $4 \times 2 \frac{1}{2}$ al.

28. Guðjón Sigurðsson er orðinn eigandi að lóð Halldórs
Briem við Bergstaðastræti, og var honum leyfð sú breyting á
húsmælingu á lóðinni, að húsið verði 13×11 al. að stærð með
skúr $3 \frac{3}{4} \times 2 \frac{3}{4}$ al.

29. Guðmundur Hávarðsson hefur sett kjallaraglugga á húsi
sínu við Hverfisgötu svo neðarlega að neðsti hluti þeirra
verður lægri en jarðarflötur (vætanleg gangstétt). Nefndin
lagði fyrir hann, að taka neðan af gluggunum svo að neigði
til þess að þeir yrðu allir ofanjardar, eða gera að öðrum
kosti birtugrófir framan við þá.

Allir á fundi, nema Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K.Zimsen. Matthias Matthiasson.
Guðmundur Jakobsson. Kristján Þorgrímsson.

Ar 1904, h. 19. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir bessi málæfni:

1. Stjórn "Báru"-félagsins leyft að gjöra lokað port sunnan við hus félagsins (Bárubúð) við Vónarstræti.

2. Tveim fyrirspurnum frá R.W.Braun um væntanlega húsbyggingu á lóð hans við Pósthússtræti milli Austurstrætis og Vallarstrætis, svaraði byggingarnefndin á þá leið, að 1.) að rétt veri að hennar áliti, að húsið yrði sett að austanverðu í stefnu við Austurvallargirðinguna og að norðanverðu í stefnu við Hótel Ísland að vestan og landfógetahúsið að austan, og að spyrjanda væri seld lóðaraukning er með bessu móti fær fyrir sama verð hverja feralin eins og Íslandsbanka var seld í sumar lóð við Austurstræti.

3. Nefndin álitar ekkert hví til fyrirstöðu að Guðmundi Þorsteinssyni trésmið verði seldur lóðarrenningur, sem hann hefur falað til kaups við Nýlendugötu vestan við lóð sína og bærinn á, ca. 10x33 al.a stærð; telur nefndin hæfilegt verð á lóðinni 25 aura hver feralin.

4. Ólafi Péturssyni fátækrafulltrúa leyft að reisa hús á lóð sinni við Vesturgötu 12x10 al. að stærð með skúr 2 1/2x3 1/2 al.

5. Gunnari Einarssyni fyrir hönd P.Schreiber leyft að gjöra skúr 3 1/2x3 al. við húsið nr. 3 við Bræðraborgarstíg.

6. Sama manni leyft að hlaða nýjan reykháf í húsi sínu við Kirkjustræti.

7. Pétri Bjarnasyni skipstjóra útvísad hússtæði á lóð vestan við Kaplaskjólsveg er hann hefur keypt af Jóhannesi Péturssyni 1200 ferálnir að stærð. Hússtæðið verður 12x10 1/2 al. að stærð með skúr 3 1/2x4 1/2 al. og anddyri 2 1/2x3 al.

8. M.Th.Jensen frú leyft að reisa geymsluhús og hesthús á eign sinni Bráðræði 10x21 1/6 al. að stærð.

9. Oddbjörgu Sigurðardóttur leyft að gjöra skúr við bæ sinn, Holtabrekku á Grímstaðaholti 5x4 al. að stærð.

10. Haraldi Möller synjað um meðmæli til að fá frest að byggja á lóð hans við Lindargötu, (áður eign Magnúsar Benjamínssonar).

11. Guðmundi Brynjólfssyni synjað um breyting á húsupprætti, er samþykktur var á síðasta fundi (tölulið 16), nefnilega að hafa skúrhák flatt og óbrotið á íbúðarhúsi, sem hann er að byggja við Njálsgötu.

12. J.E.Jensen bakara leyft til bráðabirgða - verarlangt að hafa lágt hák á risinu á viðbót heirri, er hann byggir

vestan við bökunarhús sitt við Austurstræti samkvæmt mælingu
7. maí 1903.

13. Ingibjörgu Jensdóttur ekkjufrú veitt meðmæli til að
fá undanþágu frá 25. gr. byggingasamþykktarinnar á því er snert-
ir stiga í nýbyggðu húsi hennar við Laufásveg.

14. D. Thomse konsúl leyft úkirkjum að útbúa 3 sölubúðir
í skúr við vesturenda húss hans í Kolasundi.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. Guðmundur Jak-
obsson. Matthias Matthiasson. K.Zimsem.

Ar 1903, h. 25. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Stjórn Íslandsbanka var viðstödd á fundinum og fór þess á leit, að leyfðar væru breytingar á húsmælingu bankans, er gjörð var 18. júní og 2. júlí h.á. Hannig að húsið yrði 40 al. á lengd frá A-V 20 al. frá N-S., og að það yrði sett hannig, að suðvesturhornið yrði í götulinunni, en austurendinn færðist c. 7 al. úr heirri stefnu, og að húsið yrði með réttum hornum. Byggingarnefndin samþykkti stækkan hússtæðisins, og með því að meiri hluti nefndarinnar álítur að betur féri á því, að gatan breikki nokkuð í austurendann, þar sem hann kemur saman við Lækjartorg, féilst hún einnig á það með 5 atkv. gegn 1 atkv. að húsið verði sett eins og beiðendurnir fara fram á samkvæmt teikningu heirri, er heir lögðu fram. Með því að beiðendurnir samkvæmt þessu sleppa aftur til bæjarins c. helmingi heirrar lóðarviðbótar, er heir fengu samkvæmt útmel. 2. júlí h.á., og borguðu fyrir lóðarviðbótina 1000 kr. í bæjarsjóð, skjóta heir því til bæjarstjórnarinnar að heim sé endurgoldinn helmingurinn af þessari upphæð.

2. Björn Ólafsson augnlæknir, Eggert Briem skrifstofustjóri og Páll Briem bankastjóri fara þess á leit, að mega byggja hús undir allri Tjarnarbrekkunni í línu með húsum um að vestan verðu við Tjarnargötu, að mega fy la upp í Tjörnina svo sem nauðsynlegt er fram að húslínunni, og að Tjarnarbrekkan jafnframt verði gerð að byggingarlóð. Meiri hluti nefndarinnar vill leyfa að byggð sé húsaröð meðfram Tjörninni sem og heir fara fram á með því skilyrði að heir fylli upp og fullgeri 10 al. breiða götu fram með húsaröðinni bæjarsjóði kostnaðarlaust.

3. D. Thomsen konsúll hefur farið fram á það við bæjarstjórnina, að mega lengja steinvegginn vestan við geymsluhús hans nr. 21 (svokallaðan Jómfrúpall) vestur að geymsluhúsinu næst fyrir austan, er áður var eign B. Mímis & Co., en nú er eign beiðanda, setja öfluga járngirðingu ofan á steinvegginn, og loki hannig sundi því frá Hafnarstræti til sjávar, sem er á milli fyrnefndrar verzlunarhlóðar B. Muns & Co. að vestan og hinnar gömlu verzlunarhlóðar D. Thomsens að austan. Einnig beiðist hann að mega setja járngirðingu ofan í sundið. Nefndin hefur að Thomsen konsúl viðstöddum athugað fyrgreint sund, og gerir ráð fyrir, að austurhluti sundsins, sem ávallt hefur við opinn til sjávar, sé óutvísuð lóð bæjarins, vestur að línu heirri, bar sem áður stóð girðingin austan við lóð B. Muns & Co., sem nú hefur verið tekin burtu. Konsúllinn hefur sent nefndinni uppdrátt af sundinu eins og það á að að hafa verið meðan girðingin stóð, en nefndin álítur að lína sú á uppdrættinum, sem á að sýna hvar girðingin stóð, sé eigi rétt sett, og að norðurendi hennar sé of austarlega, enda ber uppdrátturinn með sér, að hann er nýgerður. Beiðandi hefur og sent nefndinniafrít af samningi, dags. 13. nóv. 1900 milli H. Th. A. Thomsen og B. Muns & Co, þar sem heir hafa komið sér sér saman um afnot af fyrnefndu sundi milli lóða heirra og fjarlægð markalinanna frá húsum beggja megin. En að því

leyti, sem bærinn kynni að vera eigandi að norkkrum hluta sundsins verður eigi farið eftir þessum samningi, enda ber honum eigi saman við uppdráttinn. Byggingarnefndin getur ekki skorið úr því, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, hve mikill hluti úr sundinu kunni að vera eign bæjarins, en hún getur tess að grindina við suðurenda sundsins við Hafnarstræti hafa verið settar eigi alls fyrir löngu án leyfis nefndarinnar.

Nefndin telur rétt að leyfa beiðanda að verja eign sína fyrir sjávargangi, svo sem þörf er á, en það álitur hún nægilega gjört með því að lengja steinvegginn við norðurenda sundsins eins og beiðandi fer fram á, en aftur á móti bykir óþarf að setja járngrindur ofan á steinvegginn eða ofar í sundinu, og álitur nefndin að eigi sé ástæða til að leyfa það nema beiðanda verði þá um leið afsalað remu beirri, sem bærinn kynni að eiga af sundinu.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. Guðmundur Jakobsson. Matthias Matthiasson. K.Zimsen. Er ekki samþykkur nr. 2, þar sem ég álit að hús undir Tjarnarbrekkunni eigi að standa spölkorn frá veginum með Tjörninni, er ég vil skoða eingöngu sem skemmtiveg.

Ár 1904, 3. desember átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Mælti nefndin með beiðni Guðjóns úrsmiðs Sigurðssonar
um frest til næsta vors að byggja hús á lóð hans við Bergstaða-
stræti, með því að hann getur eigi fyrri rifið hús það, er
hann ætlað að byggja upp úr hið nýja hús. Aftur á móti gat
nefndin eigi mælt með samskonar beiðni frá Einari Finni Jóns-
syni (hús við Vitastíg) og frá Marteini Haldorsson (Bergstaða-
stræti) með því að ástæður bær, er heir fára fyrir beiðni sinni
- óhagstæð veðrátta og annríki við aðrar húsamíðar, þykja
ekki.

2. Guðmundi Einarssyni frá Nesi leyft að lengja hús sitt
nr. 1 við Austurstræti (Veltuna) til austurs, og verður viðbót-
in 8 3/8x12 al. Það var gjört að skilyrði að beiðandi taki burtu
þakið sem er yfir sundinu milli lóðar hans og I.P.T.Brydes lóð-
ar að norðanverðu og setja hlið á sundið út að Veltusundi með
vengjahurð nægilega breitt til þess að farið verði inn í það
með slökkvitólin.

3. Gunnþórunni Halldórsdóttur leikkonu leyft að gjöra
skúr vestan við hús hennar við Amtmannsstíg 8x8 1/2 al. að
stærð. Með því að skúrinn verður aðeins 2 al. frá lóðarmörk-
um að vestan, varð það tekið fram að beiðandi yrði að setja
eldvarnarvegg þeim megin eða fá leyfi nágrannans til að byggja
svo nærri lóð hans.

4. Samþykkt breyting á upprætti af húsi, er heir Þórar-
inn Þorláksson málari og Jón Jónsson sagnfræðingur ætla að
byggja á lóð sinni við Laufásveg, er heir hafa keypt af Guð-
mundi Gamalielssyni bóbindara.

5. Vigfúsi Jósefssyni, sem er orðinn eigandi að lóð Páls
steinsmiðs Ólafssonar við Bergstaðastræti, leyft að reisa hús
á heirri lóð 10x10 al. með skúr 3x4 3/4 al. Eldri húsmæling
á lóðinni fellur jafnframti niður.

6. Gísla Þorbjarnarsyni búfræðing leyfð breyting á húsi
við Bergstaðastræti er hann hefur í smíðum.

7. Ólafi Stefánssyni búfræðingi leyft að gjöra hesthús
með hlöðu 11x8 al. að stærð og áburðargryfju á lóð hans við
Grundarstíg.

8. Guðmundi Guðmundssyni fyrv. fátækrafulltrúa leyft að
reisa heyhlöðu 10x12 al. að stærð í erfðafestulandi hans sunn-
an við Grettisgötu.

9. Jóni Bjarnasyni verzlunarstjóra leyft að gjöra anddyri
3x4 al að stærð við hús hans við Grettisgötu.

10. Eiríki H. Sigurðssyni trésmið leyft að reisa hús 10x
10 al. að stærð með skúr 3x3 al. á lóð hans við Njálsgötu, er

áður átti Guðmundur Þorkelsson. Eldri húsmæling á lóðinni feliur jafnframt burtu.

11. Árna Hallgrímssyni leyft að reisa hús 9x9 al. að stærð með skúr 3x3 al. á lóð hans við Njálsgötu, er áður átti Guðmundur Guðmundsson. Eldri húsmæling á lóðinni fellur úr gildi.

12. Guðmundi Jakobssyni leyft að byggja hús 10x11 al. að stærð með skúr 3x4 al. á lóð hans við Barónsstíg.

13. Sigvalda Bjarnasyni trésmið og Guðmundi Björnssyni lækni leyft að reisa hús 9x9 al. að stærð á lóð þeirra við Laugaveg, er þeir hafa keypt af C. Hertervig.

14. Sveini Sigfússyni kaupmanni leyft að reisa hús á horninu sunnan við Hverfisgötu vestan við Vatnsstíg 20 3/4x15 al. að stærð með fordyri 3 3/4x9 al.

15. Magnúsi Vigfússyni leyft að gjöra útihús 11x8 al. að stærð með safngryfju við á lóð hans við Hverfisgötu.

16. Júlíusi Arasyni og Guðmundi Arasyni leyft að reisa hús 15x12 al. að stærð með skur 3 3/4x3 1/4 al. á lóð þeirra við Lándargötu (Lindargötu) 500 ferálnir að stærð, er þeir hafa keypt af Jóhanni P. Ámundasyni.

17. Hlutafélaginu Völundi leyft að gjöra vinnuskúr austast á Klapparlóð 24x12 al. að stærð.

18. Árna Jónssyni og Páli Árnasyni leyft að gjöra salerni 1 1/2x3 al. að stærð með safngryfju á lóð þeirra við Lindargötu, með því skilyrði að þeir setji svo háa girðingu austurfrá húsinu að salernið sjáist eigi frá götunni. Ennfremur var þeim leyft að gjöra skúr norðan við húsið 3x3 1/2 al. að st.

19. Sveinbirni Jónssyni leyft að reisa hús 10x10 al. að stærð með skúr 3 3/8x3 3/8 á lóð hans við Skólavörðustíg. Við það fellur úr gildi eldri húsmæling á lóðinni.

20. Bæjarstjórnin hefur beiðzt álits bygginanefndarinnar um verðlag á lóðum er bærinn selur næsta ár. Nefndin álítur að rétt sé qð halda enn sama verði á lóðunum næsta ár eins og ákveðið hefur verið yfirstandandi ár.

Allir á fundi, mema Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Guðmundur Jakobsson. Matthias Matthiasson. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen.

Ar 1904, b. 12. desember átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi mállefni:

1. Samþykkt sú breyting á húsmælingu hand Ólafi Th. Guðmundssyni trésmið á lóð hans við Vitastig 1. nóv. 1902, að húsið verði $9x9$ al. að stærð með skúr $3\frac{1}{4}x3\frac{1}{4}$ al. að stærð.

2. Guðmundi Jakobssyni trésmið leyft að reisa hús á lóðum hans 2 við Njálgsgötu, bæði húsin jafnstór $9x8$ al. með skúr $3\frac{1}{2}x2\frac{1}{2}$ al. Lóðir þessar hefur hann keypt af Þórði Ólafssyni steinsmið og Sveini Jónssyni trésmið. Eldri húsmæling á hinni síðarnefndri lóð fellur úr gildi.

3. H. Andrésson snikkara leyft að reisa íbúðarhús á erfðafestulandi hans Salvarartúni $19\frac{1}{2}x14$ al. að stærð með anddyri $2\frac{1}{2}x7$ al. og skúr $4\frac{1}{2}x4\frac{1}{2}$ al.

4. D.Thomsen konsúl leyft að setja reykháf í íbúðarhús hans nr. 1. við Kolasund við hliðina á eldri reykhaf, sem er í húsinu.

5. M.Lund lyfsala og Guðmundi Björnssyni héraðslækni leyft að reisa frystihús $21x14$ al. að stærð í suðausturhorni Melkots-húns á lóð, sem heir aðla að kaupa þar, og er leyfi þetta bundið heim skilyrðum: 1) að bæjarstjórnin afsali sér forkaupsrétti á lóðinni, sem er erfðafestuland, og leyfi til að nota hana til byggingar, ~~xxxii~~ 2.) að húsið snúi hlið að og verði með sömu stefnu og, sem væntanlega verður lögð með tjörninni frá norðurmörkum Melkotstúns að Skótkvarðunni, og 3.) að húsið verði með gafla þaki og hæfilegu risi 4-6 al. háu.

6. Páll Briem bankastjóri fer fram á það fyrir hönd eigenda tjarnarbrekkunnar, að gatan meðfram brekkunni sbr. fundargjörð 25. f.m. 2. lið, verði látin stefna þannig að suður-endi hennar á mörkum Melstúns og Melkotstúns verði 75 al. fyrir vestan Suðurgötu, og þaðan sé tekin stefna bein stefna norður í Tjarnargötu vestur í húsalínuna. Einnig fer hann fram á fyrir hönd sama manns að húsastefnan með heirri götu verði ákveðin 5 al. vestur af götuminni. Byggingarnefndin samþykkti báðar þessar málaleitanir.

7. Byggingarnefndin leggur það til, að H.J.Bartels verzliunarstjóra, sem synjað hefur verið um frest til húsbryggings á lóð norðan af húslóð hans við Hverfisgötu, og sem hefur falt eftir lóð þessari til kaups, verði seld lóðin fyrir 25 au. hver feralin. Lóð þessi var meld Hjörleyfi snikkara Þórðarssyni 1. nóvember 1902 en er síðan orðin eign Bartels; hún er $36x34\frac{1}{2}$ al. að stærð.

8. Bæjarstjórnin hefur beiðzt álits byggingarnefndarinnar um afsal til ~~þáða~~ hlutafélagsins "Völundur" á heim hluta Klapparhlóðar, sem bæjarstjórninni samkvæmt afsalsbréfi stjórnarráðsins er meimilt að selja. Nefndin gjörir ráð fyrir, að 2 götur verði lagðar yfir lóðina frá austri til vesturs, hin

syðri um það svæði sem bærnir nú standa á sunnan til á lóðinni, hin nyrðri norðan við og í sömu stefnu sem verksmiðjuhúsið, sem búið er að gera undirstöðu að. Lóðina alla milli þessara gatna álítur nefndin sjálfsagt að afsala hlutafélaginu. Lóðirnar fyrir norðan nyrðri götuna álítur nefndin aftur á móti að bærinn eigi ekki að farga, enda er eigi heimild til þess að hví er snertir mestan hluta þeirrar lóðar, sem er strandlengjan með sjónum. Hinsvegar er hlutafélaginu nauðsynlegt að mega nota þessa lóð og gera þar nokkur mannvirki til afnota við fermingu affermingu skipa og aðra flutninga á sjó, og telur nefndin sjálfsagt að féluginu verði leyft súlik afnot gegn hæfilegri leigu, og leyft að gjöra þar nauðsynlegan umbúnað, svo sem bryggjur og bólverk. Þá bykir nefndinni og rétt, að féluginu sé heitið hví, að bærinn kaupi síðar meir, þessi mannvirki af hví, eftir óvilhallra manna mati, að hví leyti sem bærinn getur notað bau, eða eitthvað úr þeim til hafnarvirkja, er síðan kunna að verða gjörð á þessum stað. Að hví er snertir lóðarstykkið fyrir sunnan syðri veginn, álítur nefndin heppilegast, að þar yrði komið fyrir húsi hví og bæjum á Klapparlóð (Klapparhúsi, Vindheimi og Pálskoti) sem nú verða að rýma sumpart fyrir götunni og sumpart fyrir verksmiðjuhúsinu. En nefndin er hví þó samþykk, að félagið fái einnig þessa lóð keypta, ef það, bænum kostnaðarlaust semur við húseigendur og sér um flutning á húsum þeimra á aðrar lóðir á þann hátt er þeir megi una við.

Allir á fundi.

Funsi slitið.

Halldór Danielsson. Tr. Gunnarsson. Guðmundur Jakobsson, var ekki samþykkur niðurlagi 8. töluliðs. Kristján Þorgrímsson. K. Zimsen.

5. Ár
flg 25x48
ralin. Á
stærð m

Allir

Ár 1904, 17. desember átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Sigurjóni Grímssyni leyft að reisa hús við Njálgötu,
10x9 al. að stærð með skúr 3x4 al. á lóð, sem hann hefur keypt
har, en Tómasi Tómassyni var mæld þar 1. nóv. 1902.

2. Slippféluginu í Reykjavík leyft að reisa geymsluhús
26x12 1/2 al. að stærð, skúr 37 1/2x6 1/2 al. viðbót við
svitakistuhús 3x5 1/2 al. og salerni 4 1/2x2 al. á lóðinni
norðan við skurðinn í Hlíðarhúsamýri, en með því að þessi hús
byrgja fyrir austurendann á Mýrargötu, var það gjört að skil-
yrði fyrir byggingarleyfinu, að félagið leggi veg á sinn kostn-
að frá austurenda nefndrar götu upp á Nýlendugötu.

3. Ásmundi Guðmundssyni og Sveini Jónssyni, sem eiga
lóðina nr. 50 við Vesturgötu og ætla að rífa hús það er á henni
stendur leyft að reisa í staðinn 2 hús, er aðgreind séu með
eldvarnargafli, Ásmundar 10 3/8x12 al. að stærð með skúr 3x4
al., og Sveins 8x12 al. með skúr 4 1/2x3 al.

4. Samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar á fundi 15. b.m.
hefur byggingarnefndin látið meta svæði þaða fyrir jörninni, er
skrifstofustofjóra Eggert Briem o.fl. hefur heimilað til uppfyll-
ingar fram með tjarnabrekku, og hefur það mælt c. 5400
ferálnir, þegar miðað er við þá stefnu á götunni austan við
svæðið, sem ákvæðin var á fundi nefndarinnar 12. b.m. eftir
ósk beiðendanna.

5. Árna Sigurðssyni útvísad lóð á Selsholti við Sellands-
stíg 25x48al. og verð á lóðinni ákvæðið 15 aurar fyrir hverja
feralin. Á lóð þessari var honum leyft að reisa hús 9x10 al.
að stærð með skúr 3 1/2x4 1/4 al.

Allir á fundi, nema Matthias Matthiasson og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K.Zimsen. Guðmundur Jakobsson.
Kristján Þorgrímsson.

Ár 1905, 7. janúar átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi mállefni:

1. Beiðni frá Ó.F.Halldórsson um frest að byggja á lóð við Bergstaðastræti, sem hann hefur keypt af Guðbirni Guðbrandsyni, gat byggingarnefndin ekki mælt með, með því að engar sérstakar ástæður voru fyrir hendi.

2. Beiðni frá Einari Þorsteinssyni um að mæla lóð hans við Lindargötu (Vík) og úrskúrða lóðarmörkin, gat nefndin ekki tekið til greina, af því að ekki sést á gjörðabók nefndarinnar hvar mörk lóðar þessarar eru.

3. Jóni Jónssyni, sem hefur eignað lóð Helga Jónssonar við Lindargötu, leyft að reisa á lóðinni 2 hús samföst með eldvarnarvegg á milli þeirra, annað 11x10 með skúr 4x3al., hitt 12 3/8x10 al. að stærð með skúr 3x4 al. Húsmælingar á þessari lóð 6. febr. 1904, nr. 2, falla um leið úr gildi.

4. Ólafi Þórðarsyni járnsmið leyft að setja upp til bráðabirgða opíð skýli, til að geyma járn í, á lóð hans nr. 2 við Klapparstíg.

5. Bjarna Jónssyni snikkara leyft að reisa geymsluhús 9 1/2x9 al. að stærð á lóð hans við Laugaveg (Vegamótum).

6. Agli Diðrikkssyni leyft að reisa hús 9x10 al. að stærð með skúr 4x5 al. á lóð hans milli Laugavegar og Grettisgötu.

7. Guðmundi Jakobssyni trésmið leyft að reisa hús við Njálgötu á lóð er hann hefur keypt af Guðmundi Guðmundssyni þejarfógetafullm. Húsið verður 8x9 al. að stærð með skúr 3 1/2 x 2 1/2 al. Eldri húsmæling á lóðinni fellur úr gildi.

8. Ólafi Kr. Ólafssyni leyft að reisa hús á lóð hans við Njálgötu 10x9 al. að stærð með skúr 2 1/2x4 al. Eldri húsmæling á lóðinni fellur úr gildi.

9. Jónasi Þorsteinssyni, sem hefur eignað lóð há, er Kristni Guðmundssyni var mæld við Njálgötu 2. maí 1903, leyft að reisa hús á lóðinni 9x10 al. að stærð með skúr 3x4 al.

10. Hlutafélaginu "Mjölni" leyft að reisa 2 skúra 20x8 al. og 17x8 al. að stærð á lóð félagsins við Laugaveg sunnanvið verksmiðjuhúsið.

11. Sigurði Jónssyni kennara, sem hefur keypt lóð við Laufásveg úr Bergsbletti 1550 ferálnir að stærð, leyft að reisa tvílyft hús á lóðinni 15x10 al. að stærð með anddyri 3 3/4x6 al. og skúr 4 3/4x3 1/2. Byggingarleyfið er bundið því skil-yrði, að 2 reykháfar verði í húsinu.

12. Gísli Magnússyni Hlíð útvísað lóð kring um húshans við Hafnarfjarðarveg 55x42 al. Með því að beiðandi er fátæk-ur maður og eftir atvikum að örðu leyti, álitur nefndin að

ekki eigi að selja lóð fessa dýrar en 5 aura feralin.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K.Zimsen. Guðmundur Jakobsson.
Tryggvi Gunnarsson. Kristján Þorgrímsson.

Frá sjó sv

ár 1905,
veru tekin

1. Iðnað
fyrir su
fur ræma b
félagsins
ári til ve
mu steing
ta veitist
þnað steini
língarinna
þreiði í b
fylta sve
tryggvi G
ð, en ver

2. Guðna
man við Ný

3. Jón P
og Carl Fr
lóð fyrir
frá sjó sv
a lóð hess
skur til
umrædda s
ári til su
88 al. Ny
gingarnefn
vill selja
u og 45 al

4. Jón J
ða hæfileg
stan við lóð
gingarnefn
landið er
ur það hví
milt að ta
þið eigi v
ra. Byggis
újáð verðu

5. Stjór
ting á fy
dýr mættu
súlum og
a fyrir hú
að leyfa
vtir mundi
sem tröpp

Ar 1905, þ. 21. janúar átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi málafni:

1. Íðnaðarmannafélaginu leyft að fylla upp ræmu af tjörninni
fyrir sunnan og vestan hús félagsins við Vonarstræti.
Verður ræma þessi að sunnanverðu c. 15. al. breið, þannig að
lóð félagsins öll suður frá Vonarstræti verður 45 al. frá
austri til vesturs, verður ræman ca 73 al. og nær vestur í
stefnu steingarðsin austan við Goodtemlarahúslóðina. Leyfi
þetta veitist með heim kjörum, að beiðendurnir gjöri á sinn
kostnað steinlímdan kant út að tjörninni sunnan og vestan upp-
fyllingarinnar með ávölu horni milli suður og vestur kantsins,
og greiði í bæjarsjóð 50 aura fyrir hverja feralin af hinu
uppfyllta svæði.

Tryggvi Gunnarsson er á móti því að uppfylling þessi verði
leyfð, en verði hún leyfð, er hann samþykkur ofanrituðum kjörum.

2. Guðna Oddssyni hérsmáileyft að reisa hús á lóð hans
sunnan við Nýlendugötu 10x10 al. að stærð með skúr 3x3 3/4 al.

3. Jón Þorláksson verkfræðingur, Einar Finnsson járnsmiður
og Carl Frederiksen bakari færa fram á að heim verði útvís-
að lóð fyrir vestan slipploðina alla leið vestur að Brunnstíg
og frá sjó svo langt upp eftir, sem um semur. Atla heir að
nota lóð þessa sem upplagspláss fyrir sand og til að reisa
har skúr til afnota við múnsteinsjörð og annara byggingarefna.
Híð umrædda svæði er frá austri til vesturs c. 77 al. og frá
norðri til suðurs, eða frá Mýrargötu norður á sjávarbakka
ca. 88 al. Nyrðri hlutanum af lóð þessari með sjónum álitur
byggingarnefndin ekki rétt að svo stöddu að afsala frá bænum,
en vill selja beiðendum syðri hlutann 77 al. meðfram Mýrar-
götu og 45 al. norður frá henni fyrir 20 aura hverja feralin.

4. Jón Jakobsson húsmáður Framnesvegi fer fram á að fá
mælda hæfilega óbyggða lóð og útvísad hússtæði í Litlaselstúni
vestan við lóðina nr. 52 í Vesturgötu Ánanaust. Af hálfu
byggingarnefndarinnar hýkir ekkert athugavert við þessa beiðni,
en landið er leiguland Ólafar Björnsdóttur á Litlaseli, og
kemur það því undir úrskurði bæjarstjórnar, hvort hún álitur
heimilt að taka frá leigulóðunum hina umbeðnu húslóð, ef hún
skyldi eigi vilja sleppa lóðinni, sem hún hefur látið á sér
heyra. Byggingarnefndin frestar því útmælingu, þangað til
útkljáð verður um lóðarafsalid.

5. Stjórn Íslands banka fór fram á, að leyfð væri sú
breyting á fyrirhuguðu húsi bankans við Lækjartorg, að tvenn-
ar dyr mættu vera á suðurhlíð hússins sínar við hvorn enda
með súlum og tröppum fram af, er tækju ca. 1 al. 17 þuml.
fram fyrir húshliðina. Byggingarnefndin áleit sér eigi heim-
ilt að leyfa þetta, með því að það, að því er ~~væstari~~ dyrnar
snertir mundi koma í baga við 11. gr. byggingarsamþykktarinnar,
har sem tröppurnar heim megin mundu fara allt að 1 al. og 17

tumlunga fram úr húsalínunni. En nefndin leyfir umgetna breytingu með hví skilyrði, að húsið færst ails l al. til norðurs. Onnur breyting á hússtæðinu er sú, að uppdrættir heir, sem nú liggar fyrir, hefur hví verið vikið við, svo að austurgafl bess er í réttri stefnu með Lækjartorgssundi, en víkur nokkuð frá stefnunni með Kolasundi, en á uppdrætti heim, sem lagður var fram á fundi nefndarinnar 25. nóv. f.á. var þetta öfugt, vesturgaflinn í réttri stefnu við Kolasund en nokkuð úr stefnunni við Lækjartorgssund. Þessa breytingu áleit nefndin ekkert athugavert við og samþykkti hana.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Tr.Gunnarsson. Hannes Haflidason.
Guðmundur Jakobsson. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen.

Ar 1905, b.4. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni og tekin fyrir þessi mállefni:

1. Gunnari Gunnarssyni kaupmanni leyft að reisa vörugeymslu-hús á lóð sinni við Austurstræti 14x15 3/4 al. að stærð, með eldvarnargaflí að vestanverðu. Honum var leyft að setja tröpp-ur við húsið 18 þuml. fram fyrir götulínuna. Geymsluhúsið, sem nú er á þessari lóð, rifur hann jafnframt niður.

2. Steingrími Guðmundssyni trésmið leyft að gjöra útihús á lóð sinni við Bergstaðastræti 13x8 1/2 al. að stærð. Honum var og leyft að breyta smiðahúsi á sömu lóð i íbúðarhús, með því skilyrði að milligólf sé sett í báðum bitalögum. Ennfre-mur var honum leyft að gjöra útidyraskúr við húsið 2 1/2x2 1/2 al.

3. Þorsteini Sigurðssyni skósmið leyft að breyta útihúsi á lóðinni nr. 5 við Laugaveg í vinnustofu.

4. Emil Strand frá Ísafirði leyft að gjöra skúr á Hækga-staðalóð 6x8 al. að stærð til að hafa í honum meðalalýsisbræ-slu.

5. Samþykkt að Hjörleifur Þórðarson noti sem stakkstæði lóðarræmu norðan við fiskgeymsluhús það, er hann hefur keypt norðan við Elsumýrarblett. Ræma þessi, sem er 1190 ferálnir að stærð sleppir hann endurgjaldslaust, vegar þejarstjórn eða byggingarnefnd krefst þess, en meðan hann notar hana geldur hann af henni gjald sem af óbyggðri lóð.

6. Ásgeiri Sigurðssyni kaupmanni leyft að gjöra skúr 14x27 al. að stærð vestan við bryggjuna norður af Sjávarborgarlóð. Skúrinn á að nota til fiskflatninga.

7. Samþykkt að sjómannafélagið Báran fylli út í Tjörnina suður að stefnu þeirri fyrir sunnan hús félagsins, er takmarka uppfylling þá, er Íðnaðarmannafélaginu var leyfð á síðasta fundi nefndarinnar, og eignist hina uppfylltu lóð, með þeim skilyrðum, að félagið geri á sinn kostnað steinlimdan kant sunnan við uppfyllinguna og að austan allt að Vonarstræti og greiði fyrir lóðina það gjald, sem þejarstjórnin ákveður.

8. Birni Simonarsyni kaupmanni leyft að stækka skúr við hús hans í Vallarstræti um 16 1/2 alnir.

Allir á fundi, nema Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson.
Guðmundur Jakobsson. Hannes Haflidason.

Ár 1905, 18. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Beiðni frá Samúel Jónssyni trésmið um 2. mánaða frest
á húsbýggingu við Njálsgötu, á lóð, sem féll aftur til bæjar-
ins ígær, gat byggingarnefndin ekki mælt með, af því að beið-
andi hefur nýlega eignað lóðina og lítið gjört enn til und-
irbúnings byggingunni annað en mylja nokkuð af grjóti og að
því er hannsegir, smíða glugga og hurðir.

2. M.Lund lyfsala leyft að reisa skúr 5x7 al. að stærð
við meðalalýsisbraðsluhús hans og félaga hans í Melkotstúni.

3. Hlutafélaginu "Steinn" leyft að reisa múnsteinsgjörð-
arhús 40x10 al. að stærð á ló þeirri, er félaginu var útvísad
við Mýrargötu 21. f.m. Skúrinn á að vera með 2 álna risi og
eigi standa nær götunni en 5 al.

4. Hákonni Grímssyni leyft að reisa hús 10x10 al. að stærð
með skúr 3 1/2x2 1/2 við Brekkugötu á lóð sem hann hefur keypt
af Jóni Gíslasyni.

5. Jóni Jakobssyni útvísad lóð í Litlaselslandi við Vest-
urgötu 700 ferálnir að stærð og afsalað fyrir 20 aura hver
ferhyrningsalin. Var honum leyft að reisa þar hús 9x10 al.
að stærð með skúr 3x4 al. Ólöf Björnsdóttir leiguliði á Litla-
seli hefur samþykkt lóðarafsalid, þó með heim fyrirvara, að
ekki verði seldar fleiri húslóðir úr túninu einstökum mönnum,
meðan hún hefur leigurétt á því. - Endurgjald það er henni
kann að bera fyrir rýrnun leigulands hennar við þessa útvísun,
greiði kaupandi Jón Jakobsson.

6. Guðmundi Einarssyni kaupmanni í Nesi leyfði sú breyting
á húsmælingu 3. des. f.á. vestan við hús hans nr. 1 í Austur-
stræti (Veltuna) að viðbótin verði aðeins einlyft.

7. Gunnari Gunnarssyni kaupmanni leyft að setja upp til
bráðabirgða vörugeymsluskúr á stakkstæðum við Hafnarstræti
fyrir austan hafnarskúrinn. Gunnar skal hafa tekið skúrinn
burtu fyrir ~~þá~~ 31. maí f.á.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Guðmundur Jakobsson. Kristján Þor-
grímsson. K.Zimsen. Tr. Gunnarsson.

Ár 1905, 4. mars átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir bessi málefni:

1. Var Thor Jensen kaupmanni fyrir hönd verzlunarinnar "Godthaab" leyft að setja kvist á vesturhlið vörugeymsluhúss á lóð verzlunarinnar Pósthússtræti nr. 11. Kvisturinn á að vera 5x7 al. að stærð.

2. Ivari Helgasyni verzlunarstjóra fyrir hönd verzlunarinnar Edinborg leyft að setja miðstöðvarhitunartæki í kjallarann undir gömlu búð verzlunarinnar nr. 12 í Hafnarstræti til að leiða þáðan hita í öll hús verzlunarinnar sunnan við nefnt stræti, þó með því skilyrði að nýr reykháfur væri hlaðinn handa hitunarvélinni, með því að gamli reykháfurinn lykis ófullnægjandi. Í annan stað var verzluninni leyft að setja dyr á kjallarann út að Hafnarstræti, þó þannig að kjallarahálsinn nái eigi lengra fram en að húasæfnunni.

3. Ásmundi Gestssyni kaupmanni leyft að hækka hús sitt nr. 2 við Laugaveg með þeim að láta lyfta húsinu upp af undirstöðunni og hlaða ofan á kjallaveggina þannig að heir verði 4 áln. á hæð. En með því hér er um verk að ræða, sem eigi er hettulaust fyrir há, sem við það fást, og fyrir umferð um að algötu, er leyfið af nefndarinnar hálfu því skilyrði bundið, að verkið sé unnið undir stjórn, með stöðugu eftirliti og á ábyrgð þess er lögreglustjóri álítur til þess hæfan og tekur gildan. Sama manni var enn fremur leyft að hækka viðbyggingu austan við húsið sem er áföst við Félagsprentsmiðjuhúsið að austanverðu, þannig að viðbyggingin verði jafnhá aðalhúsinu, þó með því skilyrði að settur verði löglegur eldvarnarveggur milli hennar og prentsmiðjuhússins.

4. Halldóri Þórðarsyni bókbindara leyft að reisa hús $9\frac{3}{4}$ x $12\frac{1}{2}$ al. að stærð austan við og áfast við hús Félagsrentsmiðjunnar við Laugaveg. Húsið verður með eldvarnargafli að austanverðu.

5. Þorsteini Sigurðssyni skósnið leyft að hækka og breikka skúr við norðurhlið hússins nr. 5 á Laugavegi. Skúrinn var áður $3x3\frac{1}{4}$ al. en verður nú $3\frac{1}{4}x4\frac{1}{4}$ al. að stærð.

6. Gísla Jónssyni kaupmanni leyft að flytja til dyr og glugga á sölabúð hans nr. 24 Laugaveg.

7. Ágúst Rögnvaldssyni leyft að lengja hús sitt nr. 25 við Hverfisgötu um 3 al. Húsið er 8 al. breitt. Honum var og leyft að stækka skúr við húsið um $2x2\frac{1}{2}$ al.

8. Jóni Þorsteinssyni neitað um að setja götudyr á kjallara undir húsinu nr. 55 við Laugaveg með því að heim verður ekki komið svo fyrir að gangriðið taki eigi of langt fram á stéttina.

9. Sigurjóni Ólafssyni trésmið, sem er orðinn eigandi að

lóð **Keirri**, sem Guðmundi Guðmundssyni var útvísuð 7. marz 1903 við Njálsgotu, leyft að reisa á lóðinni íbúðarhús 10x9 al. að stærð með skúr $2\frac{3}{4} \times 3\frac{1}{2}$ al. Ris á hakinu sé 3 al. að minnsta kosti. Eldri húsmæling fellur úr gildi.

10. Bjarna Bjarnasyni á **Bjarnagötu** Bergi útvísað lóð vestan við Hafnarfjarðarveg norðan við loð Gísla Magnússonar, 1000 ferálnir að stærð, gegn 10 aura borgun fyrir hverja feralin. Á lóð **Bessari** var honum leyft að reisa 1.) íbúðarhús 10x9 al. að stærð með skúr 4x4 al. og skal húsið standa 15 al. fyrir vestan miðlinu vegarins og í sömu stefnu. 2.) heyhlöðu 8x8 al. aðstærð og 3.) fjós 5x8 al. að stærð. Útihúsin eiga að standa vestan við íbúðarhúsini.

11. Út af fyrirspurn frá Þórði Gíslasyni ákvað byggingar-nefndin, að **Grundarstígnum** í **Þingholtum** yrði, begar til kemur að lengja hann haldið áfram beint suður á veg hann er liggur fyrir norðan lóð Hannesar Thorarensens **verzlunarstjóra**.

12. Daniel Östlund prentsmiðjustjóra leyft að lengja hús sitt nr. 23 við **Þingholtsstræti** um 12 al. til norðurs. Húsið er 12 al. breitt. Bakstigá í gamla húsinu má eigi nota við **Bessa** nýbyggingu, með því hann fullnægir eigi samþykktinni. Sama manni leyft að reisa samkomuhús austast á lóðinni við **Ingólfsstræti** 23x11 al. að stærð.

13. Jóni Reykdal málara leyft að reis hús tvílyft 14x13 al. að stærð á lóð hans við **Þingholtsstræti** er hann hefur keypt af Sveini Jónssyni trésmið með anddyri 5x4 al. og skúr 4x6 al. aðstærð.

14. Guðmundur Jónasson frá Amtmannsstíg 5 leyft að reisa íbúðarhús á lóð austan við Miðstræti er hún hefyr keypt af Kristjáni Teitssyni. Húsið að vera 12x12 al. að stærð með viðbyggingu vestur úr 5x8 al. Leyft var að setja húsið austast á lóðarmörkum með eldvarnarvegg þeim megin. Áskilið er að 2 reykháfar séu í húsinu og að 2 gluggar sé á neðri loft-hæð á **Keirri** hlið hússins, sem veit að Miðstræti.

15. Árna Zakariassyni vegavinnustjóra útvísað hússtæði vestanvið **Ingólfsstræti** andspenis lóð **Hauðórs Þórðarsonar** 10x11 al. að stærð með skúr $3\frac{3}{4} \times 4\frac{1}{2}$ al.

16. Múr- og steinsmiðafélaginu leyfð sú breyting á húsmælingu 7. marz 1903 á lóð, er félaginu var þá mæld við **Laugavegnum** austan við **Rauðarárstíg**, að húsið verði íbúðarhús 10x11 al. að stærð með skúr $3\frac{1}{2} \times 3\frac{1}{2}$ al.

17. H.P.Duusverzlun leyft að setja grindur utan við glugga á söðubúðinni við **Aðalstræti** er séu allt að 6 þuml. frá glugganum. Ennfremur var verzluninni leyft að leggja stétt úr steinflísum eða cementsteypum fram með verzlunarhúsunum

að norðanverðu. Þar á móti vildi nefndin eigi að svo stöddu leyfa að leggja stétt fram með sölubúðinni við Áðalstræti, með því það gæti komið í bága við væntanlega aðgerð á strætinu.

18. Haraldi Möller trésmið leyft að breyta smíðahúsi á lóð hans við Tjarnargötum í íbúðarhús, með því að húsið að upphaflegri gjörð fullnægir kröfum samþykktarinnar sem íbúðarhús.

19. Byggingarnefndin mælti með að Ólafur kr. Ólafsson fái að halda lóð þeirri við Njálsgötum, er honum var mæld 17. febrúar 1903, ót að hann væri eigi búinn að reisa hús á lóð-17. f.m. með því að húsgrindin var þá komin tilhöggin á lóðina og kjallarahleðsla byrjuð fyrir nokkru, en varð eigi lok-í í tæka tíð vegna veðrattunnar.

20. Lóð þá, er Hallgerði Snorradóttur var mæld 4. mars 1903 sunnan Njálsgötum vestan Frakkastígs hefur Guðmundur Jakobsson trésmiður eignazt. Em með því að gjört er ráð fyrir að vegur frá Skólavörðustíg niður á Njálsgötum verði lagður yfir þessa lóð, hefur byggingarnefndin lagt svo undir við eigandann, að hann byggi ekki á lóðinni eftir hinni upphaflegu útmælingu. Var nú eftir ósk eigandans gjörð sú breyting á lóðarmælingunni, að lóðin verði í horninu milli hins fyrirhug-aða torgs og Frakkastígs, og samþykkti nefndin að lóðin yrði 109 ferálnum stærri 1118 ferálnir, (áður 1015), án endurgjalds fyrir viðbótina, í notum þess að lögum lóðarinnar verður óhent-ugri við þessa breytingu.

21. Samúel Jónsson trésmiður hefur keypt lóð þá er Kristjáni Ólafssyni var mæld við Njálsgötum 17. febr. 1903, en féll til bæjarins aftur 17. f.m. með því að hún er ónotuð enn. Sam-úel fer nú fram að hann fái að halda lóðinni, gegn því að hann greiði 20 aura fyrir hverja feralin í henni, en að honum verði, eða dregnar frá andvirðinu 40 kr., sem hann hefur borg- að fyrir lóðina. Vegur sá, sem getur um í næsta tölulið á undan og ráðgert er að liggi frá Njálsgötum upp á Skólavörðu- stíg, verður lagður yfir suðausturhornið af þessari lóð, og getur beiðandinn því ekki fengið lóðina eins og hún var mæld í fyrstu. En nefndin samþykkti að útvísa honum lóð mill Njálsgötum og hins fyrirhugaða vegar að austan, og verður sú lóð að mestu leyti hin sama og hin fyrri, en nokkuð stærri; verður hún fimmhyrnd, 40 al. með hinum nýja vegi og 30 al. með Njálsgötum, og stærðin 1043 ferálnir. Fyrir hverja feralin greiðir beiðandinn 20 aura, en ekki bykir ástæða til að draga frá andvirðinu það, sem hann hefur borgað fyrir lóðina. Mannvirki á lóðinni greið kaupandi eftir

22. Leigjendur Kirkjusands nyrðri fara fram á að fá til afnota landsspildu fyrir ofan malarkambinn upp að veginum, með sömu kjörum og fiskverkunarreitinn, sem þeir hafa á leigu í 30 ár frá 1/10 1900 gegn 20 kr. gjaldi. Byggingarnefndin létt mæla landspilduna frá malarkambinum upp að veginum í sömu stefnu og hús beiðendanna og frá húsinu suður eftir að far-

vegi lækjarins gegnum kambinn, og er það svæði 8835 ferálnir
að stærð.

23. Á fundi bæjarstjórnarinnar 1. des. f.á. var ákvæðið
að hús Brauns við Pósthússtræti milli Austurstrætis og Vall-
arstrætis verði ekki sett norðar né austar en gamla húsið,
sem nú stendur á lóðinni. Með því að byggingarnefndin álitur
að þetta ákvæði sé óheppilegt, og með því að eigi lá fyrir
bæjarstjórninni uppdráttur af Austurstræti, hefur nefndin nú
látið gjöra súlikan uppdrátt og fer fram á að nefndu ákvæði
þannig, að stefna ~~hánuman~~ hússins að sunnanverðu verði eins og
Austurstrætis og bankahúsgirðingarinnar, og að ~~austanverðu~~
eftir línu eins og Hótel Ísland og landfógetahúsið.

24. Ólafur Jónsson fer fram á meðmæli byggingarnefndar-
innar til að mega halda helmingi af lóð þeirri, er Kristjáni
Ólafssyni var mæld við Njálsgötu 17. febr. 1903 og féll til
bæjarins 17. f.m. sjá tölul. 21 í þessari fundargjörð, með
því að hann hafi verið eigandi að þeim lóðarhelmingi, en ekki
getað hagnýtt sér hana sökum veikinda. Með því að beiðandi
hefur eigi fengið neitt af lóð þessari útnælt, og hefur enga
aðra eignarheimild fyrir henni og lóðin hefur nú verið útvísuð
Samúel Jónssyni snikkara, getur nefndin ekki mælt með þessari
beiðni, en hefur gert Samúel að skyldu að endurgjálda beiðanda
þessi mannvirki, sem hann á a lóðinni.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Tryggvi Gunnarsson. K.Zimsen.
Kristján Þorgrímsson. Guðmundur Jakobsson. Hannes Haflidason.

Ar 1
voru
1.
leirra v
lá
nus verð
2.
us á ló
in við 4
3.
grhús á
gð stand
in er ve
sterð.
4.
við bæja
námi og
norðurve
um núver
er bar,
bót þess
er orðin
ljósi ó
nni.
frá bæja
við bei
hátt, s
samkvæm
eftir ó
in álit
eigandi
um lóða
norður
nefndin
breiðan
að grei

All

Hal
rist já

Ar 1905, þ. 18. marz átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi maledni:

1. H.P.Duus & Co. leyft að reisa vörugeymsluhús á lóð
þeirra vestan við sölubúðina og byggja það saman við geymslu-
húsið, sem nú er á lóðinni undir sama þaki. Þið nýja geymslu-
hús verður 26x12 al. að stærð.

2. Matthíasi Matthíassyni skósmið leyft að reisa íbúðar-
hús á lóð hans við Bræktugötu 13x14 al. að stærð með skúr sunn-
an við 4x5 al.

3. Karli Nikulássyni verzunarstjóra leyft að reisa íbú-
arhús á lóð hans við Smiðjustíg 11x11 al. að stærð. Húsið á
að standa nyrzt á lóðinni með eldvarnargafla þeim megin. Lóð-
in er vestri hlutinn af Litlusteinastaðalóð 400 ferálnir að
stærð.

4. Fríkirkjusöfnudurinn í Reykjaví hefur farið bess á leit
við bæjarstjórnina að hún hlutist til um að tekin verði lög-
námi og afsöluð söfnuðinum viðbót við lóð Fríkirkjunnar á Út-
norðurvelli, er eigi sé minni en 15 álnir austur eftir frá hin-
um núverandi lóðartakmörkum að austan og jafn breiða og lóðin
er þar, þannig að viðbótin myndi réttan ferhyrning. Lóðarvið-
bót þessi er til þess að luð að stækka kirkju safnaðarins, sem
er orðin honum allsendis ónog. Ennfremur lætur söfnudurinn í
ljósi ósk um að megar verði lagður af Laufásvegi niður að kirkj-
unni. Byggingarnefndin hefur fengið mál þetta til meðferðar
frá bæjarstjórninni, og álítur hún óhjákvæmilegt, að verða
við beiðni safnaðarins um aukna lóð handa kirkjunni á þann
hátt, sem farið er fram á, þannig að lóðin verði tekin lögnámi
samkvæmt erfðafestuskilmálum fyrir landinu gegn endurgjaldi
eftir óvilhallra manna mati, til erfðafestueigandans, en nefnd-
in álítur rétt, að gera söfnuðinum að skyldu, ef erfðafestu-
eigandi krefst þess, að kaupa ennfremur af honum með sömu kjör-
um lóðarhorn það, sem eftir verður fyrir norðan lóðaraukann
norður að mörkum erfðafestulandsins, þá álítur og byggingar-
nefndin rétt að jafnframt sé tekin lögnámi lóð undir 10 al.
breiðan veg frá Laufásvegi niður að kirkjulóðinni, til þess
að greiða fyrir umferð til og frá kirkjunni.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K.Zimsen. Tryggvi Gunnarsson.
Kristján Þorgrímsson. Hannes Haflidason.

Ar 1905, 1. apríl átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Þorv. Þorvarðssyni fyrir hönd hlutafélagsins "Gutenberg" leyft að setja salerni vestast á lóð félagsins 3 3/4x4 al. að stærð.

2. Beiðni fra D.Thomsen konsúl um að hon um verði leyft að reisa slátrunarhús á lóð hans norðan við Hafnarstræti gat nefndin ekki samþykkt að svo stöddu með hví að framlögð teikning af húsi þessu fullnægir ekki kröfum heilbrigðissamþykktarinnar. Nefndin mælir með hví, að Thomsen konsúl verði seld ræma sú af ganginum suður af hinum svonefnda "Jómfrúpalli", sem er eign bæjarins, fyrir 100 kr. borgun í þejarsjóð, sem hann hefur boðizt til að borga.

3. Stjórn Íslandsbanka, sem með mælingarreglugjörð 25. nóv. f.á. fékk leyfi til að reisa bankahús á lóð bankans við Lækjartorg, sendi nú nefndinni uppdrátt af húsinu, og óskaði að nefndin samþykkti hann. Uppdrátturinn sýnir einlyft hús 40x23 al. að stærð. Á fyrgreindum fundi 25. nóv. f.á. var leyft að setja hús þetta þannig, að austurendi bess væri 7.al. fyrir norðan götulinuna, og var þetta samþykkt eftir uppdrætti af húsinu, sem há var framlagður og sýndi tvílyft hús. Byggingarnefndin getur nú ekki áliðið að einlyft hús fari vel á þessum stað og með þessari stefnu, og verður hví að fara fram á, að húsið verði tví - eða tvílyft, ef það á að standa í hinni ákvæðnu stefnu, með hví að nefndin gjörði ráð fyrir, þegar hún samþykkti há stefnu að húsið yrði tvílyft eins og uppdrátturinn sýndi. En vilji beiðendurnir halda fram ósk sinni um einlyfta byggingu, verður nefndin að setja það skilyrði, að húsið verði sett í götulinuna, og sneitt af suðausturhorninu og gengið frá hví að öðru leyfi þannig, að nefndin áliði við unandi.

4. Byggingarnefndin samþykkir að selja Jóhannesi Jónssyni steinsmið lóðarræmu c. 100 ferálnir fyrir austan lóð hans (Lit-luklöpp) gegn 50 aura gjaldi fyrir hverja feralin, Jóhannes, sem var viðstaddir vildi eigi sæta hví verði.

5. Á fundi byggingarnefndarinnar 4. febr. þ.á. var Hjörleifi Þórðarsyni trésmið heimilað til stakkstæðisafnota lóðarræma norðan við fiskgeymsluhús hans austan við Barónsstig, Jóhannes Jósefsson hefur nú kvartað yfir þessari útmælingu, með hví að honum hafi áður verið heimilað þessi lóðarræma til sömu afnota. Við mælingu, sem nefndin hefur nú látið gjöra, hefur það komið í ljós, að áminnst lóðarræma er fólgin 1.útmælingu, sem Jóhannes fékk 16. júní 1900, og verður hví fyr-nefnd útmæling til Hjörleifs Þórðarsonar að falla úr gildi.

6. Magnúsi Benjamínssyni úrsmið leyft að gjöra viðbót við hús sitt við Vallarstræti, 12x9 1/2 al. að stærð.

7. Nic. Bjarnason leyft að reisa hús tvílyft 17x13 al. að stærð á lóð, er hann og P.J.Thorsteinsson kaupmaður hafa keypt af Hannesi bæjarfulltrúa Haflidásyni og liggur að Hverfisgötu. Á efta gólfí hússins á að vera ljósmyndavinnustofa. Lóð er 40x20 al. að stærð.

8. Jóhannes Lárusson fer fram á, að honum verði leyft að leggja saman lóð há við Rauðarárstíg, er hann fékk sér mælda 2. maí 1903, við lóð há, er Erlendi Zakariássyni var mældi s.á. og Erlendur hefur síðan selt Jóhannesi, og gjöra úr þeim eina lóð, svo og að byggja á þeirri lóð heyskúr 10x13 al. að stærð, þannig að húsbyggingarskilyrði á báðum lóðunum væri bar með fullnægt. Með því að síðarnefnd lóðarmæling 7. mars 1903 er fallin úr gildi og lóðin aftur orðin eign bæjarins, getur nefndin eigi samþykkt sameiningu lóðanna þannig að ofangreind húsbygging neigi til að varðveita eignarrétt að þeim, en að því er lóð beiðanda snertir, er mæld var 2. maí 1903, nefndin samþykkir að heyhús það, sem beiðandinn ætlar að byggja komi í staðinn fyrir annað hvort þeirra húsa er leyft var að reisa á lóðum þessum.

9. Guðbrandi Þórðarsyni skósmið leyft að hekka hús sitt við Bergstaðastræti til austurs fram að götulinunni um 6 1/2 al. Húsið er 12 al. á lengd.

10. Guðmundi Magnússyni leyft að reisa íbúðarhús 11x10 al. að stærð með skúr 3x3 1/2 al. á lóð hans nr. 30 við Hverfisgötu. Húsmæling 10.11.1903.

11. Kristjáni Kristjánssyni leyft að gjöra skúr 3x4 al. við smiðahús hans við Grettisgötu.

12. Birni Björnssyni leyft að gjöra skúr 3x5 al. að stærð við hús hans nr. 21 við Njálsgötu.

13. Kristjönu Teitsdóttur leyft að reisa íbúðarhús á lóð sinni við Frakkastíg 11 1/2x10 al. að stærð með 2 skúrum 2 3/4 x3 3/4 al. og 2x2 al.

14. Ástráði Hannessyni leyft að reisa íbúðarhús á lóð sinni við Smiðjustíg 12x11 al. að stærð.

15. Guðmundi Egilssyni leyft að reisa hús á lóð hans við Laugaveg 14 1/2x13 al. að stærð.

16. Samþykkt sú breyting á lóðarmælingu 4. f. m. handa Bjarna Bjarnasyni á Bergi, að 25 al. verði á milli lóðarinnar og lóðar Gísla Magnússonar í Eskihlíð.

17. Samþykkt að Gísli Þorbjarnarson gjöri skúr bak við hús sitt í Bergstaðastræti 5 al. breiða í staðinn fyrir 4 al. Skúrinn er 3 aln. á lengd.

18. Jóni Jónssyni sagnfreðing og Þór. Þorlákssyni málara mælt salernisstæði 4x2 3/4 al. við hús þeirra við Laufásveg.

19. Ákveðið að stefna á suðurgafli samkomuhúss D.Ostlunds
vi Ingólfsstræti skuli vera beint framhald stefnunnar á suð-
urgafli íbúðarhúss hans við Þinghóllsstræti.

20. Samþykkt að selja Olafi Jónssyni (sjá fund 4. f.m.
tölul. 240 lóð, 513 ferálnir að stærð austan við götu há, sem
fyrirhugað er að leggja frá Njálgsgötu suður á Skólavörðustíg,
fyrir 20 aura hverja feralin.

Allir á fundi nema Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. Guðmundur Jak-
obsson. Hannes Haflidason. K. Zimsen.

Ar 1905, þ. 15. apríl átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Var Magnúsi Benjamínssyni /úrsmið leyft að hafa kvist út að Vallarstræti á viðbót þeirri við hús hans, við Veltusund er honum var mæld á fundi l. f.m.

2. Thorvaldsensféluginu leyft sú breyting á húseign þess í Veltusundi, að íbúðin sem nú er á neðra gólfí hússins verði gerð að sölubúð handa Bazar félagsins. Við dýr hússins út að Ausrurstræti var leyft að setja einn tröppustein, sem hó eigi taki lengra fram en 18 þum.,. út á stéttina.

3. Einari Zöega gestgjafa leyft að reisa tvílyft veitingahús á lóð hans við Austurstræti 22x18 al. að stærð með skúr við suðurhlíð 4 1/2x4 al. að stærð.

4. D.Thomsen kaupmanni leyft að reisa slátrunarhús nyrzt á lóð sinni við Hafnarstræti niður við fjöruna, og á húsið að vera 13x16 1/2 al. að stærð. Vesturendi hússins 13x9 3/4 al. á að standa í sundinu austan við kolageymsluhús Thomsens, en austurhluti þess verður vesturendi geymsluhússins, sem nú stendur austan við sundið næst fjörunni, og verður viðbótin með sama byggingarlagi og það geymsluhús, þó svo að fullnægt sé kröfum heilbrigðissamþykktarinnar. Á upprætti yfir húsið, er gjört ráð fyrir að steinlimd gorgryfja, hví sem næst jafn há undirstöðunni gangi norður frá húsinu niður í fjöruna, en á það getur nefndin ekki fallizt, með hví að það bykir ekki fara vel og væri til óprýðis, og áskilur hví að gorgryfjunni verði komið öðruvísi fyrir.

5. Stjórn fríkirkjusafnaðarins leyft að lengja til austurs kirkju safnaðarins í Útnorðurvelli um 15 al. og verður öll viðbótin 15x18 1/2 al. að stærð.

6. Sigurði Kristjánssyni bóksala leyft að setja upp steingirðingu kringum lóð sína við Bankastræti, en þannig að girðing sú, sem nú er með götunni beggja megin við húsið færist inn í götulinuna. Sama manni var leyft að gjöra 2 skúra norðan við íbúðarhúsið 16x6 og 10x4 al. að stærð..

7. Fyrirspurn frá Bjarna Jónssyni trésmið mm það, hvort leyft yrði að reisa hús sunnan við Spitalastíg andspænis suðurenda Ingólfssstrætis, svaraði nefndin svo að það mundi ekki verða bannað, með hví að ekki er meir en hérumbil 60 al. milli Þingholtsstrætis og Grundarstígs, fyrir sunnan Spitalastíg, sem ekki virðist geta komið til mala að leggja framhald Ingólfssstrætis milli þessara gatna.

8. Þórði Thoroddsen bankagjaldkera var leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans við Garðastræti (Helgabæjarlóð). Húsið á að standa með Grjótagötu og væra 15x13 al. að stærð með and-

dyri 4x9 1/2 al. og skúr 4x5 1/2 al. Verði húsið sett á horni milli Garðastrætis og Grjótagötu verður það að vera horn-skakkt til þess að geta fylgt báðum götustefnunum, annars komu gírðing vestan við húsið í stefnunni með Garðastræti.

9. Ólafi Eiríkssyni söðlasmið leyft að reisa tvílyft íbúðarhús áfast austan við íbúðarhús hans nr. 26B við Vesturgötu.

10. Jóni Magnússyni Kaplaskjólsvegi 29 leyft að reisa íbúðarhús á lóð sinni við Holtsgötu 14x12 al. að stærð með 2 skúrum 3 1/2x3 3/4 al. og 2 1/2x3 al. og salerni 2 1/2x2 1/2 al. og ennfremur geymsluskúr 12x10 al. Hús þessi skal setja svo niður, að ekki komi í bága við þvergötu milli Holtsgötu og Frammnnesvegar, sem sennilega verður ákveðin yfir lóðina.

11. Árna Thorlacius búfræðingi leyft að reisa íbúðarhús á Skipholtslóð við Frammnnesveg 12x12 al. að stærð.

12. Jóni Guðmundssyni trésmið leyft að reisa íbúðarhús 13x10 al. að stærð, hey- og geymsluhús 10x12 al. og peningshús 6x12 al. á eign hans sauðagerði við Frammnnesveg.

13. Pétri Þórðarsyni skipstjóra leyft að gjöra viðbót vestan við hús hans 50 A við Vesturgötu, 7x9 al. að stærð.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K.Zimsen.. Hannes Hafliðason.
Kristján Þorgrímsson. Guðmundur Jakobsson.

Ar 1905, þ. 6. maí átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Astráði Hannessyni afgreiðslumanni leyft að reisa í-búðarhús 11x12 al. að stærð með skúr 3 1/2x3 al. á lóð hans við Smiðjustíg.

2. Jóni Jónssyni ökumanni í Sundi leyft að gjöra skúr 5x4 al. við bæ hans.

3. Guðmundi Björnssyni héraðslækni leyft að lengja til suðurs hús hans við Amtmannsstíg útbyggingu vestur úr, og er viðbótin 16 1/2x6 al. að stærð með forðyri 2x3 al.

4. Kristni Jónssyni trésmið útvísad hússtæði á lóð í norð-vesturhorninu milli Grettisgötu og Frakkastígs, aðalhúsið 12x30 al. að stærð með útbygging 8x7 al. vestantil við Grettis-götu og skúr 6x4 áln.

5. Jóni Bjarnasyni verzlunarmanni leyft að gjöra geymslu-hús 8x6 al. að stærð á lóð hans við Grettisgötu bakvið íbúð-arhúsið.

6. Sigurði Guðlaugssyni húsmanni leyft að reisa hús lox 10 al. að stærð með skúr 5 1/2x3 1/2 á lóð hans við Vatnstíg norðan Lindargötu.

7. Gunnari Gunnarssyni kaupmanni útvísad slátrunarhússtæði á Nýjabæjarlóð vestan Klapparstígs. Húsið á að vera 12x14 al. að stærð og standa 10 al. fyrir vestan húsalínuna við Klappar-stíg sunnan við framhald af fyrirhuguðum veki yfir Klappar-lóð.

8. Páli Haflasyni útvísad hússtæði á lóð, er hann hefur keypt vestan við lóðina næst á undan, 11x11 al. að stærð með skúr 6x3 al. Húsið á að standa sunnan við áðurnefndan fyrir-húgaðan veg yfir Klapparlóð.

9. Guðmundi Egilssyni trésmið leyft að reisa hús á lóð hans nr. 38 við Laugaveg 16x14 al. að stærð með skúr 5 1/4x4 1/4 al.

10. Benedikt Stefánssyni kaupmanni leyft að gjöra hesthás á lóð sinni við Laugaveg 3 1/2x5 al. að stærð. Svo var honum leyft að gjöra safngryfju, er fullnægi kröfum heilbrigðis-samþykktarinnar.

11. Torfa Vigfússyni trésmið leyft að gjöra útihús 6x4 al. að stærð á lóð sinni við Grettisgötu.

12. Armanni Jónssyni húsmanni leyft að reisa útbyggingu við austurendann á húsi hans nr. 33 við Hverfisgötu, 8x11 al. að stærð, með heim skilyrðum að vegghæð útbyggingarinnar verði

jafnhá vegghæð hússins, og að reykháfur upp úr henni verði ekki lægri en mænir hússins.

13. Hjörleifi Þórðarsyni synjað um útvísun hússtæðis til lengingar um 20 al. til suðurs á fiskgeymsluhúsi hans austan við Baronsstíg.

14. Jóni Þorsteinssyni Laugavegi 55 synjað um leyfi til að setja dyr á kjallara undir húsi hans þeim megin er veit að götunni.

15. Sesselju Ólafsdóttur leyft að byggja hús á lóð hennar við Skólavörðustíg, (sunnað við Geysi), 11x12 al. að stærð með 2 skúrum 3x3 1/2 og 3 1/2x2 1/2 al.

16. Einari Magnússyni húsmanni á Holtastöðum leyft að reisa hús 9x9 al. að stærð með skúr 2x2 1/2 á lóð hans við Bergstaðastræti.

17. Jóni Sveinssyni trésmið leyft að reisa hús á lóð hans við Templarasund 20x13 al. að stærð.

18. Þorsteini Tómassyni járnsmið leyft að setja 2 kvisti þvert yfir íbúðarhús hans við Lækjargötum.

19. Einari Zöega leyft að reisa íbúðar- og veitingahús 22x18 al. að stærð með uppgönguskúr að sunnanverðu 4x6 al. á lóð hans milli Austurstrætis og Vallarstrætis.

20. Th.Thorsteinsson kaupmanni leyft að stækka fiskgeymslu- hús á Kirkjusandi syðra um 25x10 al.

21. Ámunda Arnasyni kaupmanni leyft að reisa íbúðarhús með sölubú 12x16 al. að stærð á lóð hans við Hverfisgötum.

22. Sveinbirni Jónssyni leyft að gjöra salerni 2x2 al. að stærð við hús hans við Skólavörðustíg.

23. I.G.Halberg gestgjafa leyft að gjöra útidýri ~~xix~~ á hús hans út að Veltusundi.

24. Ákveðin girðing við Laufásveg vestan við lóð Sigurðar kennara Jónssonar, þannig að hún standi í sömu línu og húsastefnan beggja megin.

25. Byggingarnefndin synjaði um að verða við beiðni Gísla Magnússonar í Eskihlíð um lóðarviðbót.

26. Samþykkt var að selja Jónasi H. Jónssyni trésmið lóð- ir norðan við Skólavörðustíg austur og vestan við fyrirhugað- an veg frá Njálsgötum upp á stíginn, fyrir 25 au. hverja feral. Lóðin er c. 40x~~40~~ al. austan við vegginn og vestan við lóð Jóns Sveinssonar (sjá mælingu 27 hér á eftir) 45x40 al. að stærð.

27. Samþykkt að selja Jóni Sveinssyni trésmið lóð við Skólavörðustíg vestan við nýnefndan fyrirhugaðan veg niður á Njálgötu, fyrir 25 aura hverja feralin. Lóðin er c.40x25 al.

28. Ingvari Sveinssyni útvísað hússtæði 9x9 al. að stærð með skúr $2\frac{1}{2} \times 3\frac{1}{2}$ al. á lóð hans við Grettisgötu.

29. Samþykkt að selja Sigurði Jónssyni Grettisgötu 54 lóð há, 25x35 al. við Njálgötu er hann hefur keypt af Magnúsi Guðmundssyni, en er nú fallin aftur til bæjarins, fyrir 20 au. hverja feralin, með tilliti til þess að hann vægna veðrattu og annara afsakanlegra tálmana hefur ekki getað byggt á lóðinni í tæka tíð.

30. Samþykkt sú breyting á húsmæling Árna Hallgrímssonar við Njálgötu, sbr. fund 3. des. f. á. tölul. 11, að skúrinn verði $3\frac{1}{2} \times 1\frac{1}{2}$ al.

31. Mælt með hví að stigi í húsi Einars Pálssonar snikkarar, sem nú er verið að byggja við Lindargötu, megi standa ó-breyttur, þó að hann fullnægi eigi reglum um framstiga, sem hann á að reisa, með hví að frábrigðin eru eigi vajaleg og þau virðast sprottin af afsakanlegum misskilningi en röskun á stiganum mundi valda miklum kostnaði eins og nú er komið bygg- ingunni.

32. Sveini Árnasyni leyft að setja steingirðingu um um lóð sína við Barónsstíg.

33. Guðmundi Ámundasyni leyft að gjöra safngryfju samkvæmt fyrirmælum heilbrigðis ~~samfylktarinnar~~ á lóð sinni við Laugaveg.

34. Samþykkt að selja Ólafi Jónssyni viðbót c. 500 fer- álnir sunnan við lóð há, er honum var sold á fundi 1. f.m., sjá tölul. 20, fyrir 25 aura hverja feralin.

35. Guðjóni Gamalielssyni steinsmið leyft að gera safngryfju samkvæmt fyrirmælum heilbrigðis ~~samfylktarinnar~~ á lóð hans við Bergstaðastræti.

36. Byggingarnefndin er hví samþykk, að horn af lóð Alda- mótagarðsins 30x35 al. verði afsalað Aldamótafelagi Reykjavík- ur ókeypis, eða fyrir verð, sem bæjarstjórnin ákveður.

37. Samþykkt aðskúr við hús Jóns Eyjólfssonar steinsmiðs við Bergstaðastræti verði $4\frac{1}{2} \times 1\frac{1}{2}$ al. (í staðinn fyrir 2×2 al.).

38. Guðmundi Guðmundssyni kaupmanni leyft að reisa hús á lóð sinni í horninu milli Laugavegs og Klapparstígs, $12\frac{1}{2}$ x $11\frac{1}{2}$ al. að stærð, með skúr $4\frac{1}{2} \times 6\frac{1}{2}$. Hlið hússins skal snúa að Laugavegi. Breidd Klapparstígs ákveðin $16\frac{1}{2}$ al.

39. Stefna Skothúsvegar var ákveðin þannig, að norðurbrún vegarins verði bein lína úr suðausturhorni Skothússins í norðurhlíð skotvarðans við Tjörnina. Breidd vegarins ákveðin 20 al.

40. Girðing vestan við barnaskólalóðina ákveðin í beina stefnu norðan frá girðingunni austan við lóð Sig. Thoroddsen kennara.

Allir á fundi, nema Hannes Haflidason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Guðmundur Jakobsson. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen. Tr. Gunnarsson.

Ar 1905, þ. 10. ~~Nóvember~~ ^{mai} var aukafundur haldinn í byggingarnefndinni og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. M. Stephensen frá Viðey leyft að reisa hús 12x12 al. að stærð með skúr 2 1/2x2 1/2 við vœtanlegt framhald Grundarstigs á Valgarðsbæjarlóð, sem hann hefur keypt.

2. Guðmundi Þorsteinssyni trésmið leyft að reisa hús 16x12 al. að stærð með skúr 4x4 al. á lóð hans við Nýlendugötu og lóð, er hann fær keypta af bænum, sbr. fund 19. nóv. f.á.

3. Íslandsbanka leyft að reisa bankahús á lóð hans við Lækjartorg 40 3/4x23 al. og standi húsið eins og ákvæðið var af bæjarstjórninni á fundi 4. þ.m.

4. Jóni Olafssyni ritstjóra, sem er orðinn eigandi að húsinu nr. 5 við Laufásveg leyft að gjöra dyr inn í kjallarann þeim megin, sem veit út að veginum.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Haildór Danielsson. Guðmundur Jakobsson. Tryggvi Gunnarsson. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen. Hannes Haflidason.

Ár 1905, f. 20. maí átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Gunnari Gunnarssyni kaupmanni leyft að leggja þak yfir
sundið milli geymsluhúss hans og sölubúðar Sturlu Jónssonar.
Svæðið er opíð að öðru leyti.
2. Hans Hannessyni pósti útvísad lóð austan við framhald
Barónsstígs í Skólavörðuholti upp af erfðafestulandi hans Norð-
urmýrarbletti nr.2, 35x35 al. að stærð, gegn 25 aura borgun
fyrir hverja feralin. Á lóðinni var honum útvísad byggingar-
stæði undir íbúðarhús llxll al. að stærð með skúr 5 1/2x3 al.
og fjós og heyhús 13x11 al. að stærð.
3. Byggingarfulltrúi skýrði frá, að hann hefði mælt lóð
rá, er Guðmundi Þorsteinssyni trésmið hefur verið seld við
Nýlendugötu sbr. fund 19. nóv. f.á. og 10. h.m., og er lóðin
346 1/2 feralin.
4. Samþykkt að selja Pétri Þórðarsyni lóðarblett vestan
við hús hans við Vesturgötu 8x13 al. að stærð fyrir 25 aura
hverja feral.
5. Með því að virðingar á lóðum austurbæjar hafa hækkað
að miklum mun og eftirspurn eftir heim aukizt eftir að málm-
lög hafa fundizt undir Öskjuhlíðinni, álitur nefndin þetta
ástæðu til að bæjarstjórnin hækki taxta þann er hún hefur sett
á lóðum austan lækarins h.á., og fernefndin því fram á að
henni sé heimilt að setja upp allt að einni krónu fyrir hverja
fgrákin i heim lóðum mismunandi eftir legu og gerðum lóðanna.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Tryggvi Gunnarsson. Guðmundur Jak-
obsson. Kristján Þorgrímsson. Hannes Haflidason. K.Zimsen.

Ar 1905, t.3. júní átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Var D.Thomsen konsúl veitt undanþága frá 19. gr. /bygginnaga
nykktarinnar, að stöplar miili glugga og dyra á suðurhlíð slát-
urshúss hans við Hafnarstræti megi vera 14 þuml. breiðir (í
staðinn fyrir 18 þuml.) Álitur nefndin há breidd nægilega með
því að stöplarnir eru styrktir með járnteinum og styðjast við
milligerðir í húsinu.

2. Ólafi Péturssyni synjað um meðmæli með undanþágu frá
18. gr. samh., þeirri að mega hafa ólistaða veggi undir báru-
jární á húsi því, sem hann er að byggja á lóð sinni við Vest-
urgötu.

3. Bjarna Sæmundssyni adjunkt leyft að gjöra dyr á kjall-
ara undir uppgöngupalli á norðurgaflí húss hans nr. 14 Bing-
holtstræti.

4. Samþykkt að selja Árna Zakariassyni verkstjóra lóðar-
ræmu 38 1/2 feralin vestan við Ingólfssstræti á 55 aura alin.

5. Guðjóni Sigurðssyni úrsmið leyfðar breytingar á húsi
hans nr. 4 við Bókhlöðustig, að taka burtu milligerð yfit hvert
húsið, en setja milligerð eftir því endilöngu, að setja nýja
gólfbita og nýtt gólf í húsið, að nokkru leyti steinsteypt og
útidyr á suðurendann.

6. Lárusi Pálssyni homopath leyft að lengja hús sitt
(10 al. breitt) um 5 al. vestur. Ennfremur var honum leyft
að gjöra útihús á vesturmörkum lóðarinnar 5x18 1/2 al. að stærð,
og skúr á milli íbúðarhússins og útihússins 3x3 al. Óll þessi
hús skulu hafa eldvarnarvegg að vestanverðu.

7. Gísla Þorbjarnarsyni búfræðingi leyft að setja salerni
með lögglegum frágangi í kjallara undir íbúðarhúsi hans við
Bergstaðastræti.

8. Samþykkt að kaupa lóð af Högnar Finnssyni 160 feráln-
ir til breikkunar Bjargarstígs á 25 aura alin.

9. Samþykkt lóðaskipti við Böðvar Oddsson, hann láti
ræmu 5x18 al. til breikkunar Bjargarstígs en fái 6x18 al. af
lóð Nielsínu Hansdóttur nú eign bæjarins, til viðbótar austan
við lóð hans og borgi mismunin með 25 a. fyrir alin.

10. Samþykkt að selja þeim Kristjáni Teitssyni, Sólmundi
Kristjánssyni, Ólafi Teitssyni og Vigfúsi Jósefssyni 6 húslóð-
urs Benediktssonar, og 2 austan frá nyrztu lóðinni með vænt-
anlegri götu þar austur frá Bergstaðastræti. Lóðirnar verða
síðar mældar og seljast fyrir 1 krónu hver feralin.

11. Samþykkt að selja Ásgrími Magnússyni kennara lóðar-
ræmu vestan við lóð hans við Bergstaðastræti, jafnlanga lóð-
inni fyrir 50 a. feralin. Lóðin verður síðar mæld.

12. Samúel Jónssyni trésmið útvísad hússtæði 12x14 al.
með skúr 4x8 al. á lóð hans við Njálsgötu.

13. Samþykkt að traðirnar frá Laugavegi niður að Traðar-
kotslóð leggist við lóð Þorsteins skósmiðs Sigurðssonar í stað-
inn fyrir lóð er hann leggur til undir veg austan við hús sitt
frá Laugavegi niður á Hverfisgötu. En lóðarhorn (Þrihyrningur)
vestan við hann veg norðan við lóð Þorsteins leggist við Trað-
arkotslóð, sem nú er eign Péturs Brynjólfssonar ljósmyndara,
fyrir 50 aura borgun hverja feralin.

14. Benedikt Jóhannessyni leyft að reisa hús 9x10 al.
að stærð með skúr 4x2 1/2 al. á lóð við Frakkastíg, sem hann
hefur keypt af Guðjóni Gíslasyni skósmið. Lóðin er 20x22 al.

15. Jóhannes Í Láruðssyni trésmið leyft að reðsa hús 20x13
al. að stærð með skúr 3 3/4x2 3/4 al. á lóð hans við Laugaveg.

16. Eigendur lóðanna 67, 69, 71, og 73 norðan við Lauga-
veg fara fram á, að heim verði afsöluð ræma, sem er óútvísud
norðan við lóðir þeira norðan að lóðunum við Hverfisgötu.
Nefndin getur ekki fallizt á að afhenda þessa lóðarræmu, með
því að hana verður að nota til skipta við lóðareigendur við
Hverfisgötuna, sem á sínum tíma verða að láta bænum eftir
renninga norðan af lóðum sínum til breikkunar götunni. En
með því að nokkuð af fyrnefndum lóðum við Laugaveg ná 28 al.
norður frá veginum, en nokkrar aðeins 25 al., samþykkti nefnd-
in að bæta við síðarnefndar lóðir svo að þær nái jafnlant hin-
um norður, gegn 50 aura borgun fyrir hverja feralin.

17. Einari Sveinssyni og Helga Helgasyni leyft að setja
dyr á kjallara á húsi þeirra við Hverfisgötu, þangað til gang-
stétt verður sett þeim megin í götunni, þeim var og leyft að
setja upp sölubúð í kjallarann.

18. J.E.Jensen bakara leyft að reisa hús 20x12 al. með
skúr 8x4 al. að stærð á lóð hans við Hverfisgötu.

19. Jóni Jónssyni dyraverði Lindargötu 8 leyfð sú breytting
á þeirri lóð, að húsið verði 9x12 al. að stærð (í stað 9x11 al.)

20. Jóni Jónssyni afgreiðslumanni leyft að gjöra skúr
5x8 al. að stærð á lóð hans við Lindargötu.

21. Þorsteini Þorsteinssyni skipstjóra leyft að reisa
timburgeymsluhús á lóð hans milli Lindargötu og Frakkastigs,
20x30 al. að stærð.

22. Sama manni leyft að lækka gólfíð í vestra húsi hans við Lindargötu og setja þar upp sölubúð.

23. Samþykkt að selja H.J.Bartels verzlunarstjóra baklóð norðan við Hverfisgötu 875 al. að stærð fyrir 50 aura feral.

24. Samþykkt að selja Guðm. Guðmundssyni fyrv. fátækrafulltrúa við Grettisgötu efri hlutann af gangstignum frá Laugavegi upp að húsi hans, niður að girðingarhlíði Helga Jósefssonar. Lóðarsneiðin er 105 ferálnir og seld á 50 aura hver.

25. Arna Sæmundssyni leyft að gjöra salerni 1 1/2x1 1/2 al. á lóð hans við Grettisgötu.

26. Var ákveðin breidd á Barónsstíg. Með því að vegur þessi er tiltölulega hallalitill, og þykir vel til þess fallinu að verða með tímanum aðalvegur umhverfis bæinn, komzt meiri hluti nefndarinnar að þeirri niðurstöðu, að ákveða breidd vegarins 40 al.

27. Samþykkt að selja Guðmundi héraðslækni Björnssyni og Sigvalda trésmið Bjarnasyni húslóð að að austanverðu við Barónsstíg í horninu sunnan við Laugaveg og aðra húslóð suðurfrá hinni fram með Barónstíg að austanverðu. Verð á lóðum þessum er sett 1 kr. fyrir feralin. Þær verða mældar síðar.

28. Guðmundi Jafetssyni leyft að reisa peningshús með heyhlöðu 10 1/2x9 al. að stærð í erfðafestulandi hans Norðurmýrabletti nr. 20.

29. Samþykkt að selja Sveini Jónssyni trésmið húslóð austan við Barónsstíg norðan við væntanlegan veg næst fyrir sunnan Njálsgötu og samsíða henni. Verð lóðarinnar er ákveðið 1 kr. fyrir feralin, og verður hún síðar mæld.

30. Ásgeiri Sigurðssyni leyft að byggja upp aftur afgreiðsluhús og skúr, er brann í vetur á Sjáfarborgarlóð, á sama stað og með sömu stærð sem áður, aðalhúsið 25x12 al. að stærð, og skúrinn 5x8 al.

31. Eyjólfi Teitssyni synjað um húslóð sunnan við Oskjuhlíðarveg.

32. Erindi frá Eyjólfi Ófægssyni, Guðmundi Einarssyni og Benedikt Stefánssyni um leigu eða kaup á landspildu við sjóinn vestur frá Fúlutjörn til fiskverkunar, hefur þejarstjórnin vísað til byggingarnefndarinnar álita. Nefndinni þykir rétt að beiðendum verði leigð landspilden um 20 ára tíma, segn 75 kr. árs leigu í bæjarsjóð.

33. Páli Guðmundssyni trésmið leyft að stækka skúr við hús hans á Efri-Vegamótum, svo að hann verði 4x4 1/2 al. (áður 4x3 1/2 al.).

34. Knud Zimsen ingeniör leyft að byggja á lóð sinni við Skólastræti, 1.) frammhús sem veit norður að Lækjargötu 20x15 1/4 al. að stærð með fordyri 3x3 3/4 al., 2.) millihús 7 3/4x9 1/4 al. að stærð með inngönguskúr 2 1/2x2 1/2 al. og 3.) bakhús við Skólastræti 26x7 3/4 al. að stærð.

35. Samþykkt að selja Gísla Magnússyni í Hlíð lóðarrenning vestan við lóð hans jafnlangt austur og hinar útvísuðu lóðir norðan við Oskjuhlíðarveginn. Viðbótin er 225 férínir, og seld á 25 aura hver feralin.

36. Guðmundi Jakobssyni trésmið leyft að gjöra sölubúð í kjallara í húsi hans nr. 79 við Laugaveg.

37. Byggingarnefndin hefur athugað og mælt lóð þá upp af Kirkjusandi syðri, er Th. Thorsteinsson kaupmaður hefur tekið til afnota útvísunarlaust, og mælist lóðin 1980 ferfaðmar. Nefndin leggur til að Thorsteinsen verði heimiluð leiga á þessari lóð, það sem eftir er af leigutíma hans á Kirkjusandi, gegn 130 kr. ársleigu í þejasjóð.

38. Nefndin athugaði um enn vegarstæði frá Laufásvegi niður Fríkirkjunni og er enn sem áður á þeirri skoðun, að vegurinn eigi að liggja niður með lóð Sig. Thoroddsen kennara niður að Fríkirkjuhúnni, en gerir ráð fyrir að Fríkirkjan haldi sjálf veginum áfram yfir sína lóð. -

Allir á Fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K.Zimsen. Guðmundur Jakobsson.
Kristján Þorgrímsson. Tryggvi Gunnarsson. Hannes Haflidason.

Ar 1905, þ. 17. júni átti byggingarnefndin fund með sér,
og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Jes Zimsen kaupmanni leyft að stækka bryggjuhús hans
austur eftir og gjöra það brílyft c. tæpar 14 al. veggheð.

2. Gísela Finnssyni járnsmið leyft að reisa hús 20x12 al.
að stærð með járnsteypuefní á lóð hans austanvert við gömlu
bræðsluhúsin.

3. H.P.Duus leyft að setja dyr á vesturgafli vörugeymslu-
húss, sem verið er að reisa á lóð hans við Vesturgötu, en þær
dyr voru eigi sýndar á teikningu yfir húsið, er nefndin hefur
